

Ríkið eigi að mæta tekjutapi með veggjöldum

Ráðgjafi hjá Parallel Ráðgjöf segir afslátt af virðisaukaskatti á hreinorkubíla búa til gat í fjárlögum sem þurfi að fylla. Veggjöld séu þar nærtækasta leiðin en það geti reynst pólitískt erfitt og óvinsælt.

SAMGÖNGUR Afsláttur af virðisaukaskatti á hreinorkubíla leiddi til þess að ríkið varð af um 2,6 milljarða króna skatttekjum í fyrra. Jökull Sólberg, ráðgjafi hjá Parallel Ráðgjöf, segir þetta skilja eftir gat í fjárlögum. Ríkið sé þannig í verri stöðu til að uppfylla samgöngusáttmálann sem undirritaður var á síðasta ári.

„Ríkið þarf að fjármagna sáttmálann samfara orkuskiptunum. Við erum þegar komin með gullrótina en við þurfum þrik á móti,“ segir Jökull. Veggjöld séu nærtækasta leiðin til að vega upp á móti tekjutapinu. Það verði bæði erfitt og óvinsælt pólitískt að koma þeim á.

Tekjutapið vegna umræddra afslátta nam um þremur milljörðum króna árið 2018. Afsláttirnir eru stærsta aðgerð stjórnvalda vegna orkuskipta í samgöngum.

Hrun varð í sölu á nýjum bílum á síðasta ári en þá voru þeir um 13.600 talsins miðað við 21.200 árið 2018 og 25.800 árið 2017.

Aðspurður segist Jökull ekki bjartsýnn á að orkuskiptum ljúki í bráð. Hlutfall hreinorkubíla fari vissulega vaxandi en það gerist hægt. Á síðasta ári voru 78 prósent nýskráðra bíla ekki knúin af hreinorku.

„Þessir bílar verða enn þá á götunum eftir 20 ár,“ segir Jökull. Ætli Íslendingar að standa við loftslags-

2,6

milljörðum varð ríkissjóður af í fyrra vegna skattaafslátta af hreinorkubílum.

» Hreinorkubílar voru um 22 prósent nýskráðra bíla á síðasta ári. Aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum gerir ráð fyrir að nýskráningar bíla sem ganga eingöngu fyrir jarðefnaeldsneyti verði bannaðar 2030.

lagsskuldbindingar sínar þurfi að banna nýskráningar sprengihreyfilsbíla nema í undantekningartilvikum.

Aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum gerir ráð fyrir því að nýskráningar bíla sem ganga eingöngu fyrir jarðefnaeldsneyti verði bannaðar árið 2030. Hreinorkubílar eru í dag rúm sex prósent fólksbílaflotans en hreinorkubílar eru um 45 prósent nýskráðra fólksbíla það sem af er þessu ári. – khg / sjá síðu 4

Þorleifur Örn Arnarsson til liðs við Þjóðleikhúsið

MENNING Þorleifur Örn Arnarsson leikstjóri mun setja upp eina sýningu í Þjóðleikhúsinu á hverju leikári næstu árin. Einnig mun hann vinna með leikhúsinu að því að efla alþjóðlegt samstarf og veita listræna ráðgjöf. Þorleifur gegnir nú stöðu yfirmanns leiklistarmála hjá Volkshne, hinu virta leikhúsi í Berlín.

Hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir störf sín í leikhúsi og var árið 2018 útnefndur leikstjóri ársins í Þýskalandi fyrir Die Edda.

Þorleifur mun leikstýra við erlend



Þorleifur Örn Arnarsson, leikstjóri.

leikhús samhlíða því að leikstýra fyrir Þjóðleikhúsið. Fyrsta frumsýning hans verður á næsta leikári, þar er um að ræða nýja leikgerð hans á Rómeó og Júlíu eftir William Shakespeare. – kb



Guðni Th. Jóhannesson, forseti lýðveldisins, fékk í gær afhenta fyrstu Mottumars-sökkana sem Gunnar Hilmarsson hannaði. Dóttir hönnuðarins, Isabel Mía, fékk þann heiður að afhenda sökkana. Á Mottumars verður nú lögð sérstök áhersla á mikilvægi hreyfingar sem forvarnar gegn krabbameinum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

OUTLANDER PHEV
ALLTAF JAFN
VINSÆLASTUR




Verð frá
4.690.000 kr.

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · Mitsubishi.is



MITSUBISHI
MOTORS
Drive your Ambition

Veður



Austan 15-23 m/s, hvassast suðaustanlands og snjócoma eða slydda á austanverðu landinu, en dálítill el vestan til. Dregur heldur úr frosti. **SJÁ SÍÐU 16**



Ragna, Dýrfinna og Hildur baksviðs. MYND/ARNAR EGGERT THORODDSEN

Sigurgangan heldur enn áfram hjá Hildi

MENNING Hildur Guðnadóttir hlaut í gær Norrænu tónlistarverðlaunin, Nordic Music Prize, en ásamt Hildi voru Cell7 (Ragna Kjartansdóttir) og Countess Malaise (Dýrfinna Benita), tilnefndar til verðlaunanna. Stofnað var til verðlaunanna fyrir tíu árum og eru þau undir hatti by:Larm-tónlistarháttidarinnar í Ósló.

„Stemningin var bara frábær,“ segir Arnar Eggert Thoroddsen, aðjunkt við Háskóla Íslands, en hann sat í dómnefndinni fyrir hönd Íslands. „Við hittumst hérna baksviðs, ég, Hildur, Cell7 og Countess, og þetta var bara geðveik stemning hjá okkur Íslendingunum. Þetta var bara eins og að vinna einhvern handboltaleik.“

Frá því að verðlaunin voru fyrst afhent 2010 höfðu Íslendingar einu sinni áður unnið til verðlaunanna en það var Jónsi með plötuna Go sem hlaut verðlaunin í fyrsta skiptið. Alls voru tólf tilnefndir í ár en það var tónlist Hildar úr sjónvarpsþáttunum Chernobyl sem hreppi að lokum verðlaunin.

„Þetta er alveg sémilega stórt dæmi hérna á Norðurlöndunum og Hildur mætir, ásamt Cell7 og Countess Malaise, og bara vinnur,“ segir Arnar en hann verður áfram á háttíðinni í Ósló fram á laugardag. „Íslendingar voru með þrjá tilnefnda, Svíar voru bara með tvo. Svo voru þetta allt konur, þetta er bara geðveikt „power“ og maður er bara svo rosalega stoltur og hamingjusamur út af þessu öllu saman.“ – fbl

Önnur vika verkfalls



Verkfall sorphirðufólks hjá Reykjavíkurborg sem nú hefur staðið frá byrjun síðustu viku er farið að hafa mikil áhrif á heimilum höfuðborgarbúa. Einhverjir bregða nú á það ráð að fara sjálfir með rusl á gámastöðvar Sorpu en þessi mynd var tekin í Ánanaustum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Taka á ofbeldi meðal unglinga

KÓPAVOGUR Bæjarráð Kópavogs samþykkti í gær að undirbúa átak gegn einelti og ofbeldi ungmenna. Tilfnið er nýleg frétt af hrottalegri árás gegn fjórtán ára pilti í bænum.

„Óskað er eftir greiningu á því hvernig tekið er á eineltis- og ofbeldismálum meðal ungmenna, hvort til staðar sé samræmd áætlun milli skóla og hvernig málum er háttað þegar ofbeldi á sér stað utan skóla, með hugsanlegri endurskoðun á viðbragðsáætlunum í huga,“ segir í tillögu bæjarfulltrúa Pírata.

Vegna fréttu af vinnubrögðum lögreglu í máli piltinsins var óskað eftir því að fulltrúi lögreglunnar tæki þátt í umræðum í bæjarráðinu um verklag varðandi ofbeldi og mismunum meðal ungmenna og komu tveir lögregluþjónar til fundarins. – gar

Forlata skilti Dimmu fannst í brunarústum

Nýtt skilti hljómsveitarinnar Dimmu brann í eldsvoða í Vélsmiðjunni Hamri í síðustu viku. Meðlimir hljómsveitarinnar töldu að skiltið væri glatað en fyrir kraftaverk fannst gripurinn undir braki eftir að slökkvistarfi lauk.

EUROVISION „Við vorum búnir að afskrifa skiltið eftir þennan hræðilega bruna. Það kom okkur því í opna skjöldu þegar vinir okkar hjá Hamri kláruðu verkið um leið og þeir voru búnir að koma starfsemi aftur í gang,“ segir Stefán Jakobsson, söngvari Dimmu.

Mikið og gott vinasamband er milli hljómsveitarinnar og forsvarsmanna vélsmiðjunnar. „Það er eitthvað sem hefur þróast í gegnum árin. Við höfum haldið tvenna eftirminnilega tónleika hjá fyrirtækinu, einmitt í húsnæðinu sem varð eldinum að bráð. Samskiptin hafa í raun þróast út í vináttu,“ segir Stefán. Hamarsmenn hafi hjálpað sveitinni með ýmislegt í gegnum tíðina. Meðal annars smíðað forlata stand undir hljóðnema Stefáns sem söngvarinn notar við hvert tækifæri.

Í kjölfar þess að Dimma komst áfram á lokakvöldi Söngvakeppninnar hafi komið upp hugmynd um að gera atriðið enn tilkomumeira. Þá hafi ekki annað komið til greina en að heyra í vinum hljómsveitarinnar í Hamri. „Þeir gripu þetta á lofti og tóku að sér alla hönnun og smíði skiltisins. Við höfum ekki nema óljósa hugmynd um hvernig þetta mun líta út en treystum þessum vinum okkar fyllilega,“ segir Stefán.


Daginn áður en bruninn átti sér stað var unnið við að skera skiltið út og síðan átti að finnúsa verkið næstu daga. „Það var því mikið áfall að heyra um brunann hjá fyrirtækinu og blessað skiltið skipti



Dimma við skiltið sem mun njóta sín á lokakvöldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Við höfum haldið tvenna eftirminnilega tónleika hjá fyrirtækinu, einmitt í húsnæðinu sem varð eldinum að bráð. Samskiptin hafa í raun þróast út í vináttu.

Stefán Jakobsson, söngvari Dimmu



litlu máli í því samhengi. Hugur okkar var hjá þessum félögum okkar og maður vonaði að tjónið yrði sem allra minnst,“ segir Stefán.

Það hafi því komið Dimmu mönnum í opna skjöldu þegar þeir fréttu að skiltið hefði fundist í brunarústunum. „Við höldum að þeir hefðu um margt annað hugsa en að græja þetta fyrir okkur. En við fengum bara þau skilaboð að hjá Hamri væri forgangsröðunin á hreinu. Nokkrum dögum síðar var skiltið klárt og það í tæka tíð fyrir stóra daginn,“ segir Stefán fullur þakklætis. bjornth@frettabladid.is

STÓR HUMAR

HUMARSÚPA

OPIÐ LAUGARDAG 10-15

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 555 2800



Til hamingju með

NÝTT HJÚKRUNARHEIMILI

Hrafnistu við Sléttuveg



Nýtt hjúkrunarheimili Hrafnistu við Sléttuveg í Reykjavík er samstarfsverkefni Sjómannadagsráðs, Hrafnistu, heilbrigðisráðuneytis og Reykjavíkurborgar.

Stoltir hönnuðir og byggingaverktakar óska eigendum, starfsfólki og íbúum til hamingju með fallega byggingu, með þakklæti fyrir samstarfið.

Almenningi er velkomið að koma og skoða hjúkrunarheimilið föstudaginn 28. febrúar frá kl. 16-18.



SJÓMANNADAGSRÁÐ
Höfuðborgarsvæðisins



HRAFNISTA



Reykjavíkurborg



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið



Eftirfarandi hönnuðir og byggingaverktakar komu að byggingu nýs hjúkrunarheimilis Hrafnistu:

Hæstiréttur fjallar um mannréttindi og sjálfstæði sveitarfélaga

DÓMSMÁL Hæstiréttur mun dæma um hvort og að hvaða marki sveitarfélögum sé heimilt að skerða fjárhagsaðstoð til einstaklinga vegna tekna maka þeirra. Ákvörðun réttarins var birt á vef Hæstaréttar í gær en með henni var fallist á beiðni einstaklings um endurskoðun á dómi Landsréttar frá 19. desember síðastliðnum þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Reykjavíkurborg hefði verið

heimilt að skerða fjárhagsaðstoð til einstaklings á grundvelli tekna maka hans.

Málið skírskotar til tuttugu ára gamals dóms Hæstaréttar í Öryrkjabandalagsmálinu svokallaða sem fjallaði um stjórnarskrávarinn rétt þeirra sem höllustum fæti standa í samfélaginu til framfærslu og félagslegrar aðstoðar. Með tímamótaniðurstöðu taldi rétturinn að þrátt fyrir að það gæti



Daniel Ísearn Ágústsson hrl. er lögmaður stefnanda málsins.

átt við málefnaleg rök að styðjast að greiðslur til einstaklinga tækju nokkurt mið af tekjum framfærsluskylds maka mætti slík tekjuteng-

ing ekki skerða lágmarksréttindi þau sem tryggð eru í stjórnarskránni.

Dómur Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalagsins tók fyrst og fremst til laga um almannatryggingar og fjallaði um heimild lögjafans til að skerða örorkubætur á grundvelli tekna maka. Það mál sem rétturinn hefur nú fallist á að taka til umfjöllunar varðar hins vegar fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

en þeim hefur verið veitt ákveðið frelsi og sjálfstæði um tilhögum slíkrar aðstoðar með vísan til ákvæðis stjórnarskrárinnar um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga.

Hið nýja fordæmi sem Hæstiréttur boðar mun því fjalla um tvö ákvæði stjórnarskrárinnar; annars vegar um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og hins vegar um lágmarksréttindi einstaklinga til félagslegrar aðstoðar. – aa



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Danskur fréttastjóri greinist með COVID-19 Fyrsta tilfellið af kórónaveirusmiti hefur verið staðfest í Danmörku. Um er að ræða fréttastjóra hjá sjónvarpsstöðinni TV2.

2 Farþegar biða brottfarar í sex flugvélum vegna afsingar Brottförum frá Keflavíkurflugvelli seinkaði vegna afsingar. Sex vélar biðu brottfarar.

3 Starfsmaður Fossvogsskóla í heimasóttkvi Starfsmaðurinn hyggst vera í tveggja vikna sóttkvi eftir dvöl á svæði þar sem tilfelli af kórónaveirunni hafa komið upp.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

LEIÐRÉTTINGAR

Í Fréttablaðinu í gær var missagt að Ragnar Bjarnason heitinn hefði átt þrjú börn með Helle Birthe Bjarnason, eftirlifandi eiginkonu sinni. Hið rétta er að barn þeirra er Henry Lárus. Ragnar átti tvö börn úr fyrra hjónabandi með Gerði Ólafsdóttur. Þau eru Bjarni Ómar og Kristjana. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að 57 karlar hefðu starfað sem leikarar í Borgarleikhúsinu árið 2019 og 27 konur. Rétt er að í leikhúsinu störfuðu 29 karlar sem leikarar og 25 konur. Þá leikstýrðu fimm konur þar verkum en ekki þrjár.

Urðu af 2,6 milljarða tekjum vegna afsláttá á hreinorkubíla

Ráðgjafi segir að fylla þurfi gatið í fjárlögum sem skattaafslættir af hreinorkubílum valdi til að hægt sé að uppfylla samgöngusáttmálann sem skrifað var undir á síðasta ári. Veggjöld séu þar nærtækasta lausnin. Um 78 prósent nýskráðra bíla á síðasta ári voru oliuknúin og bilaflotinn endurnýjast of hægt.

SAMGÖNGUR Ríkið varð af 2,6 milljarða króna skatttekjum árið 2019 vegna afsláttar virðisaukaskatts á hreinorkubíla. Er þetta í fyrsta skipti sem nýskráningum slíkra bíla fækkar, en árið 2018 varð ríkið af rúmum þremur milljörðum.

Afsláttur af virðisaukaskatti er stærsta aðgerð stjórnvalda í orkuskiptum á bilafлотanum. Sams konar afsláttur á við um rafhjól frá árinu 2020. Jökull Sólberg, ráðgjafi hjá Parralel Ráðgjöf, segir að þessir afslættir skilji eftir stórt gat í fjárlögum og ríkið sé verr í stakk búið til að uppfylla samgöngusáttmálann frá 2019. Verið sé að veita afslátt af bílum en á sama tíma að reyna að vinda ofan af bílaumferðinni. Telur Jökull veggjöld nærtækustu lausnina.


„Ríkið þarf að fjármagna sáttmálann samfara orkuskiptunum. Við erum þegar komin með gulrótina en við þurfum prik á móti,“ segir Jökull en segir jafnframt að það að koma veggjöldum á sé pólitískt mjög erfitt og óvinsælt. „Gulrætur eru vinsælar, en ekki prikin.“

Sveiflur í kaupum á nýjum bílum eru gríðarlega miklar á Íslandi og árið 2019 varð algert hrun. Um 13.600 nýir bílar seldust þá, miðað við 21.200 árið 2018 og 25.800 árið 2017. Þegar íslenskar tölur eru bornar saman við Evrópusambands- og EFTA-löndin er munurinn í tugprósentum talinn flest öll ár, hvort sem er fjölgun nýskráninga eða fækkun. Jökull telur að smæð markaðarins eigi þar stóran þátt en líka hversu stór breyta billinn er í efnahag Íslands. „Við flytjum út fisk og ál og



Hreinorkubílar voru 22 prósent nýskráðra bíla í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýskráningar á umhverfisvænum bílum



Jökull Sólberg.

flytjum bíla inn í staðinn. Bílar eru mjög stór hluti af efnahagnum og eignum fólks,“ segir hann.

Jökull segir að sú mikla aukning sem varð í sölu árið 2015 til 2017 og hrundi 2018 og 2019 segi til um efnahaginn en einnig að endurnýjanir hjá bilaleigum geti haft sitt að segja. „Þegar efnahagurinn kólnar er endurnýjun bíla eitt það fyrsta sem gefur eftir. Fólk keyrir frekar áfram á eldri bílum og notar verkstæðin í staðinn fyrir að farga,“ segir hann.

Aðspurður hvenær orkuskiptunum ljúki segist Jökull ekki bjartsýnn á að það verði í bráð. „Samgöngustofa hefur ekki tekið þetta saman en í tölum frá Finnlandi sjáum við að meðalaldur bíla sem er fargað þar er 21 ár,“ segir hann. Þó að hlutfall hreinorkubíla fari vaxandi þá gerist þetta hægt og á síðasta ári voru 78 prósent nýskráðra bíla ekki knúin af hreinorku. „Þessir bílar verða enn á götunni eftir 20 ár. Bílar endast mjög lengi og flotinn er að breytast mjög hægt. Við þurfum að fara að banna nýskráningar á sprengihreyfilsbílum nema í einhverjum undantekningartilfellum ef við ætlum að standa við loftslagskuldbindingar okkar.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna ferðamanna mun hærri en tekjurnar

REYKJAVÍK Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna móttöku ferðamanna er langtum hærri en tekjurnar samkvæmt niðurstöðum ábatagreiningar sem starfshópur Reykjavíkurborgar um mótun ferðastefnu lét framkvæma.

Greiningin var kynnt í borgarráði í gær og þar kemur fram að árið 2018 hafi beinar og óbeinar tekjur borgarinnar af ferðabjónustu numið tæpum 10,5 milljörðum króna en kostnaður rúmum 18,7 milljörðum. Kostnaður umfram tekjur var því rúmlega 8,3 milljarðar.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs og formaður starfshópsins, segir borgina ekki líta á kostnað umfram tekjur sem tap en að niðurstaða greiningarinnar sé sláandi. „Við sem erum að reka sveitarfélögin vitum að við erum ekki að fá miklar tekjur af ferðamönnum,“ segir hún.

Eðlilegra væri að sveitarfélagið fengi til sín stærri hlutdeild af tekjunum.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs



„Þó svo að sveitarfélögin séu pakkfull af fólki þá renna litlar tekjur til sveitarfélaganna. Bæði virðisaukaskattur og gistináttagjald rennur til ríkisins,“ segir Þórdís Lóa.

Þær tekjur sem í greiningunni teljast sem beinar tekjur til borgarinnar eru fasteignagjöld fyrirtækja, aðgangseyrir í sundlaugar og á listasöfn og tekjur Höfuðborgar-

stofu. Óbeinar tekjur eru útsvar og fasteignagjöld þeirra starfsmanna sem sinna ferðabjónustu. Þá telst rekstur Höfuðborgarstofu og styrkveitingar sem beinn kostnaður. „Óbeinn kostnaður er svo kostnaður við grunnþjónustu þeirra starfsmanna sem bætast í borgina með fjölgun ferðamanna, svo sem vegna skóla og leikskóla,“ segir Þórdís.

„Samband sveitarfélaga hefur unnið að því að gistináttagjaldið fari til sveitarfélaganna og það er inni í ríkisstjórnarsáttmálanum en það virðist enginn vera að flyta sér og við viljum bara benda á það augljósa í þessu,“ segir hún.

„Þó að þessi mikli kostnaður fylgi ferðabjónustunni er hún vel þess virði en eðlilegra væri að sveitarfélagið fengi til sín stærri hlutdeild af tekjunum sem ferðamaðurinn býr til,“ segir Þórdís Lóa. – bj

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

Björnsbakari
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

Meira föstudags

Tilboð



Ítalía hvítlauksolía

549 kr/stk

Wewalka pizzadeig

199 kr/stk

Verð áður 299 kr/stk

Contadina pizzasósa

299 kr/stk

Verð áður 349 kr/stk

Tilboð gilda út 1. mars

Tilboð



Hatting pizzabotnar

339 kr/stk

Verð áður 419 kr/stk

20%
afsláttur



Ferskar pizzur tilbúnar beint í ofninn
í 8 mínútur á 220°C

verð nú frá 1.359 kr/stk

verð áður frá 1.699 kr/stk



Rífinn Västerbotten ostur
frábær á pizzuna

599 kr/stk



Baileys Lavacake

699 kr/stk



Toblerone-, Maltasers-og
Snickers ís

Verð frá 599 kr/stk

Tilboð



Kristall mexíkó-límónubragð
í dós 500 ml

79 kr/stk

Verð áður 109 kr/stk

HAGKAUP



Mosfellsbær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afturelding setji ekki upp auglýsingaskjái

MOSFELLSBÆR Framkvæmdastjóri umhverfissviðs Mosfellsbæjar mælir gegn því að Afturelding fái að setja upp auglýsingaskjái á mótum Skarhólabrautar og Vesturlandsvegur þar sem keyrt er inn í Mosfellsbær.

» Háreist auglýsingaskilti á þessum stað munu skyggja á Lágafellskirkju og Litlaskóg.

„Háreist auglýsingaskilti á þessum stað munu þannig skyggja á Lágafellskirkju og Litlaskóg, fallega jólaútsýningu í kirkjugarðinum og jólatré Hlíðartúnshverfisins. Þá valda LED-skilti oft mikilli glýju í augum vegfarenda vegna hásbirtustigs sem getur haft áhrif á umferðaröruggi,“ segir framkvæmdastjórinn sem kveður skiltin munu verða „á skjön við þá ámynd sem Mosfellsbær hefur verið að vinna að sem heilsueflandi útivistarþættur með fallegu umhverfi og náttúru“. Bæjarráð frestaði afgreiðslu málsins í gær. – gar

Sóttthreinsað í Seúl



Sérfræðingar íklæddir hlífðarbúnaði frá toppi til tær sóttthreinsuðu almenningsstaði í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, í gær með það að markmiði að reyna að hemja útbreiðslu COVID-19 veirunnar. Þarlend stjórnvöld hafa gefið út hæsta viðbúnaðarstig í landinu vegna veirunnar en þar greindust tæplega 350 ný smit í gær og eru nú um 1.600 manns smitaðir af COVID-19 í landinu. NORDICPHOTOS/GETTY

KRONAN

Mmm ... mangó best núna!

Krónan mælir með!

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Smituðum fjölgar enn ört í norðurhluta Ítalíu

Alls hafa 650 tilfelli kórónaveirunnar COVID-19 greint á Ítalíu. Sautján einstaklingar hafa látist í landinu. Ferðaskrifstofan VITA hefur fellt niður borgarferð um næstu helgi til Veróna og sóttvarnalæknir hefur ráðlagt gegn óþarfa ferðum Íslendinga til landsins.

ÍTALÍA Um 650 tilfelli kórónaveirusmits hafa nú greint á Ítalíu. Mikil aukning er á fjölda skráðra tilfella milli daga en í gær voru um 400 einstaklingar smitaðir. Alls hafa 17 einstaklingar látið lífið í landinu.


Fjöldi tilfella á Ítalíu er orðinn sá langmesti í Evrópu og hafa yfirvöld í landinu kynnt mögulegar aðgerðir til að reyna að stöðva útbreiðslu veirunnar. Enn er óljóst hvernig veiran barst til landsins.

Héröðin þar sem smithætta er talin mest eru Lombardía og Venetó í norðurhluta landsins. Ellefu smábæjum innan þeirra hefur verið lokað og geta yfir fimmtíu þúsund íbúar ekki farið neitt án leyfis frá yfirvöldum.

Mörg fyrirtæki og skólar hafa einnig lagt niður starfsemi og íþróttaviðburðum hefur verið aflýst – þar á meðal nokkrum fótboltaleikjum í efstu deild.

Þá hafa Austurríki, Króatía, Sviss og Spánn rakið fyrstu tilfelli smits til Ítalíu. Seint í gærkvöldi var síðan tilkynnt um að fyrsta tilvikid hefði greint á Norður-Írlandi og var það smit rakið til Norður-Ítalíu.

Fjöldi tilfella í Evrópu



Heimild: Skýrsla WHO frá 26. febrúar 2020

650

tilfelli kórónaveirunnar hafa nú greint á Ítalíu.

Sóttvarnalæknir hefur ráðlagt gegn óþarfa ferðum Íslendinga til Norður-Ítalíu og ítrustu varúðar skuli gætt þegar ferðast er til annarra hluta landsins. Þrátt fyrir heimildir til þess að takmarka ferðir inn á smitsvæði telur sóttvarnalæknir ekki ástæðu til, enn sem komið er, að gripa til slíkra úrræða.

Það hafa þó einkaaðilar gert að sjálfsdáðum. Ferðaskrifstofan

» Alls hafa 17 einstaklingar látið lífið í landinu.

VITA hefur fellt niður borgarferð um næstu helgi til Veróna.

Yfirvöld á Bretlandi segja að allir sem hafi og muni snúa aftur frá bæjunum Codogno, Castiglione d'Adda, Casalpusterlengo, Fombio, Maleo, Somaglia, Bertonico, Terranova dei Passerini, Castelgerundo og San Fiorano og Vo Euganeo frá og með 19. febrúar skuli hafa samband við heilbrigðisyfirvöld, halda sig innan-dyra og forðast snertingu við annað fólk, jafnvel þó að þeir sýni ekki ein-kenni um sýkingu.

arnartomas@frettabladid.is



SUBARU

Confidence in Motion



RAFMAGNIÐ ER KOMIÐ Í SUBARU

ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA!

Ný kynslóð Subaru Forester er nú í fyrsta sinn búin nútíma raftækni sem kallast e-BOXER HYBRID. Í henni sameinast kostir þverliggjandi BOXER-vélar með einstaklega lágan þyngdarpunkt og rafmótors sem á hljóðlátan hátt sparar eldsneyti, eykur afl og minnkar CO₂ útblástur.

NÝR SUBARU FORESTER e-BOXER HYBRID

SUBARU FORESTER PREMIUM e-BOXER HYBRID

Sjálfskiptur, verð: 6.890.000 kr.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Shenzen fyrsta borg Kína til að banna hunda- og kattaát með öllu

KÍNA Borgin Shenzhen, í suðurhluta Kína, verður að öllum líkindum sú fyrsta í landinu til að banna með öllu sölu hunda- og kattakjöts. Er þetta ótengt ákvörðun kínverskra stjórnvalda um að banna tímabundið sölu á villidýrakjöti, vegna COVID-19 faraldursins. Sveitarstjórn í Shenzhen, borg með um 12 milljónir íbúa, segir þetta gert vegna sérstaks sambands manna og gæludýra og undirbýr nú reglugerðina.

Kínverjar hafa borðað hundakjöt í þúsundir ára og árlega er á bilinu 10 til 20 milljónum hunda slátrað í



Vinsældir hundaáts eru afar mismunandi eftir héraðum í Kína. MYND/GETTY

landinu. Eftir að landið varð opnara fyrir umheiminum og menntunarstigið hækkaði hefur þeim fjölgað sem leggjast gegn hundaáti. Í dag eru vinsældir hundakjöts mjög mismunandi eftir héraðum, og einna vinsælast er það í norðausturhlutanum. Yngra fólk er mun ólíklegra til að leggja sér hvutta til munns en það eldra.

Sumir hundar eru ræktaðir til manndis en einnig þekkist það vel að gæludýrum sé stolið til átu.

„Shenzen gæti gert þetta, þetta er framsækin borg á margan hátt,“

Shenzen gæti gert þetta, þetta er framsækin borg á margan hátt.

Deborah Cao, sérfræðingur í dýravelferð

sagði Deborah Cao, sérfræðingur í dýravelferð við Griffith-háskóla í Ástralíu, í samtali við The Guardian. Samkvæmt reglugerðinni yrðu háar sektir lagðar við sölu hundakjöts, allt að 3,6 milljónum króna. – khg

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS ÓSKA EFTIR HÆFU FÓLKI TIL AÐ TAKA AÐ SÉR STJÓRNARSTÖRF Í LÍFEYRISSJÓÐUM

Samkvæmt kjarasamningi SA og ASÍ skipa samtökin helming stjórnarmanna í þeim sjö lífeyrissjóðum sem eru á samningssviði aðila og er framkvæmdastjórn SA falin tilnefning stjórnarmanna.

Samtök atvinnulífsins óska ár hvert eftir því að hæfir einstaklingar, sem starfa hjá aðildarfyrtækjum SA eða hagsmunasamtökum þeirra, gefi kost á sér til starfa í stjórnun lífeyrissjóða. Leitað er eftir einstaklingum með fjölbreytta reynslu og þekkingu m.a. á lífeyrismálum, stjórnun, stefnumótun, áætlanagerð og reikningshaldi, lögfræðilegum málefnum og fjármálamarkaði. Úr þeim hópi sem gefur kost á sér til stjórnarstarfa verða tilnefndir þeir sem metnir eru hæfastir í ljósi þeirra eiginleika sem sóst er eftir í viðkomandi stjórn.

Sérstök hæfisnefnd fjallar um einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Nefndin leggur mat á þekkingu og reynslu umsækjenda með hliðsjón af þeim eiginleikum sem nauðsynlegt er að viðkomandi stjórn sem heild búi yfir. Að mati loknu leggur hæfisnefndin tillögu fyrir framkvæmdastjórn SA.

Um er að ræða eftirfarandi lífeyrissjóði:

Birta lífeyrissjóður, Festa lífeyrissjóður, Gildi lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja og Stapi lífeyrissjóður

Umsóknir sendist í tölvupósti á stjornarseta@sa.is

Athugið að umsóknir frá fyrra ári gilda áfram og þarf ekki að endurnýja. Samtök atvinnulífsins hvetja konur jafnt sem karla til að sækja um.



Gantz og Netanyahu geta ekki unnt hvor öðrum að leiða stjórn. MYND/GETTY

Baráttan sífellt persónulegri og hatursfullri

Kosið er í Ísrael í þriðja skiptið á innan við ári á mánudag. Likud-flokkurinn mælist nú stærstur en litil hreyfing er á fylgi flokkanna. Deila leiðtoganna er orðin bæði mjög persónuleg og hatursfull.

ÍSRAEL Likud-flokkurinn mælist stærstur í aðdraganda ísraelsku þingkosninganna sem fara fram á mánudag, með 34 prósentu fylgi. Verða þetta þriðju þingkosningarnar í landinu á innan við ári. Þar sem brósuglega gengur að mynda stjórn búast margir við þeim fjórðu innan skamms.

Litlu munar á tveimur stóru flokkunum, Likud og Bláa og hvíta bandalaginu, en hinn síðarnefndi mælist með 33 prósent. Voru flokkarnir einnig hnífjafnir í síðustu kosningum, sem fram fóru í september, en þá voru Bláhvítir örlítið stærri.

Ein af ástæðunum fyrir því að Ísraelar eru vonlitlir um að þessar kosningar nái að leysa hnúttinn er að þær koma tveimur vikum áður en réttarhöld hefjast yfir Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra og leiðtoga Likud-flokksins. Hann er sakaður um spillingu og mútubægni.

Þrátt fyrir þetta lætur Netanyahu engan bilbug á sér finna og hefur sótt hart að Bláhvítum og leiðtoga þeirra, Benny Gantz, í vikunni. Netanyahu kallaði Gantz heigul fyrir að mæta sér ekki í sjónvarpsmæðu og að hann skorti þekkingu og kjark til að stýra og vernda Ísrael. Þá spyrti Netanyahu Gantz og klerkastjórnina í Íran saman og sagði hann auðvelt skotmark til kúgunar.

Gantz hrakti þetta á miðvikudag og sagði Írani ekki hafa neitt á sig. Netanyahu væri lygari sem væri einfaldlega búinn að missa vitið. „Árásir Netanyahu eru hatursglæpur gegn ísraelsku samfélagi og lýðræði okkar,“ sagði Gantz. Líkti hann Netanyahu við Raci Erdogan Tyrklandforseta.

Árásir Netanyahu eru hatursglæpur gegn ísraelsku samfélagi og lýðræði okkar.

Benny Gantz, leiðtogi Bláa og hvíta bandalagsins

Deilur flokkanna eru í auknum mæli að færast yfir í persónulegt stríð á milli Netanyahu og Gantz. Hvorugur þeirra getur unnt hinum að vera forsætisráðherra og hvorugur er tilbúinn að stíga til hliðar. Erfitt er þó að mynda stjórn án beggja flokka eins og staðan er nú.

Margir bundu vonir við að Avigdor Lieberman og flokkur hans, Yisrael Beitenu, myndu leysa deiluna í haust. En Lieberman vildi leiða stóru flokkana tvo saman og gerði það sem kröfu fyrir stjórnaraðkomu. Mælist Ísrael með sjö prósent nú en það er sama fylgi og í síðustu kosningum.

Þá hefur lítil breyting orðið á fylgi flestra flokka, Sameinaða lista Araba, Verkamannaflökksins og smærri flokka strangtrúaðra gyðinga.

Í ljósi þess hversu lítið fylgið hreyfist milli kosninga og kannana telja skýrendur að kjósendur séu fyrir löngu búnir að gera upp hug sinn, hvort þeir vilji sjá Netanyahu áfram á forsætisráðherrastól eður ei. Hverjir kjósa skipti mun meira máli. Það er spurning hvor leiðtögin nái að kveikja nægilega vel í stuðningsmönnum sínum til þess að þeir nenni að mæta enn einu sinni á kjörstað. kristinnhaukur@frettabladid.is

HELGARTILBOÐ!

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI



199.996

ÁÐUR 249.995

acer

NITRO 7 FARTÖLVA

Intel Core i5-9300H örgjörvi, 15,6" FHD IPS skjár og 8GB vinnsluminni.

GeForce® GTX 1660Ti 6GB skjákort

ACE-NHQ5HED009

20%
AFSLÁTTUR AF
NITRO 7

175.996

ÁÐUR 219.995

acer

NITRO 7 FARTÖLVA

Intel Core i5-9300H örgjörvi, 15,6" FHD IPS skjár og 8GB vinnsluminni.

GeForce® GTX 1650 4GB skjákort

ACE-NHQ5FED026

30%
AFSLÁTTUR

EPSON

ECOTANK ET-M1120 PRENTARI

Þráðlaus prentun og enginn upphitunartími.

EPS-ETM1120



24.496

ÁÐUR 34.995

EPSON

ECOTANK ET-M1100 PRENTARI

Áreiðanlegur og endingargóður prentari með lágum rekstrarkostnaði.

EPS-ETM1100

20.996

ÁÐUR 29.995



Targus

Hágæða fartölvutöskur og aukahlutir fyrir fartölvur og annan tölvubúnað.

30%
AFSLÁTTUR AF
TARGUS

30%
AFSLÁTTUR AF
BELKIN



belkin

Hleðslutæki, ferðarafhlöður og aðrir vandaðir aukahlutir fyrir snjalltækin.

tl.is

Gildir 28. febrúar - 2. mars

REYKJAVÍK · AKUREYRI · EGILSSTAÐIR · REYKJANESBÆR · SELFOSS · HÚSAVÍK · AKRANES

**TÖLVU
LISTINN**

Uggur og ótti



Hörður
Ágústsson
hordur@frettabladid.is

Spurningin er ekki lengur hvort heldur hve mikil áhrif kórónaveirufaraldursins verða á heimshagkerfið. Eftir að hafa fyrst stórlega vanmetið þau hafa viðbrögð fjárfesta á fjármálamörkuðum beggja vegna Atlantshafs verið harkaleg í vikunni. Hlutabréfavísitölur hafa fallið eins og steinn og fjármagníð leitast nú í skjól öruggari eigna á borð við bandarísk rikisskuldabréf og gull. Íslenski markaðurinn, sem óttast að veiran sé að breiðast út um Evrópu með tilheyrandi höggi á ferðþjónustuna, hefur ekki farið varhluta af þessari þróun – og sumpart hafa viðbrögðin verið enn ýktari en á erlendum mörkuðum. Úrvals-vísitalan hefur lækkað um níu prósent á aðeins fjórum dögum. Hlutabréfaverð Ícelandair hefur tekið langmestu dýfuna, eða um nærri 30 prósent, og markaðsvirði flugfélagsins því skroppið saman um 14 milljarða.

Fyrri smitfaraldrar virðast hafa lítið forspárgildi um þróun mála. Staðfest smit af völdum kórónaveirunnar á heimsvísu, en tilfallum utan Kína fjölga nú ört, eru orðin fleiri en 80 þúsund talsins og dauðsföll nálgast þrjú þúsund. Til samanburðar greindust um átta þúsund manns með SARS-veiruna, sem átti einnig upptök sín í Kína og olli dauða um 800 manns, á árunum 2002 til 2003. SARS-veiran dró þá niður hagvöxt í Kína um eitt prósentustig en áhrifin í öðrum helstu hagkerfum heimsins voru hverfandi. Nú er staðan allt önnur. Kínverska hagkerfið stendur undir um 17 prósentum heimframleiðslunnar, borið saman við aðeins fjögur prósent 2003, og er miðpunkturinn í helstu framleiðsluþjóðum alþjóðlegra fyrirtækja. Ef það hriktir í þeim hefur það alvarleg og keðjuverkandi áhrif um allan heim.

Fyrir íslenska þjóðarbúið, sem er í miðri niðursveiflu, kemur útbreiðsla veirunnar á óheppilegum tíma. Sem lítið opið hagkerfi er Ísland afar háð alþjóðavíðskiptum og því munum við finna vel fyrir því ef það fer að hægjast á vexti í okkar helstu viðskiptalöndum. Tímabundið hökt í utanríkisviðskiptum, eins og fram kom í umfjöllun Markaðarins í vikunni, verður hins vegar smáræði miðað við samdráttinn í eftirspurn sem raungerist þegar fólk fer að halda að sér höndum í neyslu og ferðalögum samtímis því sem veiran breiðist út til fleiri landa. Bjartskýni neytenda mun dragast saman og þá leið fjárfestingar fyrirtækja. Væntingar um skjóta efnahagslega viðspyrnu, byggðar á misráðinni bjartskýni um að útbreiðsla veirunnar væri í rénun, eru ekki að ganga eftir og peningamálayfirvöld, einkum í Evrópu þar sem vextirnir eru við núllið, eru í afar aðþrengdri stöðu.

Aðeins er talið tímaspursmál hvenær veiran berst hingað til lands. Við það munu efnahagslegu áhrifin verða meiri og beinni, eins og við höfum séð í öðrum löndum. Helstu áhyggjurnar lúta að ferðþjónustunni, sem stendur undir um 40 prósentum af gjaldeyriskjóm þjóðarþúsins, þar sem hættu er á að afbökunum taki að fjölga og ferðamönnum fækki eftir því sem veiran breiðist út. Flest ferðþjónustufyrirtæki, sem hafa þurft að takast á við hvert áfallið á fætur öðru, eru að há varnarbaráttu og mega því illa við frekari skakkaföllum. Jákvaðu fréttirnar eru að stjórnvöld ráða yfir fjölmörgum vopnum í vopnabúri sínu, meðal annars lækkun vaxta ásamt öðrum aðgerðum til að örva hagkerfið, til að bregðast við þessari dökku stöðu sem er að teiknast upp. Það er ekki lengur spurning um val heldur nauðsyn.



Væntingar um skjóta efnahagslega viðspyrnu, byggðar á misráðinni bjartskýni um að útbreiðsla veirunnar væri í rénun, eru ekki að ganga eftir.

Halldór



Frá degi til dags

Óupplýstir leiðtogar
Yfirvöld hafa sætt gagnrýni úr nokkrum áttum fyrir viðbrögð sín við kórónafaraldrinum sem nú skekur heimsbyggðina. Óupplýstir leiðtogar hafa blaðrað um að loka landinu og loka þá sem eru í áhættuhópi saman í sóttkvi í stórum rýmum. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir jarðaði þær hugmyndir með vísindapekkingu sína að vopni og var það vel. Svona upphrópanir eru kannski eðlilegar í ljósi þess að margir eru skelkaðir vegna faraldursins. Það veldur þó vonbrigðum að áhrifafólk haldi ekki ró sinni og enn sárari væru vonbrigðin ef popúlískir stjórnmálamenn ætluðu að nýta sér ótta almennings til atkvæðaveiða. Núna er hvorki stund né staður til að sá fræjum efasemda um hvernig yfirvöld takast á við vandann. Slikt skilar einfaldlega engu nema meiri ótta og það mun bara gera verkefnið erfiðara.

Treystum sérfræðingum
Það er einfaldlega engin ástæða til þess að vantroysta mati sérfræðinganna á stöðunni. Fyrsta smitið mun brátt greinast hér á landi og við verðum einfaldlega að treysta því að mat heilbrigðis-yfirvalda sé rétt. Að íslenska heilbrigðiskerfið sé í stakk búið til þess að takast á við verkefnið. Mikilvægast er að hver og einn horfi í eigin barm og fari eftir til-mælum heilbrigðis-yfirvalda.
bjornth@frettabladid.is

Íslendingar vilja sitt kjöt frá sínum bændum



Guðni Ágústsson
fyrirverandi
ráðherra

Hún var afgerandi skoðanakönnunin sem MMR gerði á dögum „Hversu andvíg(ur) eða fylgjandi ertu innflutningi til Íslands á hráu ófrosnu kjöti?“ Niðurstaðan kom ekki á óvart. Frekar og mjög andvíg innflutningi voru 56% aðspurðra en mjög og frekar fylgjandi 27% þeirra sem afstöðu tóku. Konur reyndust vera andvígari innflutningi en karlar og ungt fólk á aldrinum 18-29 ára sá hópur sem kemur kannski mest á óvart og þó ekki en 54% þeirra voru mjög andvíg eða fremur andvíg. En aðeins 9% mjög fylgjandi. Þessi könnun er sú fyrsta sem gerð er eftir að stjórnvöld gáfust upp fyrir ESB og opnuðu fyrir innflutningi á hráu kjöti í veröld vandra fréttu um sjúkdóma í dýrum og pensilinnotkun bæði í dýr og fóður dýranna. Og ekki síður þar sem faraldrar sjúkdóma halda áfram að herja á landbúnað eins og til dæmis hin afríska svínapest núna.

Allir landsmenn eru meðvitaðir um að íslenskur landbúnaður er einstaklega heilbrigður og hér eru uppi strangari kröfur en í nokkrum öðrum landi um notkun lyfja og um að farga hjörðum sem smitast hafa af salmonellu- eða kampýlobakter-smiti. Nú er mikilvægt að eftirlitsaðilar standi vörð um að skilyrðum sé fylgt og að innflytjendur vandi sín vinnubrögð. Það verður aldrei tekið til baka ef hingað berst mengað kjöt eða pestir. Þetta er ekki bara spurning um að rétt skjöl fylgi kjötinu heldur hitt að það sé rannsakað út frá okkar kröfum. Prufur teknar og settar í rannsókn hér. Hitt er svo jafnmikilvægt og fyrr að stjórnvöld styðji við landbúnað í öllum greinum landbúnaðarins. Best væri að setja sér 5-10 ára áætlun um að íslenskir bændur framleiði allt kjöt, allar mjólkurvörur og allt grænmeti sem Íslendingar og gestir þeirra ferðamennirnir neyta á Íslandi.

Til þess þarf að skapa velvilja hjá stjórnmálamönnum. Hann er hjá þjóðinni samkvæmt þessari skoðanakönnun. Sá stjórnmálaflokkur sem þorir að setja þessa stefnu á oddinn er á framtíðarvegi. Áfram íslenskir bændur, þið skarið framúr með heilnæmar landbúnaðarvörur.



Það verður aldrei tekið til baka ef hingað berst mengað kjöt eða pestir.

ALUPROF GEZE

Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarþúnað, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

JARN&GLER

Járn & Gler ehf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarnogler.is

Persónuleiki og smitsjúkdómar

Í DAG



Þórlindur
Kjartansson

Það er erfitt að gera sér almennilega grein fyrir því hversu hræddur maður á að vera við COVID-19 veiruna. Örugg leið til þess að fara fullkomlega yfirum af áhyggjum er að liggja yfir netfréttum, einkum eftir því sem fjær dregur því sem kallast mættu ábyrgir fjölmiðlar. Alls kyns kenningar og misvísandi tölfræði er á reiki og þegar óttinn byrjar að hreiðra um sig virðist gjarnan nærtækast að trúna helst því sem felur í sér mesta vöðann.

Það er því skiljanlegt að þessa vikuna séu allir að tala um COVID-19 veiruna. Í síðustu viku voru hins vegar allir að tala um persónuleika-próf Íslenskrar erfðagreiningar og við fyrstu sýn virðist þetta ekkert tengjast. En persónuleika-prófið gæti veitt óvænta innsýn því í gegnum það tókst mörgum að læra sitthvað um sjálfa sig sem hugsanlega hefur áhrif á hversu miklar áhyggjur þeir ættu að hafa af veirum á borð við COVID-19. Vonandi þarf ekki að taka fram að þessar glannalegu kenningar hér ber því ekki að taka alvarlega, ólíkt leiðbeiningum sóttvornalæknis sem allir ættu auðvitað að hlýða.

Þröngsýnir og ófélagslyndir sleppa vel

Reyndar má hafa ýmsar athugasemdir við framsetninguna á prófinu og einkum þýðingarnar á persónueiginleikum sem gerð var tilraun til að mæla. Það kann til dæmis að virðast mjög eftirsóknarvert í prófinu að vera „viðsýnn“ enda er andstaða þess líklega sú að teljast þröngsýnn—sem verður seint talið til aðlaðandi persónukosta. En það sem raunverulega var verið að mæla í þeim hluta könnunarinnar kallast á ensku „openness“ og hefur meira að gera með það hversu mikinn áhuga fólk hefur á að prófa nýja hluti. Líklegt er að þeir sem hafa komist að því í prófinu að þeir séu „lágir í viðsýni“ séu ólíklegri til þess að fá smitsjúkdóma heldur en þeir sem stöðugt vilja vera að prófa eitthvað nýtt, kynnast nýjum hlutum og komast í tæri við nýtt og framandi fólk.

Annar angi persónuleikans sem gæti haft áhrif á smithættuna er það sem kallað var „úthverfa“ í prófinu og er þýðing á enska hugtakinu „extroversion“. Sá þáttur mælir í raun einna helst hversu vel fólk líður í fjölmenni. Í svona prófum gefur framsetningin gjarnan í skyn að eftirsóknarverðara sé að mælast félagslyndur en hlédrægur þótt augljóst sé að heimurinn þurfi á alls konar týpum af halda. Veröldin væri ekkert endilega betri ef allir væru eins hressir og Gísli Marteinn, eða ef allir væru eins hlédrægir og Megas. Best að hafa mátulega mikið af hvorri týpunni fyrir sig. En þegar

kemur að smitsjúkdómum þá má líklega slá því föstu að „úthverfan“ geti komið mönnum í koll. Þeir sem enda einir úti í horni í öllum partium geta líklega huggað sig við að það er ólíklegra að þeir fái COVID-19 veiruna heldur en stuðpinnarnir sem allir vilja heilsa upp á og hósta yfir.

Persónuleika-prófið sem tugþúsundir einstaklinga féllust á að taka, og margir birtu niðurstöður á netinu, lagði líka mælistiku á það hvort þátttakendur teldust vera samvinnuþýðir eða ekki. Reyndar má leiða líkur að því að þýðið ekki hafa tekið prófið, enda líklegt að ósamvinnuþýði hans félli utan allra hefðbundinna skala. Í mælingu á þessum þætti má líka velta vöngum yfir framsetningunni, þar sem prófið gefur til kynna að það sé eftirsóknarverðara að vera samvinnuþýður heldur en ekki. Spurningarnar virtust nefnilega alveg eins geta gefið tilefni til þess að flokka fólk eftir því hvort það sé sjálfstætt í hugsun eða leiðitamt. Og það er ekki vist að eins margir hefðu gumað sig af góðri niðurstöðu í prófinu ef skilgreiningarnar hefðu verið þannig.

Fjórða persónuleika-einkennið sem var mælt snerist um samviskusami. Niðurstaðan virðist fyrst og fremst snúast um það hvort fólk standi við það sem það annars vegar segist ætla að gera og hins

vegar það sem það ætlar sér. Þeir sem starfa í mikilli óvissu, glíma við verkkvíða—eða eiga það til að skröpa og skila ekki verkefnum—fá skráða lélega einkunn í gagna-grunni Íslenskrar erfðagreiningar fyrir samviskusemi.

Þegar kemur að hættunni á því að smitast af COVID-19 þá er líklegt að þeir sem neita að hlusta á fyrirmæli og ráðleggingar séu líklegri til að fá veiruna heldur en þeir sem hlýða ráðleggingum sérfræðinga; og eins hljóta þeir samviskusömu, að standa betur að vígi heldur en þeir sem eiga það til að gleyma að þvo sér um hendurnar.

Taugaveiklaðir líka?

Þegar maður hugsar út í persónueinkennin myndu eflaust flestir komast að þeirri niðurstöðu að hægt sé að finna kosti og galla við að vera hvar sem er á öllum skólum. Við þurfum bæði fylgjendur og leiðtoga, hlédrægt fólk og félagsmálatróll, kærulausa sveimhuga og samviskusamt nákvæmnisfólk; og líka varkára íhaldsmenn og ævintýragjarnt byltningarfólk.

En ein persónugerðin virðist þó við fyrstu sýn einungis fela í sér ókosti. Í prófi ÍE var það kallað „jafnaðargeð“ sem á ensku er nefnt „neuroticism“—og gæti líklega útlagst sem taugaveiklun. Það mun til dæmis vera algengt að listafólk mælist með mikla taugaveiklun, sem gæti gefið til kynna bæði frjótt ímyndunarafli og mikla meðliðan—en almennt séð þvælist það frekar fyrir fólk ef það hefur ekki sæmilegt jafnaðargeð til þess

að takast á við það sem lifið lætur að höndum bera. Þegar kemur að smitsjúkdómum gæti hins vegar verið undantekning á þessu. Sá sem af tilefnislitilli ofsahræðslu setur sjálfan sig í sóttkví er auðvitað mjög líklegur til þess að komast hjá því að smitast af veiru sem yfirvegaðra fólk er berskjaldað fyrir.

Út frá persónuleika-prófi Íslenskrar erfðagreiningar finnst mér líklegt að þeir sem eiga minnsta hættu á að smitast séu þeir sem flokkuðust sem ómannblendnir (lágir í úthverfu) af því að þeir hitta sjaldan annað fólk; taugaveiklaðir (lágir í jafnaðargeði) því þeir fara enn varlegar en þörf er á; íhaldssamir (lágir í viðsýni) því þeir vilja sjaldan prófa nýja hluti og umgangast framandi fólk; og svo þeir sem eru bæði samviskusamir og samvinnuþýðir, því þeir hlýða óbrögðult fyrir mælum um handþvott, ferðalög og hvaðeina annað sem sóttvornayfirvöld mæla fyrir um.

Ef COVID-19 veiran er ekki komin nú þegar til landsins þá er það líklega bara tímaspursmál hvenær hún greinist eða kemur. Eftir því sem meiri tími líður, þeim mun líklegra er að vísindafólk og læknar nái að finna leiðir til þess að fyrirbyggja og lækna veikindin sem veiran veldur. Vonandi blessast það sem best. En fram að því er vitaskuld best að fylgja þeim fyrir mælum sem gefin eru út; þvo hendur, vera heima ef maður er veikur og hósta frekar inn í olnbogann en í lúkurnar, og það ætti meira að segja ósamvinnuþýðasta fólk að láta sig hafa.



Innovation
that excites

NÝR NISSAN JUKE SKARTAR ÖLLU ÞVÍ NÝJASTA



Nýr Nissan JUKE er einn tæknilegasti bíll sem Nissan hefur kynnt, öll ljós á ytra byrði eru LED og á aðalljósum er að auki sjálfvirk birtustýring á háum og lágum geisla. Neyðarhemlun og tengingar við Apple CarPlay og Android Auto eru staðalbúnaður og nýtt ProPilot akstursöryggiskerfi fylgist með akstri ökumanns og stýrir ef þörf krefur, dregur úr eða eykur hraðann þegar á þarf að halda.

NISSAN JUKE ACENTA, bensín, sjálfskiptur
Verð frá: 3.790.000 kr.

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Haldið ykkur innandyra



Fáum jákvæð viðbrögð frá foreldrum

Þegar tæpt ár er liðið frá stofnun rafíþróttadeilda hjá fjórum félögum á Íslandi segir formaður Rafíþróttasamtaka Íslands að viðbrögð foreldra og barna hafi verið jákvæð. Skortur á fjármagni gæti ógnað starfi deildanna sem reiða sig eingöngu á æfingagjöld.

RAFÍÞRÓTTIR Þegar tæpt ár er liðið síðan Fylkir, FH, KR og Ármann riðu á vaðið og stofnuðu rafíþróttadeild innan sinna raða fyrst íslenskra félaga segir Ólafur Hrafn Steinarsson, formaður Rafíþróttasamtaka Íslands, að starfið sé að gefa vel af sér. Foreldrar krakkanna sem æfa hjá Ólafi hjá Ármanni beri því vel söguna. Rafíþróttasamtökin eru komin í samstarf við KSÍ og átta hlutdeild í því að stofnað var sérstakt landslið í Pro Evolution Soccer. Þá stendur til að setja á laggirnar landslið Íslands sem fer á HM í FIFA síðar á þessu ári eftir Íslandsmótið þar sem framtíðar landsliðsmenn verða fundnir. Það kemur eftir að keppt var annað árið í röð í rafíþróttum á Reykjavíkurlaikunum fyrr á þessu ári.

Ármann er með stærstu deild landsins þar sem rúmlega sextiu krakkar taka virkan þátt í æfingum að sögn Ólafs.

„Við erum að ég held stærsta deild landsins með rúmlega 60 krakka á aldrinum 10-16 ára í Ármanni og það eru alltaf að berast fleiri fyrirspurnir. Við náum varla að svara eftirspurninni. Það hefur aukist að það komi eftirspurnir frá hópum utan þessa aldursþóps, bæði eldri og yngri sem við viljum auðvitað svara en höfum ekki tók á að svo stöddu,“ segir Ólafur, sem segist hafa fengið jákvæð viðbrögð frá foreldrum iðkendanna.

„Okkur hafa borist margar jákvæðar reynslusögur frá foreldrunum. Þau eru að þakka okkur fyrir og segja að þetta skipti börnin þeirra miklu máli. Það er eitthvað sem við viljum ekki taka frá þessum krökkum eftir að þau hafa kynnst umhverfi þar sem þeim líður vel. Það sýnir okkur að þetta er að hafa jákvæð áhrif, krakkarnir sem koma til okkar eru að verða virkari og standa sig betur í skóla, spila minna og stunda meiri líkamlega hreyfingu. Þetta eru þeir hlutir sem við viljum yta undir. Við erum í raun að setja tölvuleikjaspilun í nýjan búning og vikka sjóndeildarhring þeirra sem vilja spila.“

Eins og víða er eitt af vandamálunum peningaöflun. Aðspurður



Keppt hefur verið í rafíþróttum á Reykjavíkurlaikunum undanfarnir tvö ár sem átti þátt í því að auka sýnileika íþróttagreinarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Okkur hafa borist margar jákvæðar reynslusögur frá foreldrunum. Þau eru að þakka okkur fyrir og segja að þetta skipti börnin þeirra miklu máli.

Ólafur Hrafn Steinarsson, formaður Rafíþróttasamtaka Íslands

segist Ólafur að einhverju leyti skilja örðugleikana þegar kemur að því að fjármagna rafíþróttir en óttast um framhald starfsins ef ekki verður gert betur.

„Það var jákvætt þegar Reykjavíkurborg sagðist ætla að koma að stofnun rafíþróttadeilda en ég veit ekki hversu mikið af því sem áætlað var að leggja í rafíþróttadeildir skiladi sér í raun og veru. Það eru mörg félög sem eru að berjast við að fjármagna deildirnar þrátt fyrir meiri áhuga á rafíþróttadeildinni en á öðrum deildum innan félaganna,“ segir Ólafur og heldur áfram:

„Rafíþróttir eru enn á þeim stað að æfingagjöld þurfa að standa undir aðstöðunni, húsnæðinu og þjálfurunum. Með því er verið að setja mikla pressu á herðar þeirra sem eru að vinna í þessu en ég skil að það er ekki auðfengið að fá styrk frá borginni. Það eru hinir ýmsu verkferlar sem fara þarf eftir.“

Ólafur óttast að rafíþróttadeildir verði ekki langlífir innan íþróttafélaga án aðkomu ríkis eða sveitarfélaganna.

„Ég á ekki von á því að það breytist í ár. Í raun má segja að ég hafi smá áhyggjur af því að þetta

geti gert út af við rafíþróttadeildir innan tveggja ára. Ef þetta gengur illa rekstrarlega séð þá er ekki hægt að sakast við íþróttafélögin, að þau geti ekki fjármagnað starfið. Í öðrum íþróttum eru stjórnvöld að aðstoða við að byggja upp aðstöðu,“ segir Ólafur og tekur sem dæmi að rafíþróttadeild Ármanns æfði í tölvuleikjasetrinu Ground Zero.

„Við fáum afnot af góðri aðstöðu þar en við viljum koma upp okkar eigin æfingarsvæði í félagsheimili Ármanns þar sem við getum einnig sett upp svæði til hreyfingar.“
kristinnpall@frettabladid.is

Kom örlítið ryðgaður inn í þessi mót í Suður-Afríku

GOLF „Þetta er nýtt skipulag hjá Áskorendamótaröðinni, að hafa þessi mót í janúar í Suður-Afríku. Venjulega hefur mótaröðin byrjað um vorið. Fyrir vikið fékk maður styttri tíma í endurhæfingu eftir langt tímabil í fyrra. Þetta var vissulega svolítið sérstakt,“ sagði Guðmundur Ágúst Kristjánsson kylfingur þegar Fréttablaðið ræddi við hann um sérstaka mótaröðun á Áskorendamótaröð Evrópu sem var að hefjast í febrúar.

Guðmundur, sem er ríkjandi Íslandsmeistari í högguleik, og Haraldur Franklin leika fyrir hönd GR og eru með keppnisrétt á Áskorendamótaröð Evrópu á þessu tímabili, næststerkustu mótaröð Evrópu. Árið hófst á þremur mótum á þriggja vikna tímabili í Suður-Afríku þar sem Guðmundur Ágúst náði niðurskurði í einu þeirra. Núna tekur við tæplega þriggja mánaða hlé áður en keppni hefst á ný í Tékklandi í maí eftir ellefu vikna hlé.



Guðmundur Ágúst slær af teig á Spáni fyrr í vetur. MYND/GETTY

» Guðmundur og Haraldur eru þriðju og fjórðu íslensku kylfingarnir sem eru með þátttökurétt á Áskorendamótaröð Evrópu.

Yfir sumartímamann eru 3-4 mót á mánuði með tilheyrandi ferðalögum og er því þétt dagskrá hjá íslensku kylfingunum á þessu ári.

„Maður reynir að enda öll tímabil á góðri hvíld, fara eitthvert í fri og hlada batteriinn en það voru bara einhverjar 2-3 vikur í þetta skiptið áður en æfingar tóku við á ný. Fyrir vikið kom maður aðeins ryðgaður í mótin í Suður-Afríku,“ sagði Guðmundur þegar Fréttablaðið spurði út í stuttan undirbúningstíma.

Guðmundur öðlaðist þátttökurétt á Áskorendamótaröðinni með

góðum árangri á skandinavísku mótaröðinni, Ecco Nordic Golf Tour, í fyrra. Hann segist ætla að taka þátt í einhverjum mótum á mótaröðinni næstu vikurnar, meðal annars að verja titilinn á Nordic PGA Catalunya Resort Championship mótinu. „Ég er á leiðinni til Spánar og tek þátt í einhverjum mótum næstu vikurnar, reyni allavega að verja titilinn á Nordic PGA Catalunya.“

Guðmundur Ágúst er í sambandi með Guðrúnu Brá Björgvinsdóttur, Íslandsmeistara síðustu tveggja ára og atvinnukylfingi úr GK. Guðrún Brá er þessa dagana að keppa í Ástralíu á Evrópumótaröð kvenna. Eftir það taka við mót í Suður-Afríku og Sádi-Arabíu hjá Guðrúnu. Starfi þeirra fylgir mikið af ferðalögum.

„Þetta er ekkert auðvelt og krefst þolinmæði. Ég sá hana síðast í byrjun árs og ég veit ekki hvenær við sjáumst næst,“ sagði Guðmundur, aðspurður út í fjarlægðina. - kpt



FÖSTUDAGUR 28. FEBRÚAR 2020

Lífsstíll

Gaman að fylgjast með galdrinum gerast

Listakonan Pórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir vinnur hörðum höndum þessa dagana að teiknimyndaseríu sem byggð er á hugmynd sem hún fékk í ritlistarnámi. Nýlega kláraði teymið sem vinnur með henni stuttmynd og kitlu sem Pórey vonar að verði aðgengileg almenningi fljótlega. ➔2



Pórey Mjallhvít Ómarsdóttir segir að þættirnir séu stærsta verkefni sem hún hefur leitt fram að þessu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



BRASS GÓLFLAMPI KR. 38.900



OPAL BÖRDLAMPI KR. 18.500



BLACK METAL BLÓMAPOTTUR KR. 10.600



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

HILLA 120 CM KR. 41.900

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Framhald af forsiðu →

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Þættirnir eru byggðir á myndasögu eftir Þóreyju sem kom út árið 2016 og heitir Ormhildarsaga. „Sagan er epískt verk sem byggir á heimsendaframtíð. Jöklar heimsins hafa bráðnað og undan þeim skríða öll þjóðsagnakvikindin. Litla Ísland er klofið í eyjar sem heita Fróneyjar og sagan hefst á Breiðholtseyju. Þar eru Ormhildur og Albert að reyna að finna leið til að snúa við klukkunni og læsa öll þjóðsagnakvikindin aftur inni í klakanum. En það hefur ófyrirséðar afleiðingar,“ segir Þórey.

Vinnan við gerð teiknimyndaseriunnar er mjög stórt verkefni að sögn Þóreyjar og núna er verið að vinna í að fjármagna fyrsta hlutann. „Við erum búin að skrifa fyrstu sjö þættina. Þetta er hugsað sem sjónvarpssería og við erum að leita að samstarfi við sjónvarpsstöðvar. Við höfum fengið áhuga frá erlendum sjónvarpsstöðvum en ég get því miður ekki sagt nánar frá því eins og er.“

Þættirnir verða framleiddir af Compass films í samstarfi við pólska hreyfimyndaframtækni GS animation og tékknesku stúdíóunum Hausboot og Studio PFX. Nú er allt á fullu við að undirbúa að sleppa kitlu í loftið sem sýnir brot úr fyrsta þættinum.

Tröll, skoffin, lyngormar, seiðkarlar og álfar

Upprunalega hugmyndin að sögunni kviknaði þegar Þórey var í ritlistarnámi í Háskóla Íslands. „Það var árið 2011 eða 2012. Ég skrifaði smásögu um bókasafnsnörd sem var að hjóla á Túngötunni, ég sá þetta mjög sterkt fyrir mér, þetta gerist við Kvenréttindafélagið og það er skoffin í runnunum. Konan dettur af hjólinu sínu og þarf að berjast við skoffinið. Þannig að þetta byrjaði sem smásaga um nörd gegn skoffini. Ég var nýbúin að eignast barn á þessum tíma þannig að ég fékk rosalega löngun í að skrifa sögu um ótrúlegan „underdog“, eiginlega smábarn í hættulegum heimi. Ormhildur þróaðist þess vegna yfir í barn í kvenmannslíkama, en hún hefur breyst aðeins í þáttunum til að höfða til markhópsins, sem eru krakkar á aldrinum 9-13 ára,“ segir Þórey.

„Persónan er orðin yngri og er sjálf orðin galdravera sem hún var ekki í upprunalegu myndasögunni. Þetta nálgast meira fantasíu. Mér finnst þættirnir vera blanda af loftslags skáldskap, þetta fjallar um hlýnun jarðar og bráðnun



Þórey skrifar handritið að þáttunum um Ormhildi sem byggðir eru á teiknimyndasögu eftir hana sjálfa frá árinu 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

jöklanna, og klassískri norður-slóðafantasíu með séríslensku stefi.“

Í þáttunum birtast tröll og skoffin, lyngormar og örlaganormir, galdrakarlar, seiðkarlar og álfar. „Bara allur þessi pakki sem maður er alinn upp við er þarna,“ segir Þórey.

„Ég var búin að kíkja á skirskotanir í Völuspá og skoða gamlar íslenskar þjóðsögur. Maður þarf ekki annað en að opna einhverja bók til að fá ótrúlegustu hugmyndir.“

Frábært teymi kemur að þessu stóra verkefni

Þó upprunalega hugmyndin að sögunni komi frá Þóreyju segist hún ekki geta sagt að sagan sé enn þá algjörlega hennar hugmynd. „Það hafa komið svo margar raddir inn í þetta. Framleiðendurnir leggja til dæmis alltaf eitthvað fram. Ég hef skrifað handritin en hef leitað svolitíð til sérfræðinga. Við vorum til dæmis með handritsráðgjafa á tímabili sem var rosa þægilegt. Þá gat einhver lesið yfir og sagt manni er eitthvað vantaði eða ef eitthvað var óskýrt. En annars er handritið allt í mínum



Ormildur hefur þróað mikið frá því hún varð fyrst til sem hugmynd hjá Þóreyju. MYND/PÉTUR ATLI ANTONSSON CRIVELLO

höndum,“ segir Þórey.

Upphaflega var hönnun teiknimyndanna einnig í höndum Þóreyjar en svo var fenginn annar hönnuður til að endurhanna allt. „Hönnuðurinn heitir Pétur Atli Antonsson Crivello. Hann setti teiknimyndina í meginstraumbúning. Eivör Pálsdóttir samdi svo tónlist við prufuþáttinn en það eru þrjár íslenskar leikarar í þeim. Álfrún Helga Örnólfsdóttir leikur Ormhildi en svo leika þau Bragi Arnarson og Vala Þórsdóttir einnig í þáttunum.“

Alveg virkilega magnað að sjá eigin sögu lifna við

Þórey lærði hreyfimyndagerð í Bretlandi og útskrifaðist árið 2003. Síðan þá hefur hún unnið mikið við alls kyns hreyfimyndagerð en þetta er stærsta verkefnið sem hún hefur leitt fram að þessu. „Ég er sjálfstætt starfandi við hreyfimyndagerð og hef gert mikið af kynningar myndböndum fyrir alls konar stofnanir. Ég vann lengi sem kvikari (e. animator) í Bretlandi hjá fyrirtæki sem framleiddi sjónvarpsseriur. Svo hef ég líka

Maður þarf ekki annað en að opna einhverja bók til að fá ótrúlegustu hugmyndir.

teiknað myndir fyrir bækur og gert stuttmyndir á eigin forsendum. Það eru alls konar verkefni sem detta inn á borð hjá mér. En þetta er langumfangsmesta verkefnið sem ég hef leikstýrt. Það er ótrúlega gaman. Það er svo gaman að fylgjast með galdrinum gerast. Það er bara virkilega magnað að sjá sína eigin sögu lifna við. Fólk er sem vinnur í þessu með mér er líka allt svo hæfileikaríkt. Ég gæti ekki verið þakklátari fyrir þau. Eins og Eivöru, tónlistin hennar færir þetta upp á annað stig, hún er ótrúlega flott.“

Þórey býst við að kitlan verði frumsýnd eftir tæpan mánuð en síminn ætlar svo að sýna stutt-

myndina/prufuþáttinn. „Myndin fer svo líka á kvikmyndahátíðir en það er óljóst hvenær serían sjálf verður sýnd. Það tók okkur nokkra mánuði að gera fimm mínútur svo ef allt gengur að óskum þá ætti fyrsti hlutinn að vera tilbúinn árið 2021,“ segir Þórey.

Þórey situr svo sannarlega ekki auðum höndum, því auk þess að vinna að gerð þáttanna rekur hún einnig fyrirtækið Freyja Filmworks ásamt þremur öðrum konum, þeim Tinnu Hrafnadóttur, Védísi Hervöru Árnadóttur og Dögg Mósadóttur. „Við einbeitum okkur sérstaklega að konum, að auka hlut kvenna fyrir aftan og framan myndavélina. Svo er ég núna að klára kynningar myndband fyrir Norræna húsið og er líka að gefa út bók fyrir Menntamálastofnum. Ég ákvað að henda í næstu myndasögu og gera lestrar-kennslubók. Meginþorinn af myndasögum sem eru í dreifingu á Íslandi er enskt eða þýtt efni og mér fannst ég bara verða að leggja hönd á plóg og gera íslenska myndasögu og koma henni í dreifingu.“

Glæsilegir skartgripir
innblásnir af íslenski sögu

fríða

GULLSMÍÐUR & SKARTGRIPAHÖNNUÐUR

Skólavörðustíg 18 – www.fridaskart.is

Samfélagsábyrgð fyrirtækja

FÖSTUDAGUR 28. FEBRÚAR 2020

Kynningar: Festa, Landsbankinn, ÁTVR, Nettó, Grænvangur, Isavia, Arion banki, Vörður, Verkís, KPMG, Bónus, Samskip, Vodafone, Ölgerðin, Terra, Hótel Fljótshlíð, VIRK, Eimskip



Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu, segir tilefni til bjartsýni þegar lítið er til framtíðar og að mannkynið þurfi á hugviti og hugrekki að halda til að bæta heiminn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þurfum skýran ásetning með gleði og festu í hjarta

Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð, segir bæði gefandi og gaman að vinna með fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum þegar kemur að sjálfbærni og samfélagsábyrgð fyrir samfélagið, afkomu fólks og vistkerfi jarðar.

Ég er stundum spurð hvaða viðskiptatækifæri felist í því fyrir fyrirtæki að stuðla að sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Svar mitt er einfalt: Ég myndi vilja heyra rökin fyrir viðskiptatækifærum sem stuðla ekki að sjálfbærni og samfélagsábyrgð," segir Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð.

Hrund segir rannsóknir og dæmin sýna að samfélagsleg ábyrgð dragi úr áhættu í fjárfestingum, skili betri afkomu, ánægðara starfsfólki og nái til

stækkandi hóps neytenda sem velja slíkar vörur og þjónustu.

„Enda hvers vegna ættum við að fjárfesta eða stofna til reksturs sem er hvorki sjálfbær né samfélagslega ábyrgur? Hlutverk fyrirtækja hefur breyst síðastliðin 50 ár, frá því að Nóbelsverðlaunahafinn Milton Friedman talaði fyrir því að hagsmunir hluthafanna ættu að tróna efst. Þá annaðhvort gerðu fyrirtæki sér ekki grein fyrir áhrifum sínum á náttúru og samfélög, eða voru of litil til að hafa áhrif á félagslegt og efnahagslegt jafnvægi. Þetta var meðal annars

þema á ársfundi Alþjóðæfna-hagsráðsins (e. World Economic Forum) í Sviss í byrjun árs, en þar eiga aðild stærstu fyrirtæki heims. Í ljósi hnattvæðingar, loftslagsbreytinga, tækniþróunar og örrar þróunar í atvinnulífi nútímans er ljóst að ábyrgð atvinnulífsins er mikil. Það skiptir máli að huga að sjálfbærni og samfélagsábyrgð á grunnstigum. Að horfa til þess hvernig verðmæti eru búin til, ekki bara hvernig þeim er varið.“

Mikil ógn af loftslagsvá

Hrund tók við starfi framkvæmda-

„Hvers vegna ættum við að fjárfesta í eða stofna til reksturs sem er hvorki sjálfbær né samfélagslega ábyrgur?“

stjóra hjá Festu fyrir um ári. Festa var stofnuð árið 2011 af fyrirtækjunum Simanum, Rio Tinto, Landsbankanum, Össuri, Landsvirkjun og Íslandsbanka.

„Leiðtogar þessara sex fyrirtækja höfðu þá framtíðarsýn að mikilvægt væri að innleiða samfélagsábyrgð í fyrirtækjarekstur á Íslandi. Síðan hefur það gerst hér á Íslandi og alþjóðlega að þessi málaflökkur hefur tekið risastökk. Þar kemur aðallega tvennt til; loftslagsbreytingar sem okkur

Framhald af forsiðu →

stafar mikil ógn af og krefjast breytinga í rekstri og það að yngri kynslóðir víða um heim gera æ meiri kröfur um að fyrirtæki og fjármálastofnanir séu samfélagslega ábyrg. Um það hefur Black Rock, einn stærsti eignastýringasjóður heims, fjallað síðastliðin tvö ár, og bent á að kynslóðir 50 ára og yngri væru vel að sér í þróun mála, vildu vinna á sjálfbærum og samfélagslega ábyrgum vinnustöðum, og gerðu ríkar kröfur um slíkt til fyrirtækja og stofnana. Málaflökkurinn er því að fá mikla athygli, breytingarnar eru hraðar og hvorki Ísland né heimurinn fer varhluta af því,“ segir Hrund.

Hún segir loftslagsvandann undirstrika hversu heimurinn sé samofinn.

„Til dæmis fer Ísland nú með formennsku í Norðurskautsráðinu en nú bráðnar ísinn á norðurskautinu mjög hratt og það hefur mikil áhrif á líffólks um alla jörðina. Haldi ís áfram að bráðna á þeim hraða sem nú gerist þar getur hækkun sjávarmáls valdið því að allt að 20 milljónir manna verða á flótta í Banglades, sem dæmi. Svo ekki sé talað um gróðurhúsalofttegundir sem leysast úr læðingi með dýpri bráðnun og súrnun hafs. Ég fór í vettvangsferð til Grænlands með Alþjóðaefnahagsráðinu í fyrra. Þar var ég með mörgu af færasta vísindafólki heims en á meðal gesta var ráðherra frá Banglades sem vissi líklega meira um bráðnun norðurskautsins en ég, vegna áhrifa þess á hans heimafólk.“

Samfélagsábyrgð verði DNA

Hvar stendur Ísland sig í samanburði við Norðurlandþjóðir og Evrópulönd þegar kemur að sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð?

„Ísland getur svo sannarlega státað af hreinni orku og vissir hlutir í okkar samfélagi eru til fyrirmyndar, en við erum ekki leiðandi í sjálfbærni og samfélagslega ábyrgum rekstri eða fjárfestingum í samanburði við lönd sem við berum okkur saman við. Kosturinn við okkur Íslendinga er hins vegar sá að þegar við viljum eitthvað þá geta hlutirnir gerst hratt. Tækifærin eru sannarlega til staðar í fámennu og auðugu landi eins og okkar. Við finnum það hjá Festu að aðildarfélögum fjólgar og fyrirtæki sækja mikið til okkar. Í upphafi árs gaf Festa, Viðskiptaráð, Nasdaq og IcelandSIF út UFS-leiðbeiningar, en þær stuðla að skýrari upplýsingagjöf fyrirtækja um samfélagsábyrgð á sviði umhverfis, félagslegra þátta og stjórnarháttar og gera mælingar á ábyrgðinni samanburðarhæfa við fyrirtæki um allan heim. Hæfni okkar á þessu sviði er að eflast og áhuginn fer vaxandi. Það er líka gaman að líta til nýsköpunar og hvað er hægt að gera með aukinni reynslu og skýrum ásetningu. CarbFix-verkefnið, sem er alþjóðlegt vísindasamstarf Orkuveitu Reykjavíkur, Orku náttúrunnar, Háskóla Íslands og erlendra vísindastofnana, er gott dæmi. CarbFix getur lækkað varanlega styrk koltvioxíðs í andrúmsloftinu. Þetta verkefni getur haft uppbyggileg áhrif á loftslag hér heima og utan landsteinanna og hefur þegar sparað 13 milljarða,“ upplýsir Hrund.

Hún segir ákaflega spennandi og gaman að vinna að hlutum sem eru uppbyggilegir fyrir samfélagið, afkomu fólks og vistkerfi jarðar.

„Fyrir fáeinum árum var ekki óalgengt að skilgreina samfélagsábyrgð fyrirtækja út frá því hvernig fyrirtæki gáfu af sér í gegnum styrki til góðgerðarmála en í dag nálgumst við samfélagsábyrgð á mun víðtækari hátt og tölum um breytt viðskiptamódel. Markmiðið nú er að sjálfbærni og samfélagsábyrgð verði að DNA



Rauðklæddar ungar konur unnu með Festu á nýfstaðinni Janúarráðstefnu og lögðu þar dýrmæta hönd á plóg.



Premenn-ingarnir sem forrituðu vefútgáfu Loftslagsmælis Festu.

fyrirtækja og stofnana. Að allt sem fyrirtæki gera sé gert á þeim forsendum að bera ábyrgð á áhrifum sem þau hafa á fólk og náttúru. Þar kemur Festa að gagni með fræðslustarfi um það hvernig við byggjum rekstur á sjálfbærni og samfélagsábyrgð, stuðlum að samstarfi og samtali milli fyrirtækja og einka- og opinbera geirans. Samfélagslega ábyrgur rekstur hefur marga kosti, dregur ekki sist úr áhættu í rekstri til lengri tíma og laðar í dag að sér fjármagn frá fjárfestum sem gera sjálfbærni og samfélagsábyrgð að grunnskilyrði. Í raun eru sóknarfæri og aukin samkeppnihæfni í samfélagslega ábyrgum rekstri og nýsköpun. Ef við skoðum þróun í fjárfestingum undanfarna 24 mánuði er deginum ljósara að fyrirtæki sem setja þetta tvennt ekki í forgrunn reksturs síns hafa takmarkaðan aðgang að peningum,“ segir Hrund.

Loftslagsmælir fyrir alla

Hlutverk Festu er að auka vitund í samfélaginu og styðja við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög með fræðslu, fundum, ráðum og tengingum þegar kemur að innleiðingu samfélagsábyrgðar, sjálfbærni og starfshætti, sem og áhrifum þeirra á samfélag og náttúru.

„Við erum kröftugt leiðarljós, köllum okkur stundum brúarsmiði og samhengjara enda erum við mikið í því að auðvelda samskipti og samstarf á milli hins opinbera og einkageirans. Gott dæmi er samstarf Festu við Reykja-

vík og Akureyri þar sem fyrirtæki hafa skrifað undir loftslagsyfirlýsingu og sett sér markmið um að menga minna, draga úr úrgangi og mæla og birta árangurinn. Það síðastnefnda er mikilvægt til að auka gegnsæi í rekstri og með því að lýsa þessu yfir er hægt að fylgjast með hvernig þau standa sig og kynna fyrir almenningi hvernig fyrirtækin takast á við sjálfbærni og loftslagsmál en ekki bara tala um það,“ segir Hrund.

Í dag er 121 aðildarfélag í Festu. Flest eru það fyrirtæki, allt frá einyrkjum upp í stærstu fyrirtæki landsins. Í Festu eru einnig sveitarfélög, opinberar stofnanir, HR, HÍ og nýlega gerðist Umhverfisstofnun aðili að Festu.

„Við stöndum fyrir tugum viðburða á hverju ári og veitum hvatningarverðlaun í samstarfi við aðra, eins og Framúrskarandi samfélagsábyrgð með CreditInfo, Samfélagsskýrslu ársins, Jafnréttisverðlaun og Loftslagsverðlaun með okkar frábæru samstarfsaðilum, svo eitthvað sé nefnt. Þá stöndum við fyrir ýmiss konar fræðslu, námskeiðum, ráðstefnum og opnum og lokuðum fundum. Með því reynum við jöfnum höndum að fræða um þessa þróun og bendum á leiðir sem fyrirtæki og stofnanir geta farið til að takast á við samtímann með lausnum og verkferum,“ útskýrir Hrund.

Hún bendir á nýjan loftslagsmæli Festu á á climatepulse.is.

„Tveir ungir forritarar og hönnuðir hjálpuðu okkur við að hanna

Við finnum það hjá Festu að aðildarfélögum fjólgar og fyrirtæki sækja mikið til okkar.

vefútgáfu af Loftslagsmæli Festu í fyrra, sem hefur verið tiltækur í formi excel-skjals frá árinu 2016. Þeir gáfu vinnuna sína í 24 tíma hakaþoni, því þeim fannst verkefnið mikilvægt ekki bara fyrir Ísland, heldur jörðina. Án þeirra hefðum við ekki getað kynnt vefútgáfu Loftslagsmælisins sem þá. Gjöf til samfélagsins,“ sem hann er. Opinn öllum, án endurgjalds. Í samstarfi Festu og Reykjavíkurborgar starfar sérfræðingahópur um loftslagsmál sem vann náið með þeim við að þróa vefútgáfuna, en sérfræðingarnir uppfæra mælikvarðana árlega. Mælirinn er mikil upplýsingagjöf inn í samfélagið og gagnlegt að til sé reiknivél sem er í senn fallleg, aðgengileg, einföld og opin hverjum sem er, hvort sem það eru fyrirtæki, leikskólar eða sveitarfélög. Með loftslagsmælinum fæst úrprentuð skýrsla sem greinir fótspör þess sem hann notar og reiknar líka út kolefnis-

jöfnun. Þetta er praktískt tæki sem er í senn fræðandi og skemmtilegt og leggur Festa mikla áherslu á að mælirinn lækkar þröskuldinn fyrir þá sem eru að hefja sína vegferð í átt að sjálfbærari rekstri.“

Björt og spennandi framtíð

Festa leggur einnig ríka áherslu á hringrásarhagkerfið.

„Hringrásarhagkerfið gengur út á að framleiða ekkert, hanna ekkert og setja ekkert á markað sem ekki er hægt að nota aftur. Í þessu felast gríðarlega spennandi tækifæri, þar sem hugvit, nýsköpun og nýtni er framtíðin. Í íslensku samfélagi er flottur stígandi í fræðslu um og innleiðingu hringrásarhagkerfisins. Festa hefur boðið upp á námskeið í samstarfi við Sítra í Finnlandi um hringrásarhagkerfið, hvatt íslensk fyrirtæki til að setja sér markmið til tólf mánaða í þessum efnum á Janúarráðstefnunni okkar og farið aðra leiðir til að safna gögnum og hvetja til framþróunar á þessu sviði. Við höldum líka úti öflugum síðum á samfélagsmiðlum Festu sem eru ríkar af upplýsingum, fræðslu og verkferum um þessi mál.“

Hrund lítur björtum augum til framtíðarinnar.

„Mér finnst ákaflega spennandi að vinna að verkefnum sem efla erindi og frumkvæði leiðtoga, rekstur, samfélagið og náttúruna. Það reynir á hugvit okkar og hugmyndaflug og framtíðin er svo sannarlega björt og spennandi. Það er mikið að gerast hér heima sem og úti í hinum stóra heimi og okkar verkefni að fagna því og ná utan um það í námi, stefnumótun fyrirtækja, við þróun nýrra fyrirtækja og nýsköpunarhugmynda sem og í opinberri stefnumótun. Við þurfum á öllu okkar hugviti að halda til að standa okkur vel í samfélagsábyrgð og sjálfbærni í ljósi þeirra miklu breytinga sem nú eiga sér stað. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru til dæmis stærsta aðgerðaáætlun sem mannkynið hefur farið í og við ætlum að ná þeim fyrir 2030. Við eigum töluvert í land með að ná þeim en í þeirri vegferð þröðast allir þessir punktar sem við höfum rætt saman, í þeim felast spennandi áskoranir sem reyna á hugvit okkar, hvernig við beinum tækninni, hæfni og nýsköpun í átt að sjálfbærari framtíð.“

Þegar rætt er um sjálfbærni segir Hrund mikilvægt að hugsa vandlega um hvaða þýðingu sjálfbærni-hugtakið hefur í heimi þar sem þegar hefur verið gengið á mörk jarðarinnar og loftslagsváin er að breyta lífi fólks um allan heim.

„Sjálfbærni í dag felur í sér að við þurfum að skila jörðinni af okkur í betra horfi en hún er í dag. Gjörðir okkar þurfa að stuðla að endurlifgum, endurreisn vistkerfa og verndun tegunda í fjölmörgum tilfellum. Líffræðilegur fjölbreytileiki hefur snarminnkað og það hefur áhrif á getu jarðar til að endurnýja sig. Nýting lands og skóga er líka svið sem krefst endurskoðunar af okkar hálfu. Vissulega er myndin stundum dökk og hættumerkin stór en nú höfum við tækifæri til að bæta um betur. Við þurfum hugrekki til að horfast raunhæft í augu við stöðuna. Svo er verkefnið að takast á við hlutina af heilum hug, þora að prófa okkur áfram, því á þessari vegferð erum við öll á sama báti. Það er enginn með töfralausn; þetta er sameiginlegt verkefni þar sem við reynum öll okkar besta og einmitt þess vegna er svo mikilvægt að hafa í heiðri gott síðferði, góða stjórnarhætti, félagslega þætti og umhverfshætti,“ segir Hrund í Festu.

„Orðið Festa er tekið úr staðfestu og það eina sem við þurfum er skýr ásetningur um að stuðla að sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Það er hægt að gera með gleði í hjarta, af krafti, raunsæi og af festu.“



Adalheiður Snæbjarnardóttir, sérfræðingur í samfélagsábyrgð hjá Landsbankanum, segir nauðsynlegt að innleiða langtímahugsun í verklag fyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Adalheiður Snæbjarnardóttir, sérfræðingur í samfélagsábyrgð hjá Landsbankanum, segir auknar kröfur frá markaðinum um að bankar mæli og greini frá kolefnislosun. „Þar sem bankar, eðli starfsemi sinnar vegna, losa lítið magn kolefnis í gegnum beinan rekstur þá liggja tækifærin til að vinna að markmiðum Parísarsamkomulagsins ekki í beinum rekstri heldur í loftslagsáhrifum þeirra verkefna sem þeir kjósa að lána til eða fjárfesta í. Það hefur reynst erfitt fyrir banka um allan heim að mæla þessi áhrif. Í fyrra gerðist Landsbankinn aðili að alþjóðlega verkefninu PCAF (e. Partnership for Carbon Accounting Financials) sem miðar að því að búa til loftslagsmæli sem er sérsníðinn að fjármálafyrirtækjum og er ætlað að gera þeim kleift að mæla og greina frá kolefnislosun í lána- og eignasafni þeirra. Verkefnið hófst í Hollandi og hafa PCAF-mælar verið gerðir fyrir fjármálafyrirtæki þar í landi og fyrir banka í Norður-Ameríku,“ útskýrir Adalheiður.

„Verkefnið miðar að því að búa til alþjóðlegan loftslagsmæli til þess að fjármálafyrirtæki um heim allan geti mælt þessa kolefnislosun á vísindalegan og samræmdan hátt. Landsbankinn er í þróunarhópi PCAF fyrir alþjóðlega mælinn en gert er ráð fyrir að sú vinna taki um þrjú ár.“

Samfélagsábyrgð hluti af kjarnastarfsemi

„Til þess að hafa sem mest áhrif er mikilvægt að samfélagsábyrgð sé hluti af kjarnastarfsemi hvers fyrirtækis,“ segir Adalheiður. „Hjá bönkum snýr það til dæmis að fjárfestingum og lánastarfsemi. Hjá Landsbankanum hefur verið lögð áhersla á innleiðingu ábygrga fjárfestinga og að auka þekkingu á grænum skuldabréfum og svokallaðri regnbogafjármögnun, þar sem fjármagni er m.a. beint í umhverfisvæn og félagsleg verkefni.“

Á dögum höfðu Markaðir Landsbankans til að mynda umsjón með grænni skuldabréfaútgáfu Lánasjóðs sveitarfélaga sem heppnaðist vel. Afrakstri skuldabréfaútbóðsins verður varið til að

Landsbankinn tekur þátt í gerð alþjóðlegs loftslagsmælis

Eitt viðamesta verkefnið sem bankar og fjármálafyrirtæki standa frammi fyrir í samhengi samfélagsábyrgðar er að meta og greina frá loftslagsáhrifum í gegnum lána- og eignasöfn sín.

Mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð banka er svo auðvitað að tryggja traustan rekstur til að skila ávinningi til viðskiptavina, samfélagsins og eigenda.

fjármagna verkefni sveitarfélaga sem stuðla að umhverfisvernd og sporna gegn loftslagsbreytingum. Í þeirri útgáfu voru í fyrsta skipti á Íslandi gefin út græn skuldabréf á Íslandi gefin út græn skuldabréf á sama tíma. Grænu skuldabréfin voru gefin út með 1,35% vöxtum (verðtrygð) en sama dag gaf Lánasjóðurinn út hefðbundin skuldabréf á ávöxtunarkröfunni 1,40%.

Adalheiður er bjartsýn. „Þetta útbod er vonandi merki þess að fjárfestar séu reiðubúnir til þess að koma að fjármögnun umhverfisvænni verkefna á betri kjörum en fjármögnun annarra verkefna. Þess vegna skiptir orðið miklu

máli fyrir banka að vera með samfélagsábyrgð sem hluta af sinni kjarnastarfsemi til þess að geta svarað kalli markaðarins um samfélagslega ábyrgð verkefni. Samfélagsábyrgðin snertir á svo mörgu í okkar daglega starfi allt frá því að tryggja jafnrétti á vinnustað til netöryggismála, í öllu samstarfi við hagaðila og í því að veita góða bankaþjónustu. Mikilvægur hluti af samfélagslegri ábyrgð banka er svo auðvitað að tryggja traustan rekstur til að skila ávinningi til viðskiptavina, samfélagsins og eigenda.“

Alþjóðlegar sjálfbærni-leiðbeiningar fyrir banka

Landsbankinn var í hópi 130 banka sem skrifuðu undir viðmið um ábyrga bankastarfsemi í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í september síðastliðnum. Þetta er víðamikili verkefni á vegum UNEP FI (United Nations Environment Programme – Finance Initiative) og markmiðið er að tengja fjármálastarfsemi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og Parísarsamkomulagið.

„Þetta er í fyrsta sinn sem settar eru alþjóðlegar leiðbeiningar fyrir banka um samþættingu sjálfbærni viðmiða á öllum stigum

bankastarfsemi. Samtals stýra þessir bankar rúmlega þriðjung þess fjármagns sem er í umferð í bankakerfi heimsins. Verkefnið getur því haft víðtæk áhrif. Viðmiðin hjálpa bönkunum að greina hvernig þeita megi starfsemi þeirra í þágu heimsmarkmiðanna, setja mælanleg og tímasett markmið og greina frá þeim opinberlega. Þetta er góður vettvangur til að læra af öðrum, tileinka sér það sem vel hefur gengið og veitir einnig samanburð á milli banka,“ segir Adalheiður. Hún bendir á að Landsbankinn fylgi með markvissum hætti þremur af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna: um jafnrétti kynjanna (nr. 5), góða atvinnu og hagvöxt (nr. 8) og um ábyrga neyslu og framleiðslu (nr. 12).

Í 6. sæti af 376 bönkum

Adalheiður segir að kröfur fjárfesta um að fyrirtæki sýni fram á samfélagsábyrgð sína hafi aukist jafnt og þétt á undanförnum árum. Til að bregðast við þessu fékk Landsbankinn óháð mat þriðja aðila á samfélagsábyrgð bankans haustið 2019 og hlaut bankinn UFS-áhættumat frá alþjóðlega greiningarfyrirtækinu Sustainability í október. Með UFS-þáttum er átt við það hvernig fyrirtæki

gæta að umhverfislegum og félagslegum áhrifum í starfsemi sinni ásamt stjórnarháttum. „Við vorum ánægð með útkomuna en Landsbankinn var í 6. sæti af 376 bönkum sem Sustainability hefur mælt í Evrópu sem sýnir að við séum á réttri leið í okkar nálgun. Þessi árangur næst ekki öðruvísi en með því að innleiða UFS-þætti í kjarnastarfsemina, enda er slík úttekt umfangsmikil og tekur til allrar starfsemi fyrirtækis. Það er vel þess virði að fjárfesta í þessari vinnu þar sem góð niðurstaða úr UFS-úttekt þriðja aðila veitir bönkum greiðari aðgang að ódýrara fjármagni.“

Setja mælanleg markmið og greina frá niðurstöðum

Adalheiður bendir á að það þurfi að veita góðar og aðgengilegar upplýsingar um ófjárhagslega þætti eða lykluþýsingar banka-starfsemi. Slík upplýsingagjöf skapi trúverðuleika en helsta markmið skýrslugjafar um samfélagsábyrgð sé að skapa gagnsæi og byggja þannig upp traust. Einnig þurfi að setja sér mælanleg markmið.

„Við hjá Landsbankanum gefum út ítarlega samfélagskýrslu á hverju ári þar sem fjallað er um áhrif starfseminnar á umhverfi og samfélag og sjá má samanburðarhæfar mælingar frá ári til árs. Næsta skýrsla kemur út í mars. Skýrslurnar eru skrifaðar eftir Global Reporting Initiative viðmiðunum og gilda sem framvindu-skýrslur til UN Global Compact, samstarfsverkefni Sameinuðu þjóðanna og atvinnulífsins um að sýna samfélagsábyrgð í verki. GRI-viðmiðin leiðbeina fyrirtækjum um að miðla upplýsingunum á gagnsæjan, trúverðugan og samanburðarhæfan hátt.“

Huga þarf að ýmsu í þessum efnunum. „Áskoranir í samfélagsábyrgð fyrirtækja eru margar, ekki síst í umhverfi þar sem einblint er á ársfjórðungslegan árangur í stað árangurs til lengri tíma en nauðsynlegt er að innleiða langtímahugsun í verklag fyrirtækja. Þannig næst besti árangurinn fyrir umhverfi, samfélag og rekstrargrundvöll fyrirtækjanna sjálfra,“ segir Adalheiður.

Við viljum vera góð fyrirmynd

Stefna ÁTVR er skýr; að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Markmiðið er alltaf að gera betur og horft er til Heimsmarkmiða SP.

Samfélagsleg ábyrgð er í kjarna fyrirtækisins, segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR.

„Við leggjum mikla áherslu á skilríkjaeftirlit og umhverfismál en fleiri þættir fá að sjálfsgöðu líka athygli. Við færum grænt bókhald og eigum langa sögu í að setja okkur markmið og mæla árangur. Ársskýrslur frá árinu 2012 uppfylla skilyrði GRI (Global Reporting Initiative) og eru þannig í raun sjálfbærnisráðgjafi sem gefur góða mynd af rekstrinum.“

Samfélagsleg ábyrgð er ekki nýtt hugtak í rekstri ÁTVR, en fyrst var talað um samfélagslega ábyrgð í stefnu ÁTVR árið 2001.

„Skilríkjaeftirlit er einn mikilvægasti þátturinn, en því er ætlað að tryggja að allir viðskiptavinir hafi náð 20 ára aldri. Umhverfismál eru einnig vissulega fyrirferðarmikill þáttur og mjög ánægjulegt að markmið um 93 prósent endurvinnsluhlutfall náðist á síðasta ári. Á þessu ári er markmiðið sett á 94 prósent. Þá skrifaði ÁTVR undir loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar og hefur sett sér markmið til ársins 2030 um að draga úr losun um 40 prósent og minnka myndun úrgangs,“ upplýsir Sigrún Ósk.

Öll bein losun frá starfsemi ÁTVR er kolefnisjöfnuð hjá Kolviði og Votlendissjóði.

„Við trúum því að ekki sé hægt



Sigrún Ósk Sigurðardóttir er aðstoðarforstjóri ÁTVR. Myndin fyrir neðan sýnir samanburð á kolefnisspori mismunandi umbúða miðað við einn lítra.


FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

látið gera lífsferilsgreiningu og rannsókn á umhverfisáhrifum umbúða. Samkvæmt rannsókninni eru umhverfisáhrifin mest af umbúðum vörunnar og vegur glerið þar mest. Framleiðsla á glerflöskum þarfnast mun meiri orku en framleiðsla annarra umbúða. Margir framleiðendur hafa kosið að nota svokallað léttgler fyrir vín. Léttgler er skilgreint sem 420 g eða léttari, miðað við 750 ml flösku. Algeng þyngd á hefðbundnu gleri er 540 g,“ útskýrir Sigrún Ósk.

ÁTVR hefur nú birt á heimasíðu sinni, vinbudin.is, þyngd umbúða á flestum léttvínstegundum og ætlað kolefnisspor.

„Við vitum ekki um aðra sem hafa birt sambærilegar upplýsingar fyrir viðskiptavinum. Upplýsingunum er ætlað að gefa viðskiptavinum val og upplýsingar um umhverfisáhrif þeirrar vöru sem þeir velja að kaupa,“ upplýsir Sigrún Ósk og í framtíðinni munu koma fleiri vöruflokkar með þessum gagnlegu upplýsingum í baráttunni við loftslagsbreytingar.

„Markmiðið er alltaf að gera betur og horfa til fleiri þátta á sviði samfélagsábyrgðar, meðal annars með því að kortleggja umhverfisáhrif af starfsemi í heild um leið og horft er til áherslna í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna“ segir Sigrún Ósk að lokum.



að horfa á samfélagslega ábyrgð sem einangrað verkefni, heldur er þetta samofið öllum þáttum í rekstrinum. ÁTVR leggur sig fram um að hugsa vel um mannaúð fyrirtækisins, vinnustaðurinn

einbeitt sér að heilsuefandi aðgerðum fyrir starfsfólk, bæði með fræðslu og reglulegri heilsufarsskoðun, og það er ein birtingarmynd samfélagslegrar ábyrgðar. Einnig hefur jafnlaunakerfi verið

innleitt og vottað,“ segir Sigrún. „Við höfum hvatt viðskiptavinum til að sleppa plastpokanum og boðið upp á fjölbreytt úrval af fjölnota pokum á mjög hagstæðu verði. Viðskiptavinir hafa tekið þessu vel og það er von okkar að innan tíðar verði allir einnota burðarpokar úr sögunni.“

Þegar litið er til aðfangakeðju áfengis hefur ÁTVR á undanförunum árum verið í samstarfi við áfengiseinkasölur á Norðurlöndum.

„Sameiginlega hafa fyrirtækin

Samfélagsábyrgð hefur marga kosti

Þegar fyrirtæki sýna samfélagsábyrgð geta þau bætt stöðu sína á ýmsan hátt um leið og þau bæta samfélagið. Þau laða að sér og halda í gott fólk og auka vinsældir sínar meðal neytenda.

Oddur Freyr

Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Fyrirtæki sem sýna samfélagsábyrgð taka ábyrgð á þeim áhrifum sem rekstur þeirra hefur á umhverfið, samfélagið og starfsfólk þess. Þannig stuðla fyrirtækin að betri heimi fyrir alla, en um leið getur það haft margvíslegan ávinning í för með sér fyrir fyrirtæki að sýna samfélagsábyrgð.

Nú til dags er fólk sem er að leita að atvinnu líka að skoða siðferði fyrirtækja og það að sýna samfélagsábyrgð getur dregið gott starfsfólk að fyrirtækjum og haldið þeim þar. Nielsen-könnun frá 2014 sem náði til yfir 30 þúsund þátttakenda í 60 löndum um allan heim komst að þeirri niðurstöðu að tveir af hverjum þremur vilja frekar vinna fyrir fyrirtæki sem sýnir samfélagsábyrgð. Aðrar kannanir hafa komist að þeirri niðurstöðu að fólk vinnur lengur hjá fyrirtækjum ef það finnur að það sé að vinna að einhverju markmiði. Þetta sama starfsfólk er líka miklu líklegra til að mæla með og auglýsa fyrirtækin sem þau starfa fyrir.

Samfélagsábyrgð ýtir líka undir vinsældir meðal neytenda og eykur hollustu viðskiptavina. Samkvæmt ádurnefndri Nielsen-könnun er yfir helmingur fólks tilbúið til að borga aðeins meira fyrir vöru eða þjónustu frá fyrirtæki sem hefur jákvæð áhrif á samfélagið og umhverfið. Fólk er líka mun líklegra til að stunda viðskipti við fyrirtæki sem láta gott af sér leiða.



» Fyrirtæki sem sýna samfélagsábyrgð geta líka laðað að sér fjárfesta og það að hafa sýnt samfélagsábyrgð getur skapað fyrirtæki velvild.

Þannig að samfélagsábyrgð hjálpar líka í markaðssetningu.

Fyrirtæki sem sýna samfélagsábyrgð geta líka laðað að sér fjárfesta og það að hafa sýnt samfélagsábyrgð getur skapað fyrirtæki velvild sem getur komið að miklu gagni ef mynd þess bíður hnekki.

Samfélagsábyrgð minni fyrirtækja

Það eru ekki bara stórfyrirtæki sem ættu að huga að samfélags-

ábyrgð, minni fyrirtæki geta líka sýnt hana, þó það sé ekki á jafn stórtækan hátt. Þannig geta minni fyrirtæki aukið tengsl sín við samfélagið, sem getur verið þeim mjög mikilvægt.

Yfirleitt sýna minni fyrirtæki samfélagsábyrgð í nærumhverfi sínu. Það er vinsælt að styðja á einhvern hátt við menntun, umhverfismál, efnahagsþróun, ungmennastarf, góðgerðastarfsemi eftir hamfarir, menningu eða listir, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Það er svo undir fyrirtækjum komið að ákveða á hvaða hátt þau vilja leggja sitt af mörkum.

Þegar buið er að velja málefni getur verið góð hugmynd að til-einka dag málefni og jafnvel að láta starfsfólk sinna einhvers konar sjálfbodavinnu í tengslum við það, svo fólk geti kynnt sér málefnið vandlega og séð hvernig það getur hjálpað. Það eru svo ótal leiðir til að safna fé og leggja alls kyns mál-efnum lið og láta fyrirtækið þannig stuðla að betra samfélagi.

Fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum geta sýnt samfélagsábyrgð á ýmsan hátt, meðal annars með umhverfisvernd. Það bætir heiminn og gagnast fyrirtækjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Nettó ætlar að útrýma sóun á kjöti

Nettó hefur verið leiðandi fyrirtæki í umhverfismálum á smásölumarkaði. Fyrirtækið leggur áherslu á að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi og hefur sett sér metnaðarfulla umhverfisstefnu.

Nettó hefur sett sér metnaðarfulla umhverfisstefnu sem endurspeglar í allri starfsemi fyrirtækisins. Stefnan var unnin þvert á allt fyrirtækið, þar sem starfsmenn tóku þátt í að móta þær leiðir sem farið er eftir í dag. Allt frá árinu 2007 hefur verið lögð gríðarleg áhersla á að draga úr því sorpi sem til fellur frá verslunum Nettó. Á þessu ári voru þau markmið sett að minnka sorpið um 50 tonn árlega til viðbótar við þau 200 tonn sem þegar er búið að minnka um. Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarviðs Samkaupa sem reka Nettó-verslanirnar, segir að til þess að þessi metnaðarfullu markmið náist sé mikilvægt að panta inn í takt við söluspár þannig að rýrnun verði sem minnst.

Minni sóun

„Við höfum verið með áttak í gangi frá árinu 2015 sem kallast Minni sóun og virkar sem nokkurs konar afsláttarkerfi. Ef sala á ákveðinni vöru er ekki takt við væntingar okkar þá getur starfsfólkið veitt afslátt af vörunum til að forða þeim frá rýrnun og að þær endi í ruslinu eða lífrænni endurvinnslu,“ segir Gunnar Egill. „Við erum því með þrjú verðflokkka. Nýjasta varan er seld á fullu verði en afslátturinn eykst síðan eftir því sem varan nálgast síðasta söldudag.“

Gunnar Egill segir að langmesta rýrnunin sé á ferskvöru eins og kjöti og fiski, grænmeti, ávöxtum og mjólkurvörum. „Þar liggja 50-60% af allri rýrnuninni. En við settum okkur það metnaðarfulla markmið að eyða allri sóun í kjötdeildum – að það verði engin rýrnun þar. Þá þarf að panta í takt við söluina en starfsfólk er sífellt að bæta við sig þekkingu og reynslu í því og get ég í sannleika sagt að þau þekkja íslenskan markað orðið mjög vel. Svo þegar við erum að prófa nýjar vörur og nálganir, þá getur það hjálpað til að gefa afslátt af eldri vöru til að ná þessu markmiði. Við erum með slagorðið Kaupu í dag – neyttu í dag. Kúnninn á þá til dæmis kost á að kaupa hakk sem rennur út daginn eftir á 50% afslátt. Við viljum það frekar en að hakkið fari í ruslið.“

Lágmarka neikvæð áhrif

Nettó leggur áherslu á að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi og nýta auðlindir eins og kostur er. Umhverfisstefna félagsins nær til allrar starfseminnar. „Við viljum að starfsmenn



Gunnar Egill Sigurðsson segir Nettó leggja mikla áherslu á umhverfismál. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að minnka sóun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þetta eru þau heimsmarkmið sem Nettó leggur sérstaka áherslu á.

Útrýma einnota plasti úr verslunum

Auk þess að draga úr sorpi er stefna Nettó að útrýma öllu einnota plasti eins og bollum, rörum, plasti utan af grilluðum kjúklingi og bakarísvörum svo dæmi séu tekin.

Eins hefur fyrirtækið sett sér það markmið að fylgja heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun auk þess sem allt starfsfólk fyrirtækisins kom saman í haust og setti sér tíu umhverfis markmið.

Umhverfismarkmið Nettó 2020


- Minnka sorp frá verslunum um 50 tonn til viðbótar við þau 200 tonn sem sorpið hefur þegar minnkað um.
- Útrýma sóun í kjötdeildum.
- Kolefnisjafna Samkaup hf.
- Innleiða plastkassa í netverslun og minnka selda burðarpoka um 50%.
- Útrýma einnota plasti úr öllum verslunum (bollum, rörum o.p.h.).
- Útrýma plasti utan af grilluðum kjúklingi.
- Útrýma plasti í bakað á staðnum.
- Útrýma prentuðum kvittunum úr verslunum.
- Minnka útsenda reikninga um 50%.
- Koma upp sorpflokkun á öllum starfsstöðvum.

Tugmilljóna styrkir til samfélagsverkefna

Nettó leggur áherslu á samfélagslega ábyrgð í allri starfsemi sinni sem endurspeglar metnað fyrirtækisins til að vera traustur og virkur þátttakandi í samfélaginu að sögn Gunnars Egils.

„Við erum með skýra stefnu í styrktarmálum okkar. Eitt af viðfangsefnum Nettó í samfélagslegri ábyrgð er að veita styrki til samfélagsverkefna. Við höfum sett ágóðann af sölu plastpoka inn í samfélagsjóð sem er svo deilt niður á verkefni eftir ákveðnu kerfi, en sjóðurinn úthlutar um 50 milljónum króna á ári. Styrkirnir endurspeglar áherslur fyrirtækisins um þátttöku í samfélaginu og snúa að fjórum flokkum,“ útskýrir Gunnar.

Flokkarnir eru: Heilbrigður lífsstíll, æskulýðs- og forvarnarstarf, umhverfismál og mennta-, menningar- og góðgerðarmál. Á síðustu árum hefur Nettó styrkt á annað hundrað verkefni ár hvert með tugmilljóna styrkjum.



Vörur sem nálgast síðasta söldudag eru seldar á góðum afslátt.

hugsu um umhverfið í daglegum störfum og fylgi umhverfisstefnunni án undantekninga. Í þessu samhengi er lykilþáttur að við stuðlum að góðri fræðslu til okkar starfsmanna, hugsum um hvert okkar hlutverk er sem matvöruverslun og hvernig við getum haft áhrif á umhverfið okkar, leggjum áherslu á mikilvægi umhverfisstefnunnar og þá ferla sem unnið er eftir í öllum verslunum,“ segir Gunnar Egill.

Á grundvelli umhverfisstefnunnar er unnið að stöðugum umbótum til að bæta markvisst árangur.

„Hér eru komandi orkuskipti í kælum mjög stór þáttur sem fær mjög litla umfjöllun. Í Evrópu er verið að innleiða löggjöf sem bannar notkun á freoni sem orkugjafa. Þetta eru orkuskipti sem ganga út á að að skipta freonkælum út fyrir annan umhverfisvænni kost. Það eru nokkrar leiðir

mögulegar, en þetta er risastór áskorun fyrir öll þau fyrirtæki sem nota kæla og frystitæki og skiptir miklu máli fyrir umhverfið,“ segir Gunnar Egill.

Hann segir að langt sé síðan skipt var um orkugjafa í heimilistækjum svo komandi orkuskipti eigi því aðeins við um iðnaðartæki. „Þetta er ekki að fara að gerast á næsta ári en þetta verður eitt af stóru málunum á komandi árum.“

Samfélagsábyrgð er ekki einkamál

Tæp tuttugu ár eru frá stofnun Global Compact, alþjóðlegrar yfirlýsingar sem snýr að aukinni samfélagsábyrgð fyrirtækja og stofnana. Sáttmálinn er sá stærsti sinnar tegundar í heiminum.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserne@frettabladid.is



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, verkefnastjóri á samkeppnishæfnissviði Samtaka atvinnulífsins, heldur utan um verkefnið hér á landi. „Hjá SA held ég meðal annars utan um verkefni tengd samfélagsábyrgð, þar á meðal Global Compact verkefnið en ég er einnig að vinna að verkefnum sem tengjast mennta- og jafnréttismálum, góðum stjórnarháttum og fleiru. Allt verkefni sem skipta miklu máli fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélagið allt sem gerir starfið sérstaklega áhugavert og krefjandi.“

Verkefni eru af ýmsum toga. „Auðvitað er það svo að starfsemi SA hverfist að miklum hluta um kjarasamninga og kjarasamningagerð en ýmiss konar greiningarvinna og önnur efnahagslega og samfélagslega mikilvæg mál eru líka fyrirferðarmikil í okkar starfi enda spilar þetta allt saman í stóra samhenginu. Atvinnulífið er ekki eyland í samfélaginu.“

Viðtækt og veigamikil verkefni

Ingibjörg segir Global Compact verkefnið bæði sögulegt og umfangsmikið. „Global Compact er stærsti vettvangur sinnar tegundar á heimsvísu. Vettvangurinn er merkilegur fyrir margra hluta sakir, meðal annars vegna þess að hann á uppruna sinn árið 1999 í samtali Sameinuðu þjóðanna við áhrifaþjóki á sviðum viðskipta og stjórn mála á heimsviðskiptaráðstefnunni í Davos. Þar lagði Kofi Annan til að þessir aðilar stæðu saman að því að leiða til þess að atvinnulífið tæki ákveðna forystu og ábyrgð varðandi það að leiða



samfélagsþróun og viðskiptahætti í átt að bættum lífsgæðum fyrir alla,” útskýrir hún.

„Um er að ræða varanlegan vettvang sem byggir á 10 stöðum eða markmiðum um ábyrga, mannvæna, afstöðu til umhverfis og samfélags. Global Compact talar vel við önnur verkefni sem taka á sömu viðfangsefnum. Þar er kannski fyrst að nefna Heimsmarkmiðin sem taka í raun á mörgu af því sama en eru skilgreind með öðrum hætti og eðli málsins samkvæmt eru þau tímasett með skýran endapunkt og mælikvarða. Global Compact verkefnið er vel til þess fallið að vinna með Heimsmarkmiðin enda styðja þau grunnhugmyndir vettvangsins.“

Mun hafa áhrif á árangur fyrirtækja

Ingibjörg segir að velgengni fyrirtækja muni á komandi árum að mörgu leyti ráðast af því hvernig

þau nálgast þetta mikilvæga viðfangsefni. „Samfélagsábyrgð í verki er áskorun sem bíður atvinnulífsins um heim allan að takast á við. Margir eru komnir af stað og sinna málaflokknum afar vel. Aðrir eru að leita leiða og átta sig á því hvernig hægt er að nálgast verkefnið. Samfélagsábyrgð er ekki einkamál nokkurra fyrirtækja og er heldur ekki gæluverkefni eða einföld leið til markaðssetningar. Þetta er í raun efnahagsmál. Frammistaða og árangur fyrirtækja og jafnvel samfélaga mun í framtíðinni ráðast af því hvernig aðilar halda á þessum málum og grundvallar á margan hátt þróun samkeppnishæfni.“

Ingibjörg segir smæð Íslands fela í sér bæði kosti og galla. „Þróunin er hröð og margar leiðir bjóðast í þessum efnum. Það veldur okkur nokkrum áhyggjum hversu hátt flækjustigið er orðið og hversu erfitt getur orðið fyrir þá sem vilja taka markviss skref að finna út þær

leiðir sem þjóna best viðkomandi aðila. Þarna erum við í nokkurri sérstöðu í íslensku atvinnulífi þar sem mjög hátt hlutfall fyrirtækja eru lítil eða meðalstór og það getur reynst þeim erfitt að ná yfir þá sérfræðipækkingu sem nauðsynleg er til að koma málunum í formlegan farveg. Á móti kemur sérstaða okkar varðandi samfélagið sem við búum í. Mörg af markmiðum Global Compact og Heimsmarkmiðum eru til dæmis afar aðgengileg fyrir íslensk fyrirtæki vegna þess hve góð lífskjör og aðstæður við búum við.“

Mikilvægt að vinna saman

Viðtökurnar hafa verið góðar hér á landi. „Hér á landi eru 24 fyrirtæki sem eru aðilar að vettvanginum og við finnum fyrir miklum áhuga hjá mörgum í kringum okkur. Global Compact er afar hentugur vettvangur sem fyrsta skref hjá fyrirtækjum sem stefna á mark-

vissar aðgerðir. Þróskuldurinn er lágur og litlar kvaðir og kostnaður. Í rauninni veitir vettvangurinn fullkomið aðhald á fyrstu skrefum þessarar mikilvægu vegferðar og það er svo fyrirtækjanna að finna hvaða leiðir þjóna best hagsmunum hvers fyrirtækis fyrir sig, allt veltur það á eðli starfseminnar, umfangi, mörkuðum og aðstæðum.“

Þátttaka Íslands í verkefni af þessari stærðargráðu geti haft í för með sér ótal kosti. „Global Compact er þekkt á alþjóðavísu og sem gefur verkefninu mikinn styrk, bæði vegna tengslanna sem hægt er að byggja upp í gegnum netið en líka vegna þeirrar alþjóðlegrar viðurkenningar sem aðild felur í sér. Slíkt er mikils virði fyrir land sem treystir á útflutning í eins miklum mæli og við gerum.“

Þá er nóg fram undan. „Nú er í undirbúningi að stofna formlegt net eða vettvang íslensku fyrirtækjanna sem eru aðilar að Global Compact. Með því neti viljum við styrkja frekara samtal fyrirtækja hér heima sem eru að vinna að verkefnum á sviði samfélagsábyrgðar. Eins mun slíkur vettvangur eiga í góðu samtali við önnur samtök og hagsmunaaðila sem vinna að slíkum mállefnum,” segir Ingibjörg.

„Það er mikilvægt að allir sem að þessum verkefnum koma leggjast saman á áramnar varðandi það að einfalda og skýra eins og kostur er þennan frumskóg sem markmið, staðlar, regluverk, vottanir og kerfi samfélagsábyrgðar eru í dag. Það verður ekki hjá því komist að fyrirtæki taki afstöðu til þess hvernig þau vilja vinna að verkefnum á sviði samfélagsábyrgðar á næstu misserum og SA mun með stuðningi við Global Compact og eftir öðrum leiðum styðja fyrirtæki á þeirri vegferð eins og kostur er.“

Íslenskt atvinnulíf vill gera vel í loftslagsmálum og stuðla að sjálfbærri þróun,” segir Kamma Thordarson, verkefnistjóri kynninga hjá Grænvangi hjá Íslandsstofu.

„Grænvangur leggur áherslu á aðkomu atvinnulífs að metnaðarfullu markmiði um Kolefnishlutlaust Ísland 2040,” upplýsir Kamma. „Um þessar mundir eru Grænvangur og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, í samstarfi við Festu og atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið að skipuleggja Loftslagsmót 2020, þar sem fyrirtæki geta fundið aðila til að vinna með til að draga úr sinni losun.“

Gífurlegur áhugi er fyrir Loftslagsmótinu og þegar hafa 90 fyrirtæki skráð sig og sínar lausnir.

„Loftslagsmót er vettvangur fyrir fyrirtæki sem leitast eftir eða bjóða upp á ráðgjöf og lausnir, á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Hér er átt við hvers kyns lausnir sem styðja við umhverfisvænni rekstur. Markmið viðburðarins eru: Að hvetja fyrirtæki til að kynna sér þær grænu lausnir sem eru í boði, að bjóða fyrirtækjum upp á vettvang til að kynna sínar lausnir og þjónustu, og að stuðla að jákvæðum aðgerðum í rekstri fyrirtækja í þágu loftslagsmála,” segir Birta Kristín Helgadóttir, verkefnastjóri greininga, um Loftslagsmótið 2020 sem haldið verður 3. mars á Grand Hótelu en þess má geta að skráning er nauðsynleg.

Stóra verkefni ársins, Hreinn, 2 og 3! snýr að því að flýta orkuskiptum í samgöngum með því



Grænvangur er hýstur hjá Íslandsstofu. Frá vinstri: Birta Kristín Helgadóttir, verkefnastjóri greininga, Kamma Thordarson, verkefnastjóri kynninga og Eggert Benedikt Guðmundsson, forstöðumaður Grænvangs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Grænvangur setur loftslagsmál í forgang

Grænvangur er samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda um loftslagsmál og hefur það hlutverk að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að koma í veg fyrir frekari loftslagsbreytingar af mannavöldum.

Við völdum orkuskipti í samgöngum sem okkar fyrsta verkefni því þar er bæði mest í húfi og lausnirnar skýrastar.

Eggert Benedikt Guðmundsson

að fyrirtæki skuldbindi sig til að hætta nýskráningu fólkubíla sem keyra á bensíni og dísil frá og með árinu 2023 og skipti þá yfir í hreinorkubíla.

„Við völdum orkuskipti í samgöngum sem okkar fyrsta verkefni því þar er bæði mest í húfi og lausnirnar skýrastar,” segir Eggert Benedikt, forstöðumaður Grænvangs. „Íslendingar hafa nú þegar náð þeim árangri að nýta endurnýjanlega orkugjafa fyrir bæði rafmagnsframleiðslu og húshitun en losun frá vegasamgöngum nemur um 975.000 tonnnum koltvísýringisígilda á ári og þar má vel gera betur.“

Erlendis snýst starfsemi Grænvangs um að kynna íslenskar grænar lausnir sem henta til útflutnings og draga úr losun á heimsvísu. Teymið vinnur nú að því að kortleggja þær lausnir sem í boði eru og verða þær kynntar undir formerkjum Green by Iceland þegar fram líða stundir.

Meira um Grænvang á grænvangur.is

Samvinna er lykill að árangri

Isavia vill sýna samfélagsábyrgð og byggja upp sjálfbæran rekstur. Þar er lögð mikil áhersla á gagnsæi, að minnka kolefnisfótsporið og vinna að verkefnum sem styðja við heimsmarkmið SP.

Stefna Isavia í samfélagsábyrgð, sem sett var árið 2016, segir að félagið skuli stuðla að jafnvægi milli efnahags, umhverfis og samfélags með sjálfbærni að leiðarljósi. Hrönn Ingólfssdóttir, forstöðumaður stefnumótunar og samfélagsábyrgðar hjá Isavia, hefur átt mikinn þátt í mótun og framkvæmd stefnunnar í samfélagsábyrgð. „Við viljum byggja upp rekstur sem er sjálfbær til lengri tíma lítið í samstarfi og sátt við viðskiptavinir og aðra hagaðila. Við leggjum áherslu á að vinna að góðu starfsumhverfi og ánægju starfsfólks félagsins,“ segir Hrönn.

Flugvellir hafa mikið efnahagslegt mikilvægi

„Isavia gegnir mikilvægu hlutverki í efnahagslegu og samfélagslegu samhengi. Flugvellir félagsins, sér í lagi Keflavíkurflugvöllur, skapa verðmæti fyrir íslenskt hagkerfi,“ segir Hrönn. „Beinar flugtengingar skipta gríðarlega miklu máli. Eftir því sem þeim fjölga verður hagkvæmara fyrir íslensk fyrirtæki og einstaklinga að stunda viðskipti, flytja út vörur, leita sér þekkingar og menntunar erlendis og nálgast menningu og listir, svo eitthvað sé nefnt. Rannsókn ráðgjafarfyrirtækisins InterVistas fyrir alþjóðasamtök flugvalla í Evrópu, ACI Europe, sem birt var árið 2015, sýnir að 10% aukning í flugtengingum þýði í raun 0,5% aukningu á vergrí landsframleiðslu þjóðar.“

Gagnsæi tryggt með nákvæmri skýrslugjöf

Isavia er nú að vinna að fjórðu árs- og samfélagsskýrslu sinni. „Þar sem við erum eina fyrirtækið í flugvallarekstri hér á landi lítum við til samstarfsaðila okkar erlendis þegar kemur að því að fóta okkur á braut samfélagsábyrgðar,“ segir Hrönn. „Flugiðnaðurinn í heild er að vinna mjög vel að þessu málefni á heimsvísu. Þannig að fyrir utan að vera með í innlendum hvataverkefnum, þá erum við að taka upp bestu starfsvenjur þaðan.“

Aðrir flugvellir eru að gefa út samfélagsskýrslur í samræmi við viðmið GRI – Global Reporting Initiative, enda eru sérákvæði þar undir sem taka sérstaklega á þeim áskorunum og tækifærum sem flugvellir standa frammi fyrir,“ segir Hrönn. „Það lá því beinast við fyrir okkur að velja þá skýrslugjöf. Það var svo sérstaklega gaman að fá verðlaun Festu, Stjórnvísis og Viðskiptaráðs fyrir samfélagskýrslu ársins í fyrra.“

Samvinna um markmiðin

Hrönn segir að Isavia hafi hrundið af stað fjöldamörgum verkefnum á síðustu fjórum árum sem tengjast samfélagsábyrgð. „Í ár er félagið að setja sér markmið, bæði til lengri og skemmri tíma, í tengslum við níu af sautján Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna,“ segir hún. „Þar á meðal er unnið með sveitarfélögum fjórum á Suðurnesjum að verkefni undir heitinu Samvinna um Heimsmarkmiðin. Aðilar verkefnisins munu setja sér sameiginleg markmið fyrir svæðið í tengslum við markmiðin svo tryggt sé að allir vinni á samræmdan hátt.“

Jafnrétti kynjanna

Jafnrétti kynjanna er eitt af þeim Heimsmarkmiðum sem Isavia vinnur markvisst að. „Félagið lauk vottun á jafnlaunastaðli árið 2018



Hjá Isavia er lögð mjög mikil áhersla á að taka ábyrgð, byggja upp sjálfbæran rekstur og að tryggja ánægju starfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Isavia hefur sett sér markmið til lengri og skemmri tíma í tengslum við níu af sautján Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Hér sést framkvæmdastjórnin með þau níu markmið sem fyrirtækið vinnur að.

og náði því markmiði að útrýma óútskýrðum launamun kynjanna,“ segir Hrönn. „Þá hefur Isavia, í samstarfi við lögreglustjórn á Suðurnesjum, gefið út myndband um einkenni mansals. Myndbandið er notað til að þjálfa starfsfólk sem er í beinum samskiptum við farþega í að taka eftir merkjum um mögulegt mansal, en ungar konur og börn eru meirihluti þeirra sem verða fyrir mansali. Fræðsludeild Isavia vann myndbandið, en því hefur verið dreift til annarra fyrirtækja sem eru með starfsemi á flugvöllum svo allir geti notið góðs af.“

Aðgerðir í loftslagsmálum

„Eldsneytisnotkun Isavia er kolefnisjöfnuð í samvinnu við

Kolvið og Votlendissjóð, en hún vegur þyngst í kolefnisspori félagsins,“ segir Hrönn. „Stærsta hluta notkunarinnar má rekja til þjónustu og viðhalds á flugbrautum og athafnasvæðum flugvalla, en sú þjónusta er að miklu leyti háð vedri.“

Mikil áhersla er lögð á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Líður í því er þátttaka Keflavíkurflugvallar í Airport Carbon Accreditation (ACA) sem er kolefnisvottunarkerfi á vegum alþjóðasamtaka flugvalla, Airport Council International (ACI), en kerfið er sérstaklega hannað fyrir flugvelli.

„Vegferðin hófst fyrir fjórum árum þegar kolefnisspor Keflavíkurflugvallar var kortlagt og

markmið sett um minnkun kolefnislosunar,“ segir Hrönn. „Eftir þriggja ára mælingar þar sem við gátum sýnt fram á minnkun á milli ára náðum við öðru skrefi vottunarinnar af fjórum og nú erum við að vinna markvisst með rekstraráðilum á flugvöllum að minnkun kolefnislosunar fyrir Keflavíkurflugvöll í heild sinni til að ná næsta skrefi.“

Stuðningur yfirstjórnar er mjög mikilvægur

„Það skiptir höfuðmáli að forstjórar og stjórn fyrirtækja styðji vel við bakið á innleiðingu stefnu í samfélagsábyrgð,“ útskýrir Hrönn. „An þess mikilvæga stuðnings er einsýnt að fyrirtækjamening þar sem samfélags-

“Þetta er langtíma-verkefni en við brettum upp ermar og horfum fram á veginn. Það er mikilvægt að viðskiptavinir og samfélagið sjái að við séum raunverulega að huga að þessu mikilvæga málefni.“

ábyrgð er sett á oddinn nær ekki fram að ganga.“

Ávinningur samfélagsábyrgðar er það mikill að hún þarf að vera samofin framtíðarsýn og þeim gildum sem hvert fyrirtæki stendur fyrir. „Yfirstjórn Isavia hefur sýnt það í verki með því að setja stefnumótun og samfélagsábyrgð undir einn hatt í nýlegri breytingu á skipuriti félagsins. Samfélagsábyrgð verður þannig órjúfanlegur hluti af almennri stefnumörkun fyrirtækisins,“ segir Hrönn.

Samfélagsábyrgð verður langtímaverkefni

Hrönn segir að Isavia leggi áherslu á þennan málaflokk til framtíðar. „Þetta er langtímaverkefni en við brettum upp ermar og horfum fram á veginn. Það er mikilvægt að viðskiptavinir og samfélagið sjái að við séum raunverulega að huga að þessu mikilvæga málefni,“ segir Hrönn. „Það má heldur ekki gleyma mikilvægi þess að við viljum vera eftirsóknarverður vinnustaður og samfélagsáherslur eru liður í því. Starfsfólk vill starfa hjá fyrirtæki sem stuðlar að ávinningi fyrir samfélagið í heild og við hjá Isavia viljum að allir finni að þeir séu hluti af góðu ferðalagi.“

Arion banki á grænni vegferð

Nýlega birti Arion banki árs- og samfélagskýrslu fyrir árið 2019 þar sem meðal annars er farið yfir verkefni og árangur bankans í umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum.

Árs- og samfélagskýrslu Arion banka er meðal annars fjallað um nýja metnaðarfulla umhverfis- og loftslagsstefnu bankans þar sem fram kemur að bankinn ætli að beina sjónum sínum að fjármögnun verkefna sem snúa að sjálfbærri þróun og grænni innviðaupbyggingu, meta núverandi lánasafn út frá grænum viðmiðum og setja sér markmið fram á veginn. Einnig að bankinn ætli að gera þá kröfu til sinna birgja að þeir vinni að því að lágmarka umhverfis- og loftslagsáhrif í sinni starfsemi. Bankinn hefur frá árinu 2016 meðal annars fylgt leiðbeiningum Nasdaq í skýrslugjöf um samfélagsábyrgð.

Hlédís Sigurðardóttir er verkefnastjóri samfélagsábyrgðar hjá Arion banka:

„Loftslagsbreytingar eru grafalvarlegt mál og við vitum að við þurfum að bregðast við strax ef við viljum lágmarka skaðann. Við treystum vísindamönnum sem hafa komist að þeirri niðurstöðu að loftslagsbreytingarnar séu af mannavöldum og tókum skýra afstöðu með þeim. Það er kominn tími á aðgerðir og við í Arion banka ætlum að leggja okkar af mörkum og erum að taka fyrstu



Hlédís Sigurðardóttir er verkefnastjóri samfélagsábyrgðar hjá Arion banka.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

skrefin á þeirri vegferð,” segir Hlédís.

Arion banki hefur þegar farið í margvíslegar aðgerðir sem hafa leitt til þess að dregið hefur úr losun gróðurhúsalofttegunda um rúm 29 prósent í starfsemi bankans frá árinu 2015.

„Við höfum meðal annars rafvætt hluta bílflotans og fækkað

fermetrum fyrir starfsemina. Þá höfum við flokkað meira, dregið úr matarsóun í mótuneyti höfuðstöðva og hvatt starfsfólkið okkar til að nýta vistvænan samgöngumáta í og úr vinnu. Flugferðum hefur þó fjölgað síðan bankinn var skráður á markað í Svíþjóð og það er ákveðin áskorun,” segir Hlédís.

Arion banki er einnig í samstarfi við Kolvið vegna mótvægisáðgerða og gróðursetur um 5.000 tré fyrir hvert rekstrarár.

„Við viljum hins vegar ganga enn lengra og ætlum að setja aukinn fókus á að hafa jákvæð áhrif á þá aðila sem við kaupum þjónustu af og þá sem við lánum til því þar getum við í raun haft miklu meiri

áhrif heldur en þegar við drögum úr losun í okkar eigin starfsemi, þótt að það sé auðvitað mikilvægt líka,” segir Hlédís jafnframt.

Bankinn gerðist aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi síðastliðið haust ásamt um 130 öðrum bönkum frá 49 löndum. Með aðildinni skuldbinda bankarnir sig til að leggja sitt af mörkum til að mæta þörfum einstaklinga og markmiðum samfélagsins eins og þau eru skilgreind í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Parísarsamkomulaginu og greina frá árangrinum á gagnsæjan hátt.

„Þetta alþjóðlega samstarf er gríðarlega mikilvægt því maður getur rétt ímyndað sér hversu mikið fjármagn flæðir í gegnum fjármálakerfið á heimsvísu. Það hvernig fjármagninu er stýrt, og í hvaða verkefni er lánað, er því lykilbreyta í því að við náum markmiðum Parísarsamkomulagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40 prósent fyrir árið 2030. Eins og staðan er núna stefnir því miður ekki í að þau markmið náist. Því verðum við einfaldlega öll að gera það sem í okkar valdi stendur og það hratt,” segir Hlédís að lokum.

Sífelld fleiri innleiðða markmiðin

Heimsmarkmiðin voru samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2015 og tóku við af þúsaldarmarkmiðunum. Tilgangurinn markmiðanna er að stuðla að sjálfbærri þróun.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is




Heimsmarkmiðin tóku gildi 1. janúar 2016 og gilda út árið 2030. Öll 193 ríkin sem eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum tóku ákvörðun um að taka upp þessi markmið.

„Megintilgangur þúsaldarmarkmiðanna var að efla stöðu fólks í þróunarríkjunum og færa þau nær iðnríkjunum. En heimsmarkmiðin taka inn fleiri þætti, ekki bara félagslega og efnahagslega þætti heldur líka umhverfismál. Það er þetta þrennt sem skapar stöðir sjálfbærrar þróunar,” segir Vera Knútsdóttir, framkvæmdastjóri Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

„Heimsmarkmiðin ganga lengra en þúsaldarmarkmiðin og gilda um öll ríki heims. Þau er ekki bara hugsuð sem tæki í þróunarsamvinnu heldur eru þau hugsuð til að öll ríki heims taki þau til sín og vinni að þeim samhlíða. Heimsmarkmiðin eru: Ef þú ætlar að búa í samfélagi sem er öruggt fyrir alla, þar sem aðgengi að þjónustu og atvinnu og öðru er gott þá verður líka að hafa umhverfismálin í lagi. Það er lífsviðurværið, við drögum náttúrulega allt frá náttúrunni.“

Ríkin 193 eru ekki skuldbundin því að vinna að markmiðunum að sögn Veru, en á Íslandi hafa verið gerðar áætlanir um hvernig íslenska ríkið ætlar að innleiða þau. „En það eru fleiri sem vinna að því að ná þessum markmiðum en ríkin eða Sameinuðu þjóðirnar. Þetta er verkefni sem sveitarfélög og fyrirtæki í einkageiranum hafa líka verið að vinna að,” segir Vera.



Vera Knútsdóttir segir að heimsmarkmiðin gildi um öll ríki heims.

”Ef þú ætlar að búa í samfélagi sem er öruggt fyrir alla þá verður að hafa umhverfismálin í lagi.

„Hjá ríkinu eru heimsmarkmiðin til dæmis tengd inn í allar fjármálaáætlanir sem hafa verið gerðar. Þannig er hægt að mæla það beint hvort verið sé að verja nógu fjármunum í verkefni sem uppfylla heimsmarkmiðin. Ísland kynnti skýrslu um stöðuna á héraðs hátt hjá Sameinuðu þjóðunum í fyrrasumar. Ríkið er að vinna að verkefnum í þróunarsamvinnu sem stuðla að heimsmarkmiðunum og vinnur að því að tengja

öll verkefni íslenska ríkisins við heimsmarkmiðin.“

Inni á vefsíðunni visar.hagstofa.is er hægt að finna upplýsingar um heimsmarkmiðin og þar er hægt að sjá mælikvarða sem mæla árangurinn á Íslandi. „Það er verið að tryggja að staðan sé sýnileg almenningi,” útskýrir Vera og bætir við að sífelld fleiri fyrirtæki taki markmiðin inn í sínar áætlanir um samfélagsábyrgð. „Nú eru líka fleiri og fleiri fjár-

festar farnir að setja tengingu við heimsmarkmiðin og samfélagslega ábyrgð sem skilyrði fyrir fjárfestingu.“

Heimsmarkmiðin í heild eru 17 og undirmarkmiðin eru 169.

Hægt er að lesa um þau öll á vefsíðunni heimsmarkmiðin.is. Þar er líka listi yfir verkefni sem sveitarfélög og fyrirtæki og aðrir aðilar sem eru að vinna verkefni sem tengjast heimsmarkmiðunum hafa skráð inn.



Guðmundur Jóhann Jónsson er forstjóri Varðar sem leitast við að eiga ábyrg og traust samskipti við hagaðila sem leggja áherslu á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð. MYND/ÁRNI SÆBERG

Byggt á siðferðislegum gildum

Vörður einsetur sér í allri starfsemi sinni að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þróun og umhverfið sem félagið starfar í. Þá er lögd rík áhersla á jafnréttismál, velferð og velliðan starfsfólks.

Samfélagsábyrgð er samþætt stefnu og starfsháttum Varðar og í sinni einföldustu mynd snýst hún um ábyrga starfshætti. Grunnurinn er siðferðislegur og forsenda góðra verka og faglegra ákvarðana. Tilgangurinn grundvallast á að starfa af heilindum til hagsbóta fyrir alla hagaðila fyrirtækisins, eins og viðskiptavini, starfsfólk, eigendur og samfélagið í heild. Markmiðið með ábyrgum starfsháttum er að skapa sameiginlegt virði,“ útskýrir Guðmundur Jóhann Jónsson, forstjóri Varðar, þegar hann er inntur eftir samfélagsábyrgð fyrirtækisins.

Rætur Varðar má rekja til Eyjafjarðar, allt aftur til ársins 1926 þegar Vélbátasamtrygging Eyjafjarðar var stofnuð. Í dag er Vörður alhliða váttryggingafélag með liðlega 60 þúsund viðskiptavini um land allt og um 100 manna öflugan hóp starfsfólks með fjölbreyttan bakgrunn, menntun, reynslu og hæfni. Félagið býður hagkvæmar tryggingalausnir á samkeppnishæfu verði fyrir einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki.

Guðmundur segir að Vörður einsetji sér í allri starfsemi sinni að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þróun og umhverfið sem félagið starfi í. Meðal kjarnaþátta í samfélagsstefnu Varðar séu mannrækt, ábyrg tryggingastarfsemi, virk umhverfisstefna, ábyrgir stjórnar- og stjórnunarhættir, framlög og styrkir til góðgerðar- og félagsamtaka, rekstur og þjónusta byggð á siðrænum gildum, fræðsla, gagnsæi og virk upplýsingagjöf.

Guðmundur segir jafnframt að í áætlun samfélagsstefunnar sé reynt að setja skýr og framfylgjanleg markmið sem unnin eru í samstarfi við hagaðila og samræmist heildarstefnunni. Markmiðin séu fjölmörg og fjallir fyrst og fremst um að stunda ábyrga tryggingastarfsemi og að starfa náð og á ábyrgan hátt með samfélaginu og umhverfinu. „Fyrirtæki eiga að axla ábyrgð á öllum sínum ákvörðunum og athöfnum, líkt og góðir og gildir þjóðfélagsþegar gera. Samfélagsábyrgð snýst ekki eingöngu um að fara að lögum og reglum heldur einnig að bera virðingu fyrir samborgurunum, umhverfinu og samfélaginu öllu. Við viljum leggja okkar af mörkum til að efla komandi kynslóðir og stuðla að framförum í samfélaginu með því að gera meira en lög og reglugerðir krefjast.“

Tryggingar á mannamáli

Í samfélagsstefnu Varðar segir að virðisdeðja félagsins sé byggð á siðrænum og samfélagslega ábyrgum gildum. Vörður leitist þannig við að eiga ábyrg og traust samskipti við hagaðila sína þar sem áhersla er lögd á að auka sjálfbærni og skapa verðmæti fyrir samfélagið og umhverfið.

„Vörður kys að starfa með birgjum sem starfa eftir sömu gildum og brýnir þá að huga að sjálfbærni. Lögd er áhersla á að vörur Varðar séu samfélagslega ábyrgar og að þjónustan sé byggð á siðferðislegum gildum. Þá er lögd áhersla á að viðskiptavinir séu vel upplýstir um hvað vörur félagsins standa fyrir og þar með

“Skiljanlegt og einfalt málfar minnkar tortryggni sem getur skapast vegna flókins tungumáls. Skýrt mál er því okkar mál.

vel meðvitaðir um ákvarðanir sínar við val á þeim,“ segir Guðmundur.

Hann nefnir sem dæmi að undanfarið misseri hafi félagið unnið að umfangsmiklu verkefni sem starfsfólk kalli „tryggingar á mannamáli“ en það snýr að skýru og skiljanlegu málfari í tryggingum. Markmiðið sé að koma til móts við þarfir neytenda, auka skilning þeirra á tryggingum og einfalda framsetningu flókins tryggingamáls.

„Segja má að besta tryggingin hjá Verði sé sú trygging sem félagið og viðskiptavinurinn hafa sameiginlegan skilning á. Hér viljum við sýna ákveðið frumkvæði og viljum meina að frumkvæðir upplýsingar séu gagnsæi. Gagnsæi eykur þekkingu á Verði sem fyrirtæki, vörum þess og þjónustu. Það má með sanni segja að einfaldara tungumál skapi betri skilning á eiginleikum vara og þjónustu Varðar og þar með gæðum á öllum stigum,“ útskýrir Guðmundur og bæti við að með betri samskiptum komi snerpan og skilvirknin.

„Skiljanlegt og einfalt málfar minnkar tortryggni sem eðlilega getur skapast vegna flókins tungu-

máls. Skýrt mál er því okkar mál.“

Umhverfið varðar okkur öll

Guðmundur segir Vörðu hafa um langt skeið verið umhugað um umhverfismál og að félagið leitist við að vinna með aðilum sem hafa sett sér stefnu í umhverfismálum og samfélagslegri ábyrgð. Hann segir að unnið sé markvisst að því að auka umhverfisvæna þætti í allri starfsemi og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið. „Árið 2010 setti Vörður umhverfismál inn í stefnu sína og hefur síðan þá þróað málaflokkinn yfir í heildstæða stefnu um samfélagslega ábyrgð. Vörður er til dæmis aðili að Festu og eitt af 104 fyrirtækjum sem undirrituðu loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar árið 2016 þar sem fyrirtækin skuldbinda sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs og mæla árangurinn,“ segir Guðmundur.

Frá árinu 2017 hefur Vörður gefið árlega út viðamikla sjálfbærnisráðgjafur þar sem góða mynd er að fá á aðgerðir félagsins í samfélagsmálum. Í henni kemur fram að Vörður vinnur með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

„Á síðasta ári skiptum við til dæmis út bensín- og dísilbílum okkar fyrir rafmagnsbíla til að minnka losun og kolefnisjöfnuðum reksturinn í samvinnu við Kolvið. Þá höfum við flokkað úrgang hjá okkur frá 2011 og markvisst stefnum við að aukinni og betri flokkun. Samfélagsleg ábyrgð og umhverfisvæn hegðun er til hagsbóta fyrir alla aðila,

bæði fyrirtækin sjálf, viðskiptavini og starfsfólk,“ upplýsir Guðmundur.

Starfsfólk dýrmætasta auðlindin

Að hlúa vel að starfsfólki er hluti af samfélagsstefnu Varðar. Áhersla er lögd á velferð og velliðan og starfsfólk hvatt til heilbrigðis lífennis og hreyfingar. Félagið greinir reglulega þætti í vinnuumhverfinu sem geta haft áhrif á líðan, heilsu og öryggi starfsfólks og vinnur að úrbótum sé þess þörf. Guðmundur nefnir að innan félagsins starfi heilsunefnd sem skipuleggi ýmsa heilsutengda viðburði og velferðarnefnd sem vinni að málum eins og jafnrétti, vinnurétt, einelti og áreitni og öðru sem snúi að velferð starfsfólks. „Vörður veitir starfsfólki styrki til þátttöku í heilsueflandi athöfnum og tómstundum og býður því að gangast undir mat á heilsufari og líðan. Við matíð er notast við heildræna nálgun og horft til fleiri þátta en líkamlegra, svosem geðheilsu, persónulegrar heilsu, félagslegrar heilsu og faglegrar heilsu. Með slíkri nálgun næst meiri árangur við mat á heilsu og velliðan starfsfólks,“ segir Guðmundur og bendir jafnframt á að jafnréttismálin séu ekki síður mikilvæg starfsfólki en velferð og velliðan.

„Segja má að jafnrétti sé greipt inn í menningu Varðar. Við erum sérlega stolt af því að árið 2014 hlaut Vörður, fyrst fjármálafyrirtækja, jafnlaunavottun og höfum við starfað eftir því kerfi allar götur síðan. Þá höfum við mjög skýra jafnréttisstefnu sem er ætlað að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af báðum kynjum.“



Ragnar sér fyrir sér að hægt sé að nýta gler á marga vegu.

Stærsti vandinn hvað varðar umhverfispáttinn er vegna mannvirkja sem þegar hafa verið byggð. Þar er kolefnisfótsporíð stærst.

Við þurfum að endurskoða hugmyndir okkar um fegurð

Sífelld fleiri leitast við að endurnýta skó og fatnað í stað þess að kaupa nýjan og henda þeim gamla. Það er jákvæð þróun en ljóst er að eigi markmið Parísarsáttmálans að nást þarf mannkynið að gera róttækari breytingar á hugsunarhætti sínum, venjum og neyslumunstri.

Þetta segir Ragnar Ómarsson, byggingafræðingur á byggingasviði Verkis. Hann segir brýnt að huga betur að kolefnisfótsporinu sem þegar er bundið í eldri mannvirkjum með því að nýta byggingarefni í mannvirkjunum betur.


Kolefnislosun mannvirkja heldur áfram eftir að byggingu þeirra er lokið

„Byggingariðnaðurinn er ábyrgur fyrir um 39 prósent af allri kolefnislosun mannsins á heimsvísu. Losunin er tvíþætt, annars vegar kolefnislosun sem er bundin í mannvirkinu sjálfu á byggingartíma þess og hins vegar losun vegna reksturs mannvirkisins á líftíma þess. Innbyggða losunin er það kolefni sem er losað við öflun hráefna og meðhöndlun og framleiðslu byggingarefna, flutning þeirra á byggingarstað, uppbyggingu mannvirkisins, niðurrif þess að loknum líftíma ásamt úrgangsméðhöndlun og endurvinnslu,“ upplýsir Ragnar en kolefnið sem losnar við rekstur mannvirkis á líftíma þess, er til dæmis vegna loftræstingar, húshitunar, rafmagnsnotkunar og viðhalds mannvirkisins.

Í starfi sínu veitir Ragnar meðal annars ráðgjöf vegna sjálfbærni mannvirkja.

„Þar er horft til þriggja þátta: Vistvænnar hönnunar til að veða á móti umhverfisáhrifum mannvirkisins á líftíma þess, lífsferilsgreiningar til að draga úr fjárhagslegri sóun og samfélagsgreiningar til að viðhalda öryggi og þægindum notenda án þess að það bitni á umhverfi og fjárhag. Lífsferilsgreiningar snúast um að skoða hver séu umhverfisleg, fjárhagsleg og samfélagsleg áhrif vegna undirbúnings, uppbyggingar, afnota, viðhalds og niðurrifs mannvirkis á öllum líftíma þess,“ útskýrir Ragnar.

„Lykilatriði í allri ætlanagerð fyrir mannvirkjagerð er að áætla



Ragnar Ómarsson er byggingafræðingur hjá Verkis verkfræðistofu. Hann segir að aukin áhersla á sjálfbærni mannvirkja sé mikilvægt næsta skref þegar kemur að baráttunni við loftslagsbreytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

fyrir allan líftíma mannvirkisins, frá fyrstu hugmynd og þar til fyrir sjáanlegt sé að hætta þurfi notkun mannvirkisins,“ segir Ragnar og bendir á að það breyti allri hugsun við ráðgjöf um mannvirki og mannvirkjagerð. Mikilvægt sé að horfa lengra en aðeins til byggingar mannvirkja, þau lifi áfram og skoða þurfi áhrif þeirra fram í tímann.

„Gera þarf skýlusa kröfu um að byggingar endist í marga áratugi eða árhundrað til þess að draga úr hráefnavinnslu og minnka sóun á verðmætum,“ segir Ragnar.

Gera má ráð fyrir að endurnýjunarþörf mannvirkja sé á bilinu eitt til tvö prósent á hverjum tíma. Það þýðir að um það bil 98 til 99 prósent af öllum mannvirkjum eru gömul. Ragnar bendir á að stærsti

vandinn hvað varðar umhverfispáttinn sé vegna þeirra mannvirkja sem þegar hafa verið byggð, þar sé kolefnisfótsporíð stærst. „Það er hin eiginlega áskorun sem við stöndum frammi fyrir í dag. Það er tiltölulega auðvelt að ætla sér að gera ný hús betur úr garði en við gerum í dag en það er erfiðara að taka eldri húsin og breyta þeim þannig að þau dragi úr orkunotkun á notkunartíma þeirra. Í mannvirkinu er síðan bundið kolefni, kolefnisfótspor sem er fast í byggingarefnunum og við getum aldrei tekið til baka og því er það eina sem við getum gert að nýta gömlu byggingarefni betur,“ segir Ragnar.

Þegar hús er komið á þann stað á lífsferlinum að það þjónar ekki lengur tilgangi sínum þarf að finna

leiðir til þess að nýta mannvirkið á annan hátt eða nýta byggingarefni þess með öðrum hætti til að spara það bundna kolefni sem þegar er til staðar í húsinu.

„Þetta er það sem við þurfum að takast á við í æ ríkari mæli í okkar ráðgjöf hjá Verkis. Við verðum að beina sjónum okkar að því hvernig hægt sé að endurnota mannvirki og byggingarefni. Í flestum tilfellum er umhverfissvænna að viðhalda því sem til staðar er frekar en að taka það í sundur og nota byggingarefni annars staðar eins og gert hefur verið til dæmis í landfyllingum,“ segir Ragnar.

Við þurfum ekki að sækja nýtt hráefni út í náttúruna

Að sögn Ragnars er einstaklingurinn fastur í fegurðarímynd sem

bundin er við tæknilega fullkomnun þegar kemur að byggingum og innanstokksmunum þeirra sem veldur því að í dag sé of miklu af nýtanlegu byggingarefni hent. Fólk muni þurfa að tileinka sér annað hugarfar um fegurð og notagildi innanstokksmuna.

„Við viljum hafa borðplötur sléttar en þurfum kannski að sætta okkur við að þær verði ekki þannig í framtíðinni. Við þurfum að taka byggingarefni sem hefur verið notað í eitthvað annað og breyta því í borð. Við megum varla sjá rispu á einhverju og þá teljum við að það sé ónýtt. En það er það ekki, það er hægt að nota hlutina miklu meira og betur en við gerum,“ bendir Ragnar á.

Tvöfalt gler er einnota í þeim skilningi að þegar komin er móða á milli glerja hefur þéttingin á milli þeirra opnast og glerið er ekki einangrandi lengur.

„Hvað gerum við þá? Við fáum okkur bara nýtt tvöfalt gler, vegna þess að það gamla er ónýtt, segjum við. En það er ekkert ónýtt, þetta eru bara tvær skífur af gleri. Þetta getur jafnvel verið þykkt og efnismikið gler. Og slíkt gler er hægt að nota í meira en bara að bræða það upp og nota aftur sem gler,“ segir Ragnar.

Hann sér fyrir sér að með því að skera glerið til sé hægt sé að nota það í klæðningar eða jafnvel til að setja ofan á borðplötur til að gera þær sléttar á ný og draga þannig úr þörfinni fyrir að sækja stöðugt nýtt hráefni út í náttúruna.

Ragnar segir að aukin áhersla á sjálfbærni mannvirkja sé mikilvægt næsta skref í baráttunni við loftslagsbreytingar og telur að þar verði gífurleg hugarfarsbreyting á næstu áratugum.

„Ég sé fyrir mér að eftir einhverja áratugi verði nýtni talin eðlileg en stöðug endurnýjun verði litin hornauga – að henda gömlu og fá sér nýtt bara af því að það er orðið gamalt er úrelt afstaða.“

Benoit Chéron, það hljómar ekki eins og íslenskt nafn. Hvað dregur þig til Íslands?

Nei, við konan mín eru bæði frönsk en höfum búið á Íslandi með börnin okkar þrjú síðan sumarið 2018. Eftir að hafa komið hingað nokkrum sinnum sem ferðamenn ákváðum við að yfirgefa öryggið sem við bjuggum við í Lúxemborg og setjast að hér, með engin tengsl, enga vini og enga vinnu. Við komum hingað í ævintýraleit og til að fara út fyrir þægindarammann. Ég hafði unnið lengi í fjármálageiranum og langaði til að finna meiri merkingu þar. Mér fannst Ísland fullkominn vettvangur til að gæða slík verkefni tilgangi, þar er bæði dásamlega falleg en óblíð náttúra sem gefur mér færi á að vinna að grunnildum en vera jafnframt virkur þátttakandi í því að breyta íslensku efnahagslífi í takt við sjálfbærari heim. Á þessari vegferð hitti ég KPMG og slóst í hópinn til að vera í framlínu þeirra sem gera viðskiptavinum okkar kleift að samþætta sjálfbærni í sín verkefni.

Samfélagsábyrgð fyrirtækja, sjálfbærni, græn hlutabréf, hver er munurinn?

Það gæti virkað eins og þessi hugtök séu öll yfir það sama en það er smávægilegur og stundum ekki svo smávægilegur munur. Samfélagsábyrgð fyrirtækja snýst um að líta til baka, oftast um ár eða svo, á það sem fyrirtækin hafa gert til að leggja eitthvað jákvætt til samfélagsins. Sjálfbærni snýst um að líta til framtíðar, til dæmis á þær breytingar sem fyrirtæki þurfa að gera til að tryggja framtíðina eins og að minnka úrgang, tryggja flutningsleiðir, búa til nýja markaði og byggja upp vörumerki. Árið 1987 gáfu Sameinuðu þjóðirnar út skýrsluna „Okkar sameiginlega framtíð“, sem stundum er kölluð Bruntland-skýrslan, sem skilgreindi sjálfbæra þróun sem þróun sem „mætir þörfum nútímans án þess að ganga á möguleika framtíðarkynslóða“. Í raun má segja að samfélagslega ábyrgt olíufyrirtæki myndi byggja skóla og spítala til að bæta samfélaginu upp þann skaða sem það veldur með olíuvinnslu. Á hinn bóginn myndi annað fyrirtæki sýna sína samfélagsábyrgð í verki með því að fjárfesta í því að minnka kolefnisspor sitt og annarra sem hefur jákvæð langtímaáhrif.

Annað hugtak sem er að ryðja sér til rúms er UFS, sem stendur fyrir þætti í rekstri sem tengjast umhverfi, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Það er mikið notað í fjármálageiranum og er mælikvarði á það sem gæti haft efnahagsleg áhrif á frammistöðu fyrirtækisins. Til dæmis bjó Nasdaq á Íslandi til sínar eigin leiðbeiningar um hvernig meta ætti UFS hérlendis.

Að lokum má nefna að græn hlutabréf hafa vakið mikla athygli undanfarið. Landsvirkjun, Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur hafa notað þessa lausn til að fjármagna umhverfisvæn verkefni. Dæmi um slík verkefni gæti til dæmis verið á sviðum endurnýjanlegrar orku, hreinna ferðahátta eða grænna bygginga. Þessi tegund fjármögnunar er eins og lán sem er aðeins veitt verkefnum sem uppfylla ákveðin skilyrði um umhverfisvernd. Lántakandi þarf einnig að skila yfirliti um gang verkefna og niðurstöður.

Hvað er það sem heldur vöku fyrir þeim sem velja sjálfbærni fyrir sér?

Á undanförunum árum hefur heimurinn vaknað til vitundar um hversu alvarlegur loftslagsvandinn er og það birtist víða. Ég held að fólk geri sér grein fyrir að við færumst stöðugt nær og nær því að stofna framtíð barnanna okkar í hættu og því er lausna leitad með sífellt meiri ákafa. Leiðtogar í viðskiptalífinu eru næstum allir fyllilega meðvitaðir um mögu-



Benoit Chéron, ráðgjafi hjá KPMG, segir viðhorf Íslendinga til umhverfismála hafa breyst hratt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hlutverk okkar er að hafa góð áhrif á samfélagið

Frá árinu 2008 hefur KPMG sýnt samfélags- og umhverfisábyrgð sína í verki með margvíslegum hætti og ýmis verkefni eru fram undan. Benoit Chéron, ráðgjafi í ábyrgum fjárfestingum, segir hér frá þeim verkefnum.

legar neikvæðar afleiðingar af viðskiptamódelum sínum og fjárhagslegri áhættu sem þeim fylgir.

Í síðustu Global CEO Outlook skýrslu KPMG International eru umhverfismál og hamfarahlýnun efst á lista yfir það sem mest áriðandi er að takast á við í heiminum og hafði þá hoppað upp úr fjórða sæti árið á undan. Jeff Bezos, forstjóri Amazon og ríkasti maður heims, er fullkominn dæmi. Vegna þrýstings frá starfsfólki Amazon sagði hann í september frá því að Amazon myndi ná markmiðum

Parísarsáttmálans tíu árum á undan áætlun og vera kolefnishlutlaust árið 2040. Hann sagði líka í síðustu viku að loftslagsbreytingar væru stærsta ógnin við líf á jörðinni og tilkynnti stofnun sjóðs upp á 10 milljarða Bandaríkjadala til að takast á við þær.

Bankageirinn ætlar líka að gripa til aðgerða. Í bankaráði Sameinuðu þjóðanna sem eru samtök fjárfesta, sjóðafyrirtækja og greinenda sem hafa það að markmiði að innleiða umhverfis- og samfélagsþjónarmið, auk góðra

stjórnarhátta, í ákvarðanatöku við fjárfestingarákvarðanir, hafa 33 fulltrúar lofað að taka höndum saman gegn loftslagsbreytingum með því að beina fjárfestingum sínum að verkefnum með lágu kolefnisfótspori og að fara fram á grænar áherslur í lánaviðskiptum.

Hvað er að gerast í þessum málum hérlendis?

Mjög margt. Það er áhugavert að bera Ísland saman við meginland Evrópu vegna þess hversu hratt vitundarvakningin breiðist út hér. Á aðeins einu ári hafa við-

“ Þegar litið er snöggt yfir sviðið sést að Íslendingar eru viljugir til að samþætta sjálfbærni í líf sitt.

horf breyst mjög mikið á Íslandi og þegar litið er snöggt yfir sviðið sést að Íslendingar eru viljugir til að samþætta sjálfbærni í líf sitt. Árlegur fundur Viðskiptaráðs var nánast alfarið helgaður þessu málefni og því má segja að við séum komin yfir fyrsta hjallann. Nú þarf að takast á við þann næsta sem er að gera eitthvað í málunum. Við hjá KPMG vinnum að því með viðskiptavinum okkar að fá alla í liðið og nýta þekkingu okkar til að búa til svör og tæki og nýta alþjóðlega sérþekkingu okkar. Við hjálpum viðskiptavinum okkar að sjá stóru myndina og líta lengra en bara á það að uppfylla þrengstu skilyrði sem ætti að vera ein helsta afleiðing af alvöru skuldbindingu við málefnið.

Ég vil líka benda á að hringrásarhagkerfið virðist vera að ná til Íslendinga. Börnin okkar þekkja endurnýtingu vel. Þetta snýst um að útrýma hugmyndinni um rusl og er aðeins mögulegt ef framleiðsluvörur fara í hringi og efni eru endurnýtt aftur og aftur. Í slíku hagkerfi eru vörur og þjónusta hugsuð til langtímanota frá upphafi, endurnota og endurnýtingar. Þessi hugmyndafræði mun vissulega trufla hið hefðbundna línulega framleiðslumódel og við verðum að búa okkur undir það. Vegna stærðar sinnar og þétt tengslanets er Ísland fullkomið undir tilraunastarfsemi á þessu sviði.

Hvað gerir KPMG í þessum málum?

Þessi málefni eru ekki ný á borði KPMG og við höfum tekið þátt í fjölda verkefna, bæði innan fyrirtækisins og utan, allt frá því að hvetja starfsfólk til virkni í nær-samfélaginu en hver starfsmaður fær einn dag á ári til góðgerðarmála, upp í að vinna þrotlaust að því að efla þekkingu og vinna að lausnum.

KPMG's Global Climate Response var sett á laggirnar 2008 með það að markmiði að minnka umhverfisáhrif KPMG um allan heim. Til dæmis hefur kolefnisspor fyrirtækisins minnkað um 27 prósent á hvern starfsmann í fullu starfi síðan 2010 og einnig hafa mörg samstarfsfyrirtækjanna náð kolefnishlutleysi, til dæmis Írland og Spánn.

Að auki lítum við á það sem hlutverk okkar, bæði sem fyrirtækis og vinnuveitanda, að hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Við höfum skuldbundið okkur til að fylgja Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með sérstaka áherslu á fjórða markmiðið, Menntun fyrir alla, og höfum einnig unnið gegnum alþjóðlegar stofnanir eins og Financial Stability Board's Task Force on Climate related Financial Disclosures (TCFD).

Að sjálfsögðu eru þessi verkefni bæði á heimsvísu og staðbundin. Á Íslandi höldum við ráðstefnur þar sem þekking fer milli kynslóða og geira og höldum málstofur með viðskiptavinum okkar þar sem við deilum þekkingu, skoðunum og góðu verklagi. Til dæmis höldum við nýlega fyrirlestur fyrir unga frumkvöðla um hvernig eigi að stofna fyrirtæki. KPMG hefur verið ótull stuðningsaðili nýsköpunar á Íslandi til fjölda ára og sem dæmi höfum við verið bakhjarl Gulleggssins frá upphafi. Í dag styðjum við við reksturinn á Musterinu sem er nýsköpunarhús fyrir frumkvöðla með framtíð ásamt þátttöku í öðrum sprotaverkefnum.



Baldur segir að það séu spennandi og umhverfisvænir tímar fram undan hjá Bónus og að samfélagsleg ábyrgð hafi sjaldan verið mikilvægari en einmitt nú.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Bónus hefur sýnt gott fordæmi í 31 ár

Frá stofnun hefur eitt stærsta samfélagsverkefni Bónuss verið að bjóða sama lága verðið um land allt, en auk þess hugar keðjan vel að umhverfisvernd og takmarkar sóun.

Hjá Bónus er boðið upp á sama verð um land allt, rekstur verslana er kolefnisjafnaður, sorp er flokkað vandlega og plastnotkun hefur minnkað gríðarlega. Bónus hefur lagt sitt af mörkum hvað varðar lýðheilsu landsmanna með því að hafa aldrei selt tóbak í verslunum sínum og vinnur gegn matarsóun með því að selja mat á síðasta snúningi með afslætti.

„Það er hægt að sýna fram á samfélagslega ábyrgð á svo marga vegu og má því segja að stærsta samfélagsverkefni Bónuss sé ef til vill okkar ábyrga verðstefna. Í 31 ár höfum við boðið upp á sama verð í öllum verslunum okkar um allt land og á sama tíma lægra verð en gengur og gerist,“ segir Baldur Ólafsson, markaðsstjóri Bónuss. „Þetta hefur margoft verið staðfest í verðlagskönnunum ASÍ.“

Skiptir neytendur máli

„Við vitum að rekstur stórrar verslanakeðju hefur vitaskuld áhrif á umhverfið og við viljum gera allt sem við getum til að stuðla að verndun umhverfis og náttúru, enda er loftslagsváin eitt stærsta verkefnið sem samfélagið stendur frammi fyrir sem heild,“ segir Baldur. „Það eru margar áskoranir, en við teljum okkur vera að fara í rétta átt og vera í takt við það sem neytendur vilja sjá í sinni matvöruverslun. Góð umhverfisstefna og árangursríkar aðgerðir stórra fyrirtækja skipta neytendur sífellt meira máli og okkur líka.

Eitt af því sem er gott við að hafa góða og virka umhverfis-

“Bónus er fyrsta matvörukeðja landsins til að kolefnisjafna rekstur verslana sinna.

stefnu, fyrir utan að huga betur að umhverfinu okkar, er að þessar aðgerðir eru fjárhagslega hagkvæmar,“ segir Baldur.

Fyrsta matvörukeðjan til að kolefnisjafna

„Bónus er fyrsta matvörukeðja landsins til að kolefnisjafna rekstur verslana sinna. Í samstarfi við Kolvið gróðursettum við 6.670 tré til að dekkja kolefnisfótspor reksturs ársins 2018 á tveggja hektara svæði við Úlfjótssvatn, en verslanir okkar eru í dag 31 talsins, nítján á höfuðborgarsvæðinu og tólf á landsbyggðinni,“ segir Baldur. „Klappir grænar lausnir hf. býður upp á umhverfisstjórnunarhugbúnað sem hjálpar fyrirtækjum og stofnunum að reikna út sitt eiginlega kolefnisfótspor út frá öllum viðeigandi þáttum, svo sem úrgangi, hita, rafmagns- og vatnsnotkun og fleira. Hugbúnaðurinn hefur nú verið innleiddur í verklag Bónuss, sem hefur hjálpað og mun halda áfram að hjálpa okkur að ná enn betri árangri í umhverfismálum.“

Niðurstöður úr mælingu á kolefnisfótspori Bónusverslana fyrir

árið 2019 munu detta í hús á næstu dögum,“ segir Baldur. „Í sumar verður svo farið í hinar eiginlegu mótvægisáðgerðir fyrir árið 2019 þar sem vissum fjölda trjáa verður plantað í þennan sama skóg á Úlfjótssvatni og bætast þá við þau 6.670 tré sem þar eru fyrir. Skógurinn verður því brátt hinn myndarlegasti.“

Einnig leitast Bónus við að versla eins mikið við innlenda framleiðendur og hægt er til að minnka innflutning og þar með minnka kolefnisfótsporið.

Minnska sífellt plastnotkun

„Flokkun sorps skiptir miklu máli hjá Bónus. Við flokkum úrgang og erum alltaf að bæta okkur á hverju ári, en eins og gefur að skilja fylgir mikið sorp rekstri eins og okkar,“ segir Baldur. „Samkvæmt tölum frá Terra mældist urðun sorps 14% minni árið 2019 en árið áður og að sama skapi var hægt að endurvinna 4% meira árið 2019 en 2018. Þessar tölur sýna að við erum á réttri braut hvað varðar flokkun og magn úrgangs.“

Við leggjum líka mikla áherslu á að minnka plastnotkun okkar og notum mun minna plast en áður og það er alltaf að minnka. Við erum sífellt að skora á okkar birgja að gera slíkt hið sama og ef þeir standa sig vel verður þetta mun auðveldara fyrir okkur. Til dæmis fóru Bónus stúpanar úr plastfötum yfir í pappambúðir og nú er allt nýbakaða bakkelsið að fara úr pokum og bökkum úr plasti í pappabúðir. Við þessar aðgerðir mun plastnotkun í þessum vöru-



Bónus hvetur viðskiptavini sína til að nota fjölnota burðarpoka og net og hefur gefið viðskiptavinum um 100 þúsund fjölnota poka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

flokki minnka um allt að 90%. Umbúðir utan um ferskt nautahakk og hamborgara frá Íslandsnauti eru nú komnar í 100% endurvinnanlegar umbúðir og er notast við 70% minna plast en áður.

Bónus var fyrsta matvöruverslunin á landinu til að hætta með plastburðarpoka og bjóða í staðinn upp á lifniðurbriðtanlega poka,“ segir Baldur. „Þessir pokar brotna 100% niður á nokkrum mánuðum, eiga að flokkast með lifrænum úrgangi og geta á endanum orðið að moltu.“

Fyrst og fremst hvetjum við við-

skiptavini okkar til að nota fjölnota burðarpoka og til að mynda gaf Bónus viðskiptavinum sínum 100 þúsund fjölnota poka til að reyna að ýta undir notkun þeirra á sama tíma og Bónus skipti út plastburðarpokum,“ segir Baldur. „Fólk þarf bara að temja sér að taka þá með, þeir vilja oft gleymast heima. En við bjóðum þó enn upp á lifniðurbriðtanlega poka ef sá fjölnota gleymist.“

Tóbakslaus í 30 ár

„Bónus hefur verið án tóbaks í öll sín 30 ár og aldrei selt sigarettur

eða annað tóbak í sínum verslunum. Þessi ákvörðun var vissulega stórtæk á sínum tíma en við sjáum svo sannarlega ekki eftir henni í dag. Þessi stefna stuðlar ekki bara að bættri heilsu og lýðheilsu landsmanna, heldur teljum við að hún hafi haft sitt að segja hvað varðar umhverfið og náttúruna okkar, því sigarettustubbar eru mjög mengandi," segir Baldur. „Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni eru sigarettustubbar það rusl sem helst er hent út í umhverfið og af þeim sökum mjög stór mengunarvaldur þar sem þungmálmur og önnur skaðleg efni komast í tæri við náttúruna. Siurnar í stubbunum eru líka gerðar úr vissri tegund af plasti sem eru mjög lengi að brotna niður í náttúrunni.

Með því að selja ekki tóbak erum við því án efa að stuðla að og styðja við bæði umhverfis- og lýðheilsuáttáttir á sama tíma og þannig sýna gott fordæmi," útskýrir Baldur.

Saman gegn matarsóun

„Við höfum verið að notast við einkunnarorðin „saman gegn matarsóun“ og unnið stöðugt í 30 ár gegn sóun með því að selja útlitsgallaðar vörur og vörur á síðasta snúningi með góðum afslætti.“ Á síðasta ári seldum við til dæmis 130 tonn af ávöxtum og grænmeti og 72 tonn af kjúklingi sem voru á síðasta snúningi, ásamt öðru," segir Baldur.

Umhverfisvænni vörur og verslanir

„Vöruúrvalið okkar er líka að breytast í rétta átt og í takt við óskir viðskiptavina okkar," segir Baldur. „Við erum til að mynda farin að selja tannbursta úr bambus sem og ýmsar hreinlætis-

ANDADU LÉTTAR

SAMAN GEGN MATARSÓUN

130 TONN = 5 GÁMAR



AF ÚTLITSGÖLLUÐUM MATARÁVÖXTUM SEM ANNARS HEFÐU ENDAÐ Í LÍFRÆNUM ÚRGANGI

Saman gegn matarsóun eru eitt af einkunnarorðum Bónuss en síðastliðin 30 ár hefur Bónus unnið stöðugt gegn matarsóun með því að selja útlitsgallaðar vörur og vörur á síðasta snúningi með góðum afslætti.

og hreingerningavörur sem eru umhverfisvænni kostur og höfum líka verið að skipta einnota vörum út fyrir samsvarandi vörur sem eru lífrænar og brotna niður í náttúrunni.

Við erum einnig að vinna í því jafnt og þétt að gera búðirnar okkar umhverfisvænni, til að mynda með því að skipta út hinum hefðbundnu perum yfir í LED lýsingu," segir Baldur. „Að auki erum við að setja gegnsæjar lokur á alla frysta og kæla sem bæði gerir

“Bónus var fyrsta matvöruverslunin á landinu til að hætta með plastburðarpoka og bjóða í staðinn upp á lífniðurbriðanlega poka.

Það að verkum að hitastig helst jafnt og gæði vörunnar helst mun lengur en ella. Bara þetta tvennt getur minnkað rafmagnsnotkun búðanna um allt að 50%.

Síðast en ekki síst höfum við verið að setja upp nýtt og umhverfisvænna kælikerfi í nokkrar verslanir okkar og ætlum okkur að halda þeirri vegferð áfram. Kerfið notar eingöngu íslenskan koltvísýring CO2 sem kælimiðil í stað freons og annarra gasefna," segir Baldur. „Gamla

kælitækni er komin til ára sinna og nýju vélarnar bæði minnka rafmagnsnotkun og eru miklu betri fyrir umhverfið. Það eru því spennandi og umhverfisvænir tímar fram undan hjá Bónus og hefur samfélagsleg ábyrgð sjaldan verið mikilvægari en nú. Með hjálp nýrrar tækni og stöðugra rannsókna mun matvöruverslunum eins og okkur án efa takast að leggja sitt á vogarskálarnar og styðja við nærumhverfið í þessum málum.“

ANDADU LÉTTAR

SAMAN GEGN MATARSÓUN

KOLEFNIS JÖFNUM

FLOKKUN SORPS

MINNA PLAST

ALLTAFÁNTÓBAKS





Þórunn Inga Ingjaldsdóttir, forstöðumaður markaðs- og samskiptadeildar Samskipa, segir Samskip meðvituð um að hér séu allir á sama báti við að byggja upp gott samfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samfélagsábyrgð er leiðarstefið

Samskip eru leiðandi í aðgerðum sem draga úr orkunotkun og minnka umhverfisfótspor. Í mannauðsmálum hefur fyrirtækið líka að leiðarljósi gildi jafnréttis og jákvæðra samskipta.

Óvíst er að allir átti sig á hversu mikla áherslu Samskip leggja á samfélagsábyrgð í störfum sínum, en þar undir falla náttúrlega bæði aðgerðir í þágu sjálfbærni og til mótvægis við skaðleg umhverfisáhrif og ekki síður mannaúts- og jafnréttis- stefna fyrirtækisins,“ segir Þórunn Inga Ingjaldsdóttir, forstöðumaður markaðs- og samskiptadeildar Samskipa. „Meðvitund um samfélagsábyrgð hefur alla tíð verið leiðarstefi starfsemi félagsins.“

Þórunn bendir á að Samskip beiti sér fyrir virkum aðgerðum á sviði umhverfismála, taki þátt í nýsköpun og þróun til að draga úr umhverfisáhrifum og séu með fyrstu fyrirtækjum til þess að setja sér markvissa umhverfisstefnu. „Í hnótskurn er hún að Samskip stefni að því að vera ávallt í fararbroddi á sviði umhverfismála. Svo fylgir því líka fjölbættur ávinningur að draga úr orkunotkun, jafnt fyrir fyrirtækið og samfélagið í heild. Það leiðir til aukinnar hagræðingar í starfsemi og minnkar umhverfisfótspor fyrirtækisins um leið og dregið er úr innflutningi á eldsneyti og sóun á orkuauðlindum heimsins. Orkusparandi aðgerðir tikkja í öll boxin.“

Góður starfsandi

Mannauðs stefnan kristallist svo í kjörorði félagsins um að það sé gott að vinna hjá Samskipum. „Góður starfsandi skiptir höfuðmáli, enda eykur jákvætt viðhorf starfsfólks starfsánægju og gleði á vinnustaðnum og við leggjum áherslu á jákvæð og uppbyggjandi samskipti og jafnræði á meðal starfsmanna, óháð kyni, uppruna eða trúarbrögðum.“ Samskip hafa líka skrifað undir sáttmála gegn einelti, áreitni og ofbeldi.

Þetta eru meira en orð á blaði og markmiðunum fylgt eftir. Félagið hefur innleitt hjá sér jafnlaunakerfi og jafnréttisstefnu sem nær til allra starfsmanna á Íslandi.



Kjörorð Samskipa eru að það sé gott að vinna hjá fyrirtækinu. Þar er starfsandinn líka góður og jafn réttur einstaklinga í fyrirrúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta er í anda þess samfélags sem Íslendingar hafa sammælt um að byggja upp, þar sem jafn réttur einstaklinga er í fyrirrúmi,“ segir Þórunn, en með skýrum verklagsramma sé leitast við að tryggja jafnrétti og jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækisins og að starfsmenn hafi jöfn tækifæri til að nýta hæfni sína í starfi.

Samskip í fararbroddi

Hvað umhverfismál varðar hafa Samskip lengi verið í fararbroddi og ætla að halda þeirri stöðu. „Við kappkostum að fylgjast vel með allri þróun og nýjungum og setjum okkur skýr markmið um árangur. Hann mælum við líka reglulega og tryggjum þannig stöðugar umbætur og framþróun.“

Þórunn viðurkennir um leið að það geti verið áskorun að ná settum markmiðum, því flutningar á sjó séu í eðli sínu mengandi, þótt hlutfallstölur á flutta einingu séu margfalt betri en til dæmis með flugi. „Svo geta komið sveiflur í inn- eða útflutningi sem hafa áhrif á tölur um útblástur á móti hverju fluttu tonni. En markmiðin halda okkur við efnið og við vitum að hverju er

Við leggjum áherslu á jákvæð og uppbyggjandi samskipti og jafnræði á meðal starfsmanna, óháð kyni, uppruna eða trúarbrögðum.

Þórunn Inga Ingjaldsdóttir

stefnt, þ.e.a.s. að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif frá allri starfsemi félagsins.“ Fjölbátta flutningskerfi Samskipa, sem í Evrópu notist einnig við lestir og pramma, auk skipa og flutningabíla, sé í samræmi við markmið Evrópusambandsins um leiðir til að draga úr útblæstri frá flutningum.

Hverfa frá plasti og pappír

Samskip mæla orkunotkun reglulega, nýta vistvæna orkugjafa eins og kostur er og leitast við að halda mengun í lágmarki. Við val á birgjum, tækjum og öðrum aðföngum er svo leitast við að velja umhverfisvæna kosti umfram aðra. Um þrjú

Margvíslegar aðgerðir

- Gámar Samskipa eru nú um 960 kílóum, eða 20%, léttari en þeir voru fyrir 20 árum sem dregur úr orkunotkun.
- Árið 2015 tóku Samskip við rekstri skipanna Kvitnos og Kvitbjörn sem brenna fljótandi jarðgasi (LNG). Skipin losa ekki köfnunarefnisoxíð, lágmarka brennisteinsdíoxíð og losa 70 prósent minni koltvísýring á hvert flutt tonn.
- Samskip leiða „Seashuttle“ verkefnið þar sem í þróun er næsta kynslóð sjálfbærra skipaflutninga á styttri sjóleiðum, sjálfvirk gámskip sem gefa ekki frá sér mengaðan útblástur.
- Hjá systurfyrirtæki Samskipa í Rotterdam, FrigoCare, er að finna stærsta sólarorkuver borgarinnar, 3.100 sólarcellur sem þekja 7.500 fermetra. Raforkuframleiðslan nemur raforkuþörf um 250 smærri heimila.
- Samskip nota vöruflutningabifreiðar sem eru ríkulega búnar tækjum og tólum sem miða að því að auka öryggi og tryggja minni útblástur og eins visthæfan flutning og völu er á.
- Þvottastöð Samskipa í Reykjavík fyrir stór ökutæki er eins vistvæn og kostur er og notast við frárennslisvatn úr hitakerfum höfuðstöðvanna.
- Í fyrra voru Samskip tilnefnd til verðlauna Safety4Sea og Europort í flokki hreinna flutninga fyrir markvissan stuðning við nýjungar í sjálfbærum flutningum með rannsóknum, þróun, innleiðingu tækninýjunga og þjálfun.

ár eru síðan plastmál og -flöskur voru gerðar útlægar hjá Samskipum og unnið hefur verið markvisst að því að minnka pappírnotkun. „Frá og með áramótum hættum við til dæmis að taka á móti reikningum á pappírformi og fáum þá rafrænt í staðinn.“

Eins er markvisst unnið að því að draga úr matarsóun í mötuneyti Samskipa og tölur birtar á hverjum degi um magn afganga til að vekja fólk til umhugsunar. „Þetta hefur strax skilað árangri og fólk gætir fremur að skammtastærðum til þess að síður þurfi að henda afgangnum.“

Þá eiga Samskip í margvíslegu samstarfi innanlands um aðgerðir til stuðnings umhverfinu, svo sem við Brim, Norðanfisk og Íslenska gámafélagið um endurvinnslu og útflutning á frauðplasti. Auk þess flytja Samskip sorp frá Íslenska gámafélaginu sem ekki er hægt að endurvinna eða endurnýta

hér heima til brennslu í Evrópu. „Ávinningur af því er tvíþættur því ruslið þarf þá ekki að urða hér, með tilheyrandi umhverfissóðaskap, heldur nýtist það til húshitunar og raforkuframleiðslu erlendis sem annars hefði verið staðið að með brennslu kola eða olíu.“

Fyrir utan beinar aðgerðir styðja Samskip líka við margs konar málefni. Til dæmis eru Samskip stofnaðilar að Votlendissjóðnum, þar sem Þórunn Inga er vara- maður í stjórn. „Stuðningur við slík verkefni er hluti af umhverfisstefnu Samskipa, auk beinna aðgerða til að draga úr kolefnisfótspori starfsmanna,“ segir Þórunn, en fyrirtækið hefur líka styrkt íþróttafélög, líknarfélög og menningarfélög af ýmsu tagi. „Slíkar styrkveitingar eru í samræmi við stefnu Samskipa um samfélagslega ábyrgð, enda erum við öll á sama báti þegar að því kemur að byggja gott samfélag og hlúa að því sem vel er gert.“

Staðráðin í að vernda umhverfið

Vodafone hefur sett sér skýr markmið í umhverfis- og loftslagsmálum. Þau eru til þess fallin að draga úr mengun og hafa jákvæð áhrif á vistspor fyrirtækisins og starfsfólkið.

Víð erum staðráðin í því að vernda umhverfið en við skrifuðum undir loftslagsyfirlýsingu FESTU og Reykjavíkurborgar um markmið í loftslagsmálum og höfum einsett okkur að efla vistvænar samgöngur, draga úr myndun úrgangs og stuðla að betri orkunýtingu," segir Sif Sturludóttir, forstöðumaður hjá Vodafone.

„Við skiptum út stórum hluta bílafloðans um mitt ár 2019. Það kom aldrei neitt annað til greina en að meirihluti bílanna yrði umhverfisvænn og stór hluti þeirra er eingöngu knúinn rafmagn. Rafbilar eru þægilegir og auðveldir í rekstri, þeir menga lítið við notkun og hafa sannað sig við íslenskar aðstæður undanfarin ár. Rafbilar eru sífellt að verða vinsælli, enda hagkvæmur og vistvænn valkostur. Þeir eru ein besta leiðin til að ferðast milli staða með lágmarksmengun," segir Sif.

Vodafone tók einnig í notkun tengiltvinnbíla (e. plug-in hybrid) en þá er hægt að hlaða á milli ferða. „Tengiltvinnbílarnir hafa allt að 60 kílómetra drægni á rafhlöðunni einni saman og nota því bensínvélina mun minna. Þeir henta okkur vel að því leyti að þegar það þarf að fara lengri leiðir eða utanbæjar þá er hægt að skipta yfir á eldsneytið," upplýsir Sif.



Sif Sturludóttir er forstöðumaður hjá Vodafone. Hér með tvo af vistvænum rafbílum Vodafone í bakgrunni.



Vodafone býður bæði starfsfólki og gestum að hlaða rafbíla sína.

Sérstök hleðslustæði eru fyrir bíla Vodafone og þar er hægt að leggja þeim að jafnt degi sem nóttu til að hlaða þá.

„Rafmagnid sem við notum á Íslandi er nánast allt framleitt með vistvænum hætti. Við vinnum meira rafmagn á hvern íbúa en nokkur önnur þjóð, rafmagnid er hreint og umtalsvert ódýrara en jarðefnaeldsneyti. Það

er því hentugt að reka rafbíla á Íslandi ásamt því að flestar bílferðir okkar eru frekar stuttar," segir Sif.

Vodafone leggur líka ríka áherslu á heilbrigði og vellíðan starfsmanna á vinnustaðnum.

„Við styðjum starfsfólk okkar til að stunda vistvænar samgöngur, til dæmis með því að veita samgöngustyrk sem starfsfólk er

„Þetta er fjárfesting í upphafi en til lengri tíma sparar hún stórfé, bæði mér og þjóðinni allri, svo ekki sé minnst á jákvæð loftslagsáhrifin.

duglegt að nýta sér en almenningsamgöngur eru mjög aðgengilegar frá Suðurlandsbrautinni. Við bjóðum starfsfólki okkar einnig upp á að hlaða einkabíla sína í hleðslustöðvum í bílastæðahúsinu við höfuðstöðvar okkar og höfum tekið eftir töluverðri aukningu í rafbílum meðal starfsmanna okkar. Við erum einnig að taka í notkun upphitaða hjólageymslu með hleðslu fyrir rafknúin reiðhjól. Þá erum við líka með hleðslustöðvar fyrir framan höfuðstöðvarnar fyrir viðskiptavinum okkar," upplýsir Sif sem hefur sjálf ekið eingöngu á rafknúnum bíl undanfarin þrjú ár.

„Þetta er fjárfesting í upphafi en til lengri tíma sparar það stórfé, bæði mér sem einstaklingi og einnig þjóðinni allri, svo ekki sé minnst á þau jákvæðu loftslagsáhrif sem það hefur.“

Hjá okkur er samfélagsleg ábyrgð í fyrirrúmi. Við skuldbindum okkur til þess bjóða öruggt og gott vinnuumhverfi, með jöfnum tækifærum fyrir allt starfsfólk.

Við leggjum áherslu á samstarf við nærsamfélögin, einkum á sviði nýsköpunar og menntunar.



„Við vinnum að samfélagsábyrgð af alvöru og tökum þátt inn í allar ákvarðanir, stórar sem smáar, í starfsemi okkar og við viljum vinna að henni af heilum hug,“ segir Málfríður Guðný Kolbeinsdóttir, sérfræðingur í umbótastjórnun og sjálfbærni hjá Ölgerðinni. Þar er unnið með umbætur fyrir umhverfismál á hverjum degi og tekin mörg ný skref í rétta átt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Umhverfisvænna að framleiða heima

Á 100 ára afmæli Ölgerðarinnar árið 2013 hófst þar vinna að samfélagsábyrgð fyrir alvöru. Á sjö árum hefur margt breyst en starfsmenn eru þó hvergi nærri hættir.

Það skiptir rótgróid fyrirtæki eins og Ölgerðina miklu máli að sinna samfélagslegri ábyrgð, segir Málfríður Guðný Kolbeinsdóttir, sérfræðingur í umbótastjórnun og sjálfbærni hjá Ölgerðinni. Þannig nái fyrirtækið samkeppnisforskoti og styðji við þá framtíðarsýn fyrirtækisins að vera fyrsta val viðskiptavinarins og neytenda. „Við vinnum að samfélagsábyrgð af alvöru og tökum þann þátt inn í allar ákvarðanir, stórar sem smáar, í starfsemi okkar og við viljum vinna að henni af heilum hug.“

Á 100 ára afmæli Ölgerðarinnar árið 2013 hófst vinna að samfélagsábyrgð fyrir alvöru að hennar sögn en sama ár birti fyrirtækið fyrstu skýrslu sína um samfélagsábyrgð. „Nú eru liðin sjö ár og við höfum komist langt á þessum tíma í átt að sjálfbærara fyrirtæki. Við erum þó hvergi nærri hætt enda er samfélagsábyrgð stöðugt ferðalag og stöðugar umbætur frá degi til dags.“

Allt að 600% umhverfisvænna

Meðal stærri verkefna á sviði samfélagslegrar ábyrgðar sem Ölgerðin vinnur að má nefna að allar plastflöskur eru úr 50% endur-

unnu plasti, kolefnisspor fyrirtækisins hefur minnkað um 54% á fjórum árum og sífellt er unnið að því að gera fyrirtækið umhverfisvænna. Auk þess minnr Málfríður á að það sé allt að 600% umhverfisvænna að velja íslenska drykkjarvöru. „Við fengum EFLU verkfræðistofu til að reikna út kolefnisspor mismunandi tegunda umbúða hjá okkur og sýna helstu niðurstöður, út frá umhverfislegum sjónarmiðum, að ekki er ákjósanlegt að tappa á drykki erlendis og flytja inn fullar umbúðir. Greiningin tók mið af framleiðslu og flutningi umbúða og var allt að 600% umhverfisvænna að velja íslenska drykkjarvöru.“

Plastflöskur úr 50% endurunnu plasti

Í skýrslunni sem EFLA vann kom í ljós að hlutfall endurunna efna í framleiðslu umbúða skiptir verulegu máli hvað kolefnissporið varðar. „Á þessu ári munu allar plastflöskur okkar vera úr 50% endurunnu plasti auk þess sem við munum létta allar 0,5 lítra plastflöskur um 1,5 grömm.“



Kristall er íslensk framleiðsluvara en mun umhverfisvænna er að framleiða drykkjarvöru hér heima en að flytja þær inn.

Þannig verða flöskurnar 5,5 grömmum léttari en árið 2008.“ Samkvæmt skýrslu EFLU verður 50% endurunnið plast sú umbúðagerð sem er með minnstu kolefnislosunina af þeim umbúðum sem eru í boði. „Með því að skipta úr 0% í 50% endurunnið plast minnkar kolefnisspor umbúðanna um 17% og verður kolefnisspor þess minna en áldósanna og glerflaskna.“

54% minna kolefnisspor

Árið 2015 setti Ölgerðin fram yfirlýsingu, ásamt 103 öðrum fyrirtækjum, um að minnka kolefnissporið sitt um 40% til ársins 2030 og ná þannig sameiginlegum loftslagsmarkmiðum Íslands með ríkjum ESB og Noregi. Hún segir að frá árinu 2016 hafi kolefnisspor Ölgerðarinnar minnkað um 54% og markmiðinu fyrir 2030 sé því náð. „Þetta er mikið gleðiefni og við vitum ekki af öðru fyrirtæki sem hefur nú þegar náð þessu markmiði. Við erum þó hvergi nærri hætt og ætlum að setja okkur enn metnaðarfullri markmið á næstu árum.“

Hún segir markvissar aðgerðir hjá Ölgerðinni í umhverfismálum hafa skilað þessum árangri. Ölgerðin hóf að rafmagnsvæða bílaflota sinn og eru nú allir áfyllingarbílar fyrirtækisins rafmagnsbílar. Einnig hefur verið markviss vinna í því að setja í forgang endurnýjanlega orku umfram aðra óumhverfisvænni orku. „Þetta auk margra annarra þátta hefur skilað sér í því að við náðum markmiðunum okkar. Við viljum vera til fyrirmyndar og á meðan við vinnum í því að ná þessari losun niður erum við að kolefnisjafna allan okkar rekstur.“

Umhverfisvænt brugghúsi

Í brugghúsi Ölgerðarinnar var jafnframt hugað að umhverfis-

„Kolefnisspor Ölgerðarinnar hefur minnkað um 54 prósent frá 2016. Það er mikið gleðiefni og við vitum ekki af öðru fyrirtæki sem hefur nú þegar náð því markmiði. Við erum þó hvergi nærri hætt og ætlum að setja okkur enn metnaðarfullri markmið á næstu árum.“

málum, að sögn Málfríðar. „Varmi sem til verður á kælikerfum í brugghúsinu er nýttur til að bræða snjó á bílastæðinu. Allt hrat, svo sem korn og humlar, sem fellur til við bjórframleiðslu er nýtt í svínafóður af fyrirtækinu Stjórnugris en bara á síðasta ári voru það um 620 tonn. Þriðjungur af öllu geri sem fellur til í framleiðslu er nýtt í bjórsjampó sem er samstarfsverkefni með Verandi. Fjórðingur hefur verið í nýjum búnaði sem hefur sparað vatnsnotkun töluvert og fleiri verkefni eru í gangi með umhverfissjónarmið að leiðarljósi.“

Starfsmenn Ölgerðarinnar munu halda áfram að vinna að því að minnka kolefnislosunina og gera starfsemi umhverfisvænni frá degi til dags, segir Málfríður. „Stóru verkefni fyrir þetta ár er að létta allar plastumbúðir fyrir drykkina okkar og gera þær umhverfisvænni með því að nota endurunnið hráefni. Einnig mun halda áfram vinna við að koma öllum fólksbílaflota okkar yfir í rafmagnsbíla. Auk þessara verkefna vinnum við með stöðugar umbætur á hverjum degi fyrir umhverfismálin okkar og tökum þannig mörg skref í rétta átt.“



Hjá Terra verður lífrænn úrgangur að kröftugum jarðvegsbæti.

Við búum til moltu

Moltuframleiðsla Terra er dæmi um íslenska endurvinnslu og hringrásarkerfi, þegar úrgangur verður að dýrmætum og umhverfisvænum jarðvegsbæti í íslenskri náttúru.

Terra – Umhverfisþjónusta rekur jarðgerðarstöð þar sem lífrænn úrgangur fer í gegnum vottað ferli, þar sem hitameðferð og annarri meðhöndlun er beitt svo að til verður vistvæn og ilmandi molta. Moltan frá Terra er kröftugur jarðvegsbæti sem hefur fengið viðurkenningu Umhverfisstofnunar um að sá úrgangur sem endurnýttur er í jarðgerð fyrirtækisins geti hætt að teljast úrgangur heldur flokkist sem vara. Allur lífrænn úrgangur sem Terra safnar á Suður- og Suðvesturlandi fer til jarðgerðar hjá Terra í Hafnarfirði og einnig er jarðgerðarstöð á Ísafirði. Frá mörgum sveitarfélögum á Norðurlandi fer lífrænn úrgangur í moltugerð hjá Molto ehf. í Eyjafirði,“ segir Freyr Eyjólfsson, samskiptastjóri Terra.

„Endurvinnsla eykst á hverju ári. Kjarni og tilgangur Terra – Umhverfisþjónustu er settur fram í setningunni: Skiljum ekkert eftir. Við lifum og störfum samkvæmt þessari hugmyndafræði og reynum að breiða út boðskapinn: Að fara betur með umhverfið. Terra leggur stöðugt meiri áherslu á flokkun úrgangs og endurvinnslu efna. Markmiðið er að nýta sem mest og urða sem minnst. Íslendingar eru sífellt að verða meðvitadri um flokkun og endurvinnslu. Þetta kemur meðal annars fram í fjölgun spurninga frá almenningsi og kröfum einstaklinga um þjónustu á borð við flokkun á upprunastað. Stór hluti af því sem fellur til heima fyrir eru efni sem eiga framhaldslíf ef þau berast á réttan stað – moltan er gott dæmi um það. Lífrænn úrgangur sem er breytt í dýrmætum jarðvegsbæti.“

Starfsmenn Terra vilja vera til fyrirmyndar

„Við viljum vera í fararbroddi þegar kemur að endurvinnslu og

„Við getum ekki haldið áfram að ganga um auðlindir jarðar eins og við höfum gert.“

Freyr Eyjólfsson

umhverfismálum,“ segir Freyr. „Starfsfólk Terra kemur með lífræna heimilisúrganginn sinn til höfuðstöðva Terra í Hafnarfirði þar sem hann er jarðgerður og verður að moltu. Við lítum á það sem samfélagslega ábyrgð okkar hjá Terra. Þetta er hluti af endurvinnslumarkmiði okkar: Skiljum ekkert eftir. Hugmyndin hefur hlotið góðar undirtektir starfsmanna og hlökkum við til fylgjast með árangrinum. Moltan sem starfsmenn Terra ætla að búa til verður notuð í nýtt og spennandi grænt nýsköpunarverkefni sem verður kynnt næsta sumar,“ segir Freyr.

„Við getum ekki haldið áfram að ganga á auðlindir jarðar eins og við höfum gert. Við þurfum öll að innleiða hringrásarhagkerfi, hugsa í nýjum lausnum og endurvinnslu ef jörðin á að vera byggileg. Við þurfum að fara úr línulegu hagkerfi yfir í hringrásarkerfi. Línulegt hagkerfi byggist á ósjálfbærri nýtingu auðlinda og miðast við að framleiða – kaupa – nota – henda – og kaupa nýtt. Nú þurfum við að hámarka verðmætin og auðlindirnar, auka endurnotkun og endurvinnslu. Moltan er gott dæmi um slíkt,“ segir Freyr.



Freyr Eyjólfsson er samskiptastjóri hjá Terra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Endurvinnsla að aukast

Terra þjónustar fjölmörg íslensk fyrirtæki og tæplega 30 sveitarfélög um land allt.

Allur bylgjupappi, pappír og málmar sem við söfnum fer í endurvinnsluferli hjá Terra. Pappi og pappír er sendur úr landi til endurvinnslu. Málmar fara til endurvinnslufyrirtækja hér á landi og

hluti af því plasti sem berst til okkar fer í endurvinnslu innanlands og annað til endurvinnslustöðva í Evrópu.

„Við þurfum að halda efnislegum vörum, verðmæti þeirra og innihaldi inni í hringrásarkerfinu eins lengi og mögulegt er. Hringrásarkerfið er ekki bara mun vistvænna kerfi,

dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda, heldur líka hagkvæm-ara fyrir atvinnulífið og hið opinbera til lengri tíma lítið,“ segir Freyr.

Terra umhverfisþjónusta er í Berg- hellu 1 í Hafnarfirði. Sími 535 2500. Nánar á terra.is

Hvernig halda á sjálfbæra viðburði

Jamie Nack, forstjóri Three Squares Inc., starfar við stefnumótun í loftslagsaðgerðum fyrir stórfyrirtæki og viðburði. Hún gaf íslenskum stjórnendum ráð til að bylta rekstri í þágu umhverfisins.

Jamie Nack þróaði sjálfbærar leiðbeiningar fyrir þá sem halda viðburði sem fela í sér skref sem hægt er að taka á hverjum viðburðarstað til að draga úr kolefnisspori vegna viðburðarins. Hún hefur endá góða reynslu í að skipuleggja risaviðburði með umhverfisvernd í huga. Ólympíuleikarnir í London 2012 voru haldnir eftir þessum leiðbeiningum og eru oft notaðir sem viðmið þegar haldnir eru stórir viðburðir.

Hér er stiklað á stóru í leiðbeiningum Jamie og talin upp nokkur atriði sem geta skipt miklu máli.

Orkusparnaður

Hönnun sviðsmyndar og lýsing:

- Notið orkusparandi ljós þar sem mögulegt er.

Heimilistæki, raftæki og rafmagnsþjónusta:

- Veljið umhverfismerkt heimilistæki (energy star eða samsvarandi).
- Notið ljósdeyfi til að hvíla lýsingu á milli sýninga.
- Slökkvið á tölvum, skjáum, prenturum og ljósrítunarvélum þegar tækin eru ekki í notkun.

Sjálfbær efniviður

- Ef viðburðurinn felur í sér



Jamie Nack starfaði um tíma fyrir Al Gore. Hún var gestur á Janúarráðstefnu Festu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

byggingu sviðs, skal hanna allar sviðsmyndir þannig að hægt sé á auðveldan hátt að taka þær niður og endurnýta.

- Veljið endurunna vöru, tæki og heimilistæki.
- Notið sjálfbæran efnivið, til dæmis við og tré.
- Forðist PVC-efni sem innihalda

plastmýkingarefni þalöt, efni sem innihalda brómuð eldvarnarefni, og vatnsvarið og meðhöndlað timbur sem inniheldur arsenik eða króm.

- Forðist trefjagler og pólýsterín-froðu.
- Notið aðkeypta prentþjónustu sem notar grænar prentaðferð-

ir og pappír sem er vottaður af FSC.

Veitingasala

- Ef viðburðinum fylgja veitingar, skal fylgja leiðbeiningum um sjálfbær matvæli og drykkjarföng.

» Gefið gestum og starfsfólki leiðbeiningar um almennings-samgöngur og hvernig er hægt að komast til og frá viðburðinum.

- Hafið samband við veitingasölu sem býður upp á lífrænan og staðbundið ræktaðan mat og matvöru.
- Forðist að bera fram mat sem er pakkaður í stakar pakkningar.
- Forðist vatnsflöskur úr plasti.
- Forðist einnota diska og glös. Notið endurnýtanleg matarstell, hnifapör og glerglös.

Samgöngur og flutningur

- Gefið gestum og starfsfólki leiðbeiningar um almennings-samgöngur og hvernig er hægt að komast til og frá viðburðinum.
- Ef notaðir eru bílaleigubílar skal velja hybrid bíla eða bíla sem nota umhverfisvænt eldsneyti.

Ætla að skrúfa fyrir almennt sorp

Hótel Fljótshlíð hefur hlotið Svansvottun og lagt í ýmiss konar umhverfisvæn verkefni. Hóтелиð hefur nú sett sér það markmið að verða fyrsta íslenska fyrirtækið til að skrúfa fyrir almennt sorp.

Að Smáratúni í Fljótshlíð er ferðaþjónustufyrirtækið Hótel Fljótshlíð. Eigendur eru Arndís Soffía Sigurðardóttir og Ívar Þormarsson matreiðslumeistari en Arndís er fulltrúi þriðju kynslóðar sömu fjölskyldu sem býr að Smáratúni. Árið 2007 settu þau sér sjálfbærnistefnu sem þau hafa unnið eftir æ síðan. Árið 2014 náðist mikilvægur árangur og viðurkenning á þeirra vinnu í umhverfismálum þegar hóтелиð og veitingastaðurinn hlutu Svansvottun.

„Það er afar ánægjulegt að umhverfismál séu loksins komin á dagskrá í fyrirtækjarekstri, en því miður ber oft á því að fyrirtæki nýti umhverfismál í markaðssetningu en eftirfylgni þeirra í daglegum rekstri sé fyrirferðarminni,“ segir Arndís. „Neytendur geti þó alltaf varist svokölluðum grænþvotti með því að ganga úr skugga um að vara og þjónusta sem þeir kaupa sé vottuð af þriðja aðila, til dæmis Norræna svaninum, Vakanum og öðrum hliðstæðum aðilum.“

Norræni svanurinn byggir í grunninn á fjórum áherslum í umhverfismálum, en það er að draga úr notkun á orku, vatni, kemískum efnum og að draga úr úrgangi sem stafar frá fyrirtækinu,“ segir Arndís. „Við höfum gengið lengra en Svansvottunin krefst með því að ýta úr vör ýmsum verkefnum, eins og að bjóða gestum að gróðursetja tré í Smáratúni til að minnka kolefnisspor af ferðalagi þeirra til Íslands og að taka matarsóun á veitinga-



Arndís Soffía Sigurðardóttir segir að Hótel Fljótshlíð að Smáratúni hafi sett sér háleitt markmið.

”Við höfum sett okkur það markmið að hætta að skapa úrgang og verða þannig fyrsta „zero waste“ hótel og veitingastaður á Íslandi.“

húsinu föstum tókum með mjög góðum árangri. Nýjasta verkefnið varðar sorpmál, en við höfum sett okkur það markmið að hætta að skapa úrgang og verða þannig fyrsta „zero waste“ hótel og veitingastaður á Íslandi,“ segir Arndís. „Fyrir höndum er gríðarlega umsvifamikil greiningarvinna á sorpi fyrirtækisins og allri starfseminni. Ekkert er heilagt, þetta verður mikil naflaskoðun og stærsta áskorunin verður klárlega að breyta þörfum fyrirtækisins sem neytenda. Við getum endalaust flokkað eins og hamstrar í hjóli, en okkar markmið er að ráðast á uppsprettuna á sorpi í rekstrinum og það getur aðeins þýtt breyttar neysluvenjur.“

Þeir sem eru áhugasamir um ferlið sem er fram undan munu geta fylgst með á Youtube-rás hótelins og á Facebook og Instagram. „Við vonum að fólk fylgist með okkur í þessari vegferð og að fólk geti fengið hugmyndir til að nýta í sínum rekstri eða á sínu heimili. Enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað,“ segir Arndís að lokum.

Við sendum til þín

Sendum frítt um land allt ef keypt er fyrir kr. 16.000 eða meira

við Reykjalund | 270 Mosfellsbæ | mulalundur@mulalundur.is | Sími 562 8500 | mulalundur.is

Fáðu góðar vörur á góðu verði og láttu gott af þér leiða - þá vinna allir!



Starfsfólk Múlalundar á bláum degi á 60 ára afmælisári 2019



Allt fyrir skrifstofuna

Ritföng, pappír og skrifstofuvörur



Möppur

af öllum stærðum og gerðum



Plastvasar og barmmerki

Eins og henta þér best



Klemmuspjöld og verkstæðismöppur

Einföld, tvöföld, lítil, stór eða sérhæfð með vasa fyrir bíllykla



Fyrir hótél og veitingahús

Matseðlar, hótelmöppur og lykklappur fyrir gistiheimili og hótél



Pappírspokar

Með og án áletrunar – margar stærðir og litir



Handavinna

Vantar þig að láta strikamerkja, pakka, plasta, brjóta, merkja eða annað?



Sérframleitt eftir þínu höfði

Komdu með hugmynd – við finnum lausnina saman!

Kíktu á mulalundur.is – úrvalið kemur á óvart!



Þorsteinn, Helena og Jónína hjá VIRK segja brýnt að tengja saman starfsendurhæfingu og atvinnulíf.
FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Til vinnu á ný

VIRK Atvinnutenging hefur undanfarin þrjú ár aðstoðað einstaklinga með bæði fjölbreytta menntun og starfsreynslu við leit að starfi í lok starfsendurhæfingar.

Jónína Waagfjörð starfar sem sviðsstjóri atvinnutengingar hjá VIRK og þau Helena Konráðsdóttir og Þorsteinn Gísli Hilmarsson starfa sem atvinnulífstenglar.

Stuðningur við atvinnuleit

Jónína segir einstaklingana í starfsendurhæfingu hjá VIRK koma úr ýmsum áttum. „Á hverju ári útskrifast um 1.400 manns úr starfsendurhæfingu VIRK en aðeins hluti þessa hóps fer í atvinnutenginguna sem er sér-tæk þjónusta. Þeir einstaklingar sem koma í atvinnutengingu hjá VIRK hyggja flestir á endurkomu á vinnumarkaðinn í hlutastörf til að byrja með. Þar sem lítið er um auglýst hlutastörf þá var ákveðið að bjóða upp stuðning við leit að slíkum störfum en einstaklingarnir sem koma í atvinnutengingu eru með fjölbreyttan bakgrunn bæði hvað varðar menntun og starfsreynslu,“ skýrir Jónína frá.

„Markmiðið með atvinnutengingunni er í raun tvíþætt, annars vegar, eins og fyrr segir, að auðvelda fólki sem er að ljúka starfsendurhæfingu að finna starf við hæfi. Hins vegar snýst það um að gefa fyrirtækjum kost á að finna hæfan einstakling til starfa og fá um leið fræðslu og stuðning sem miðar að því að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu farsæla endurkomu til vinnu.“

Helena segir starf atvinnulífstengla meðal annars felast í stuðning við atvinnuleit. „Starf atvinnulífstengla snýst um að tengja einstaklinga með skerta starfsgetu markvisst við vinnumarkaðinn

”Rannsóknir hafa sýnt að því fyrr sem einstaklingar reyna endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys, því líklegra er að þeir komist aftur út á vinnumarkaðinn.

áður en starfsendurhæfingu þeirra líkur en rannsóknir hafa sýnt að því fyrr sem einstaklingar reyna endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys, því líklegra er að þeir komist aftur út á vinnumarkaðinn. Atvinnulífstengill veitir stuðning við undirbúning fyrir atvinnuleit og stuðning í gegnum ferlið þar til einstaklingar eru komnir í vinnu. Þannig er aðlögun inn á vinnumarkaðinn tvinnuð markvisst inn í starfsendurhæfingu einstaklingsins og lögð er áhersla á að tengja saman einstakling sem er með viðeigandi reynslu og þekkingu á því starfi sem í boði er.“

Einstaklingsmiðuð nálgun

Einstaklingum í starfsendurhæfingu hjá VIRK standa til boða ýmsar leiðir inn í atvinnulíf að nýju og er leitast við að mæta hverjum og einum út frá þeirra tilteknu aðstæðum og bakgrunni. „Aðlögun inn á vinnumarkaðinn getur átt sér ýmsar birtingarmyndir, t.d. í formi vinnuþrófana og aðlögun á vinnustað áður en til ráðningar kemur, stigvaxandi

endurkomu til vinnu hvað varðar starfshlutfall eða aðstoð við einstaklinga sem vilja og þurfa að skipta um starfsvettvang vegna aðstæðna sinna. Stuðningur við aðlögun inn á vinnumarkað er alltaf einstaklingsbundinn en getur til dæmis verið með námskeiðum eða fræðslu,“ útskýrir Helena.

Þá segir Þorsteinn að starfið feli einnig í sér umtalsverð samskipti við hugsanlega vinnuveitendur. „Í starfi atvinnulífstengla felst að vera í virkum samskiptum við stofnanir og fyrirtæki og vinna markvisst að því að koma á samstarfi við þau með ráðningar í huga vegna einstaklinga sem hafa horfið af vinnumarkaði vegna veikinda eða slysa og eru þess vegna með skerta starfsgetu. Eitt af hlutverkum atvinnulífstengla er að fara í heimsóknir til fyrirtækja og fræða þau bæði um starfsemi VIRK og um mikilvægi þess að bjóða upp á hlutastörf sem auka möguleika einstaklinga með skerta starfsgetu á ráðningu í starf. Ef um ráðningu er að ræða þá fylgir atvinnulífstengill VIRK einstaklingnum eftir og styður hann og vinnustaðinn eftir þörfum og aðstoðar við úrlausn hindrana. VIRK leggur áherslu á að fyrirtæki skrifi undir samstarfssamning sem er án skuldbindinga en þar er komið á sérstöku sambandi við ákveðinn tengilið hjá fyrirtækinu eða stofnuninni sem auðveldar allt samstarf í framtíðinni.“

Fyrirtæki orðin meðvitaðri

Jónína segir aðkomu fjölda fyrirtækja og stofnana í atvinnutengingunni meðal annars til



Atvinnulífstenglar hjá VIRK fara yfir málin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

marks um aukna vitund um samfélagsábyrgð. „Yfir 300 fyrirtæki og stofnanir á Íslandi eru nú þegar í öflugri samstarfi við VIRK Atvinnutengingu en óhætt er að segja að margvíslegur hagur skapist af slíku samstarfi. Fyrir utan að fá til sín öfluga starfsmenn með dýrmæta reynslu og þekkingu í farteskínu þá fær einstaklingurinn tækifæri til að spreyta sig aftur á vinnumarkaði. Fyrirtækin axla að sama skapi samfélagslega ábyrgð og leggja sitt á vogarskálarnar við að framfylgja heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um atvinnutækifæri fyrir alla. Samstarfsfyrirtækin fá að auki ýmiss konar fræðslu og efni sem þau geta nýtt í eigin starfi til að efla eigin mannauð.“

Ótvíráður ávinningur

Helena segir mikið í húfi fyrir samfélagið í heild sinni hvað þennan málaflökk varðar. „Ávinningurinn er margvíslegur fyrir samfélagið, bæði fyrir einstaklingana og fyrirtækin. En með því að ljúka starfsendurhæfingu einstaklinga á farsælan hátt, útvega þeim áhugaverð störf og fyrirtækjum gott starfsfólk, höldum við uppi virkri atvinnuþátttöku á Íslandi og stuðlum að heilbrigðu samfélagi.“

Þorsteinn tekur undir og segir áhrifanna gæta víða. „Ábatinn af

starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK skilar sér til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna. Ofan á þetta kemur svo bættur hagur einstaklinga, bæði fjárhagslegur auk þeirra lífsgæða sem felast í því að geta tekið fullan þátt í samfélaginu.“

Atvinnutengingin hefur reynst vel. „Árangurinn hefur verið stigvaxandi og verkefnið farið vel af stað og móttökur verið góðar. Árið 2019 fóru 172 einstaklingar í starf með aðstoð atvinnulífstengla VIRK. Sumir fóru í fleiri en eitt starf eða vinnuþrófun þannig að árið 2019 voru skráð 190 störf eða vinnuþrófanir hjá atvinnutengingu VIRK,“ segir Jónína.

„Í dag hafa yfir 300 fyrirtæki skrifað undir samstarfssamning við VIRK Atvinnutengingu. Verið er að skipuleggja stutta fræðslumorgna fyrir þessi samstarfsfyrirtæki þar sem fjallað verður um ýmis málaflokkar sem tengjast því að bæta vinnuumhverfið bæði fyrir þá sem eru í vinnunni og einnig þá sem eru að snúa aftur til vinnu eftir langtíma veikindi. Stefnt er að því að fyrsti slíki fræðslumorguninn verði núna seinni-partinn í mars næstkomandi en tilkynningar um hann munu fara út til samstarfsfyrirtækja í byrjun mars.“

Hvaðan kemur orkan sem keyrir þína innviði?


Reykjavík DC er nýjasti valkosturinn í gagnaversþjónustu Opinna Kerfa sem er jafnframt eina gagnaverið á Íslandi þar sem öll raforka er upprunavottuð.



Við bjóðum húsingar- og rekstrarlausnir sem mæta kröfum nútíma atvinnulífs.

opinkerfi.is

Opin Kerfi



Falasteen Abu Libdeh segir Eimskip leggja mikla áherslu á umhverfismál. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Leiðandi á sviði umhverfismála

Eimskip vinnur markvisst að verkefnum tengdum umhverfi og samfélagi og tekur ábyrgðarhlutverk sitt alvarlega. Félagið var eitt fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að setja sér umhverfisstefnu.

Eimskip setti sér stefnu í samfélagsábyrgð árið 2017 sem er byggð á UFS-leiðbeiningum frá Kauphöllinni. UFS inniheldur 33 mælikvarða sem auðvelda birtingu upplýsinga á skýran og aðgengilegan hátt er varðar umhverfi, samfélag og stjórnarhátti.

„Leiðbeiningarnar hjálpa okkur með markmiðasetningu, mælingar og birtingu á upplýsingum varðandi samfélagsleg málefni fyrir fjárfesta og aðra hagsmunaaðila. Þannig getum við fylgst betur með markmiðum okkar og fylgt þeim eftir,“ segir Falasteen Abu Libdeh, sérfræðingur hjá mannauðssviði Eimskips.

Með alþjóðleg gildi að leiðarljósi

Eimskip er þátttakandi í UN Global Compact sem er hvati Sameinuðu þjóðanna til samfélagsábyrgðar fyrirtækja og stofnana að því er varðar mannréttindi, vinnu- markað, umhverfi og aðgerðir gegn hvers kyns spillingu.

Félagið hefur með þátttöku sinni skuldbundið sig til að haga sínum rekstri þannig að hin tíu grundvallarmarkmið UN Global Compact verði samtvinnuð stefnu félagsins, menningu og daglegri starfsemi.

Eimskip er einnig aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, sem hefur það markmið að auka þekkingu á samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja, og efla getu fyrirtækja til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti.

Bjóða viðskiptavinum yfirlit yfir kolefnisspor

Eimskip var meðal fyrstu fyrirtækja á Íslandi sem settu sér umhverfisstefnu árið 1991. „Við teljum mikilvægt að fyrirtæki af

Við teljum mikilvægt að fyrirtæki af okkar stærðargráðu séu til fyrirmyndar og leiðandi í umhverfismálum á vinnumarkaðnum.

Falasteen Abu Libdeh

okkar stærðargráðu séu til fyrirmyndar og leiðandi í umhverfismálum á vinnumarkaðnum. Það er mikilvægt að fyrirtæki séu meðvituð um áhrif sín á umhverfi og samfélag og setji sér skýra stefnu í þeim málum,“ segir Falasteen.

„Markmið okkar er að ná góðum árangri í umhverfismálum og málum sem tengjast sjálfbærni á öllum sviðum.“

Árið 2015 undirritaði Eimskip yfirlýsingu um loftslagsmál sem felur í sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum, mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðuna. Eitt markmiðanna sem fyrirtækið hefur sett sér er að minnka kolefnisspor sitt um 40% á flutta einingu til ársins 2030 og er tekið tillit til þess í allri ákvarðanatöku í rekstrinum.

„Það var strax lögð áhersla á stafræna söfnun og úrvinnslu gagna vegna umhverfismála í samstarfi við Klappir grænar lausnir hf. Við erum stolt af árangrinum sem hefur náðst en kolefnisspor okkar hefur dregist saman um 14,2 prósent frá árinu 2015 til ársins 2019, en betur má ef duga skal og

Verkefni sem minnka kolefnisspor skipaflotans

- Sorplosun frá skipunum er haldið í lágmarki og sífellt strangari reglum þar um fylgt.
- Skipin fylgja alþjóðlegum reglum um dælingu og útskiptingu á kjölfestuvatni sem settar eru til að takmarka líffefnamengun.
- Notast er við stjórnkerfi til að minnka olíueyðslu skipanna.
- Mælingar eru gerðar á nýtingu skipanna miðað við eldsneytisnotkun til að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda.
- Umhverfisvænar smurolíur settar á búnað sem liggur að sjó.
- Tvö gámaskip eru í smíðum í Kína.
- Notast er við umhverfisvæna botnmálningu á skipin.
- Skipin verða útbúin góðum stjórnbúnaði og verða mun umhverfisvænni en eldri skip félagsins.
- Þau verða með isklassa og eru hönnuð með tilliti til heimskautaskilyrða.
- Þau verða með TIER III vél sem er sérstaklega útbúin til að draga úr útblæstri köfnunarefnis.
- Skipin hafa innbyggðan olíuhreinsibúnað sem lágmarkar brennisteinsútblástur.

við erum hvergi nærri hætt,“ segir Falasteen.

Þar sem Eimskip fylgist svo vel með kolefnisspori sínu og gerir allar þær mælingar sem þarf getur fyrirtækið líka boðið viðskiptavinum sínum að fá sitt kolefnisspor reiknað. „Við bjóðum kolefnisreiknivél á vefsíðunni okkar þar sem hægt er að áætla kolefnisfótspor í flutningum en einnig bjóðum við viðskiptavinum okkar að fá nákvæmt yfirlit yfir sitt kolefnisspor í flutningum á sjó og í akstri innanlands. Með því að upplýsa aðra erum við líka að gera okkar hlut í heildarmyndinni og við trúum því að ef allir eru meðvitadír getum við í sameiningu náð ótrúlegum árangri,“ segir Falasteen.

Fyrstu rafrænu skipadagbækur heims

Falasteen segir að Eimskip sé leiðandi í heiminum í notkun á rafrænum dagbókum í skipum.

Rafrænar dagbækur gera það mögulegt að tryggja rétta skráningu á umhverfisþáttum um borð í skipum félagsins og skila upplýsingum til hagaðila hvort sem það eru viðskiptavinir, hafnir eða alþjóðlegar stofnanir á hvaða tíma sem er. Eimskip var fyrsti viðskiptavinur Klappa (þá Ark Technology) árið 2014 og fór þá af stað vinna við að þróa rafrænar skipadagbækur.

„Eimskip vinnur náið með Klöppum að því að innleiða stafræna tækni til að fylgjast með vistspori félagsins mánuð fyrir mánuð. Öll upplýsingagjöf um umhverfismál er skilvirk en félagið skilar inn til opinberra aðila umfangsmiklu umhverfis- og UFS-uppgjöri árlega,“ segir Falasteen.

Önnur verkefni tengd umhverfismálum sem Eimskip hefur unnið að er nýr krani við Sundahöfn sem nefnist Straumur og er að fullu rafknúinn. Kraninn skilar því ekki eftir sig kolefnisfótspor í rekstri.

Fyrirtækið er einnig í samstarfi við Pure North varðandi umhverfisvænni endurvinnslu á plasti sem fellur til í starfsemi félagsins. Pure North er einstakt endurvinnslufyrirtæki sem endurvinnur plast með jarðvarma sem losar mjög lítið CO2.

Stefnt er á að sameina alla starfsemi höfuðstöðva Eimskips í Reykjavík undir eitt þak á árinu og starfa í verkefnamiðuðu vinnurými. Þannig verður nýting húsnæðis betri en einnig verða til önnur tækifæri sem snerta umhverfismál, svo sem minni vatns- og rafmagnsnotkun og fleira. Eimskip er á vegferð pappírslýsis sem að sögn Falasteen gengur vel.

„Við höfum minnkað pappírnotkun um 23% á milli ára í starfsemi okkar og erum að vinna að því að rafvæða sem mest af skjalavinnslunni okkar.“

Jöfn tækifæri og öryggið í fyrirrúmi

Falasteen segir Eimskip leggja ríka áherslu á jafnrétti og jöfn tækifæri. „Við fengum jafnlaunavottun í ár. Við erum afskaplega ánægð með þau jákvæðu skref sem hafa verið tekin í jafnréttismálum og munum halda ótraud áfram á sömu braut.“

Ný styrktarstefna er komin í framkvæmd hjá fyrirtækinu en helstu áherslur eru umhverfismál á sjó og landi, öryggi og forvarnir. „Eitt stærsta styrktarverkefnið okkar er hjálmauverkefnið í samstarfi við Kiwanis en síðan 2004 höfum við gefið öllum 6 ára börnum hjólahjálma á hverju vori. Verkefnið rímar vel við styrktarstefnuna okkar þar sem við einblinum meðal annars á öryggismál, bæði í leik og starfi,“ segir Falasteen.

Við komum góðu til leiðar

Leiðandi á sviði umhverfismála í 29 ár

Margt smátt skilar árangri

Við erum leiðandi í þróun rafrænna skipadagbóka og notum umhverfisvæna botnmálningu á skipin okkar. Við endurvinnum plast innanlands í samstarfi við Pure North. Staumur, nýi gámakraninn okkar er að fullu rafknúinn.

Vottanir og samstarf varða leiðina

Við erum þátttakendur í UN Global Compact og byggjum samfélagsábyrgðarstefnuna á UFS leiðbeiningum frá Kauphöllinni. Við erum aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð og vinnum að rafvæðingu gagna með Klöppum grænum lausnum.

Krefjandi markmið halda okkur við efnið

Við ætlum að minnka kolefnisspor okkar um 40% á næstu tíu árum, en við höfum minnkað sporið um 14,2% á síðustu 5 árum, sem er árangur sem við erum stolt af. Ný skip í smíðum eru búin sérstökum búnaði til að draga úr umhverfisáhrifum. Við stefnum að pappírslaysi og rafvæðingu skjala og nýjar höfuðstöðvar fela í sér margvíslega möguleika til að nýta betur vatn og rafmagn.

Stór og samfélagslega mikilvæg fyrirtæki eins og Eimskip hafa sérstakar skyldur í umhverfismálum, sem við öxum með festu og gleði. Það eru 29 ár síðan við settum okkur umhverfisstefnu, eitt af fyrstu íslensku fyrirtækjunum sem það gerðu. Þessi stefnufesta birtist í allri okkar starfsemi, hefur skilað árangri og mun halda því áfram.

EIMSKIP

FJÖLNOTA POKAR ERU FRAMTÍÐIN

Vínbúðirnar hafa á boðstólum úrval af fjölnota pokum fyrir viðskiptavini.



NÝR

HÁR SVARTUR með
2 hólfum fyrir víNFLÖSKUR | **150 KR.**



NÝR

STÓR SVARTUR með
12 hólfum fyrir bjóRFLÖSKUR | **200 KR.**

Stöndum með
náttúrunni og
veljum fjölnota!



120 KR.
SVARTUR

150 KR.
GRÁR

180 KR.
RAUBUR

 VÍNBÚÐIN

HÖNNUN, GÆÐI & GLÆSILEIKI

ÍTALSKAR FLÍSAR

MIKIÐ ÚRVAL
Á LAGER

 **ALFABORG**
- allt á gólfð -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Bílar & Farartæki

Aukahlutir í bíla



Demparar
- Styrkur
- Ending

Fyrir:

- Fólksbíla
- Jeppa
- Vörubíla
- Flutningabíla
- Rútur



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000. www.aflvelar.is

Þjónusta

Pípulagnir

PIPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþríf - Þríf eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þríf, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Ræstingar

FYRIRTÆKJARÆSTINGAR.

Við sérhæfum okkur í ræstingum á fyrirtækjum, þar sem áhersla er lögð á fagleg og vönduð vinnubrögð. Ódýr og góð þjónusta.

FMJ Þríf ehf.

Uppl. í síma 780 7020 eða
raesting2010@yahoo.com

Málarar


Málningarþjónusta S: 782-6034.

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Önnur þjónusta



RATIO

Eigum krana lausa til leigu
511 6600 – ratio@ratio.is

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateemple.is

Heilsunudd, opið frá 10-20. Einnig um helgar S. 832 8863

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Skemmtanir

FESTIVAL

Spilar fyrir dansi
FÖSTUDAG & LAUGARDAG
FRÁ KL. 00.00 - 03.00

CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

SÍMI 554 2166 • HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVÖGUR

Tilkynningar

Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi

Nónhæð. Arnarsmári 36-40, Nónsmári 1-7 og 9-15. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 25. febrúar 2020 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi á kalli Nónhæðar Nánar tiltekið nær breytingin til Arnarsmára 36-40 (hús A), Nónsmára 9-15 (hús B) og Nónsmára 1-7 (hús C). Í breytingunni felst eftirfarandi:

- 1) Arnarsmári 36-40: Í tillögunni er gert ráð fyrir bílakjallara vestan við fjölbýlishúsið allt að 950 m² að flatarmáli með 22 stæðum (undir fyrirhuguðum bílastæðum á yfirborði). Bílastæði innan lóðar verða alls 61 stæði. Fjöldi bílastæða á íbúð verður 1,5 í stað 1,2.
- 2) Nónsmári 9-15: Stærð bílakjallara við fyrirhugað fjölbýlishús verður um 1.000 m² í stað 1.400 m² með 27 bílastæðum. Fjöldi bílastæða innan lóðar verður 66 stæði. Fjöldi bílastæða á íbúð verður 1,5 í stað 1,7.
- 3) Nónsmári 1-7: Stærð bílastæðakjallara við fyrirhugað fjölbýlishús verður um 950 m² í stað 1.500 m² með 33 bílastæðum. Fjöldi bílastæða innan lóðar verður 80 stæði. Fjöldi bílastæða á íbúð verður 1,5 í stað 1,6.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 ásamt greinargerð, skipulagsskilmálum og skýringarmyndum dags. 12. febrúar 2020.

Nánar er vísað til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 16. apríl 2020.

Skipulagsstjóri Kópavogs.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Tilkynningar



Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldir framkvæmdir

- Hótel í landi Svínhóla í Lóni
- Akraneslína 2, jarðstrengur

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanir liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðindamála til 30. mars 2020.

Capacent

Nýtt!

Capacent
flokkunSparar tíma og
fyrirhöfn!

Alfred

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Fasteignir



Hrafnhildur Brídde löggiltur fasteigisali s: 821 4400

ÞEKKING • ÞJÓNUSTA • ÞINN HAGUR

HB FASTEIGNIR



SKRIFSTOFUHÆÐ ÞÓRUNNARTÚN 6, MIÐSVÆÐIS



191 fm skrifstofuhæð, 3.hæð, á svokölluðum Borgartúnsreiði, 105 Rvk. ATH! Mögulegt er að skipta hæðinni í tvö sér rými þar sem tveir inngangar eru inn í það. Húsnæðið skiptist í 6.skrifstofur, eldhús, snyrtingu, ljósritunarherb. og geymslu. Sameiginlegt bílastæði á bak við hús. Skrifstofurnar eru í útleigu. Frábær staðsetning við miðbæinn þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað síðustu ár. **VERÐTILBOÐ!**

Hrafnhildur s. 821 4400

Tilkynningar

Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi

Kópavogsbraut 69. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 25. febrúar 2020 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 69 við Kópavogsbraut. Á lóðinni stendur íbúðarhús og bílskúr úr steinsteypu og timbri, byggt 1950, samtals 164,9 m². Í gildandi deiliskipulagi, samþykkt í bæjarstjórn 28. september 2010 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 28. október 2019, er heimilt að byggja einbýlishús á einni hæð auk kjallara og innbyggðri bílgeymslu samtals um 220 m², hámarkshæð 7,5 m miðað við aðkomuhæð og tvö bílastæði á lóð. Í framlagðri tillögu felst að á lóðinni verði reist tveggja hæða hús á pöllum, auk kjallara með samtals þremur íbúðum. Hámarks flatarmál er áætlað 450 m² og nýtingarhlutfall lóðar því 0,68, hámarks hæð miðað við aðkomuhæð er áætluð 8,0 m og fimm bílastæði á lóð. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. í febrúar 2020. Nánar er vísað til kynningargagna.

Kópavogsbraut 71. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 25. febrúar 2020 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 71 við Kópavogsbraut. Á lóðinni stendur óskráður geymsluskúr samkvæmt fasteignamat. Í gildandi deiliskipulagi, samþykkt í bæjarstjórn 28. september 2010 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 28. október 2019, er heimilt að byggja einbýlishús á einni hæð auk kjallara og innbyggðri bílgeymslu samtals um 220 m², hámarkshæð 7,5 m miðað við aðkomuhæð og tvö bílastæði á lóð. Í framlagðri tillögu felst að á lóðinni verði reist tveggja hæða hús á pöllum, auk kjallara með samtals þremur íbúðum. Hámarks flatarmál er áætlað 450 m² og nýtingarhlutfall lóðar því 0,68, hámarks hæð miðað við aðkomuhæð er áætluð 8,0 m og fimm bílastæði á lóð. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. í febrúar 2020. Nánar er vísað til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur eru aðgengilegar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 16. apríl 2020.

Skipulagsstjóri Kópavogs.



Kópavogsbær

kopavogur.is

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1525 Cuauhtémoc, síðasti konungur Asteka, er tekinn af lífi af Spánverjum.

1854 Repúblikanaflokkurinn í Bandaríkjunum er stofnaður.

1920 Skipið Valtýr ferst og með því þrjátíu manns.

1957 Teiknimyndapersónan Viggó viðutan birtist í fyrsta skipti á prenti.

1973 Stangveiðifélagið Ármann er stofnað.

1991 George H.W. Bush lýsir yfir sigri í Persaflóastríðinu.

2013 Benedikt 16. lætur af embætti sem páfi.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga S. Helgadóttir

Lautasmára 5,

lést mánudaginn 24.2. á krabbameinslækningadeild Landspítalans.

Ellen Þórarinsdóttir
Dagný Þórarinsdóttir

Róbert Jónsson
Kjell Arne Hendrikssen
barnabörn og barnabarnabörn.



Systir mín, mágkona og móðursystir,

Guðlaug Gunnarsdóttir

(Lalla)

lést 14. febrúar sl. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 2. mars. kl. 13.00.

Þóra Gunnarsdóttir, Sigurjón Ari Sigurjónsson og fjölskylda.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Auðbjörg Jóhannsdóttir

frá Eskifirði,

lést fimmtudaginn 20. febrúar á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 2. mars kl. 13.00.

Þeim sem vilja minnst hennar er bent á minningar- og styrktarsjóð Sóltúns. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Sóltúni fyrir einstaka umönnun.

Þorvarður Kári Ólafsson Anna Kristín Sigurðardóttir
Sólrun Ólafsdóttir Kristján Örn Karlsson
Bryndís Ólafsdóttir Björn Harðarson
Svanhildur Ólafsdóttir Magnús Arnar Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Góðar stundir með bókum

Búist er við 30-40 þúsund gestum á Bókamarkað Félags íslenskra bókaútgefenda sem haldinn er á Laugardalsvelli. Um 100.000 bækur seljast hvert ár á markaðnum.

Hinn árlegi Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda er haldinn á Laugardalsvelli og stendur til 15. mars. Ópið er frá klukkan 10-21 alla daga.

„Þetta árið eru riflega 6.000 bækur á markaðnum, frá rúmlega 100 útgefendum,“ segir Bryndís Loftsdóttir starfsmaður hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda. „Það eru 66 ár síðan bókamarkaðurinn var haldinn fyrst, árið 1954 í Listamannaskálanum. Hann hefur verið víða og var lengi í Perlunni en þetta er sjöunda árið sem hann er haldinn á Laugardalsvelli. Við höfum átt frábært samstarf við KSÍ og okkur líður mjög vel hérna undir stúkunni við fótboltavöllinn. Bókamarkaðurinn mun síðan samkvæmt venju fara til Akureyrar.“

Bryndís segir að aðsóknin á bókamarkaðinum í Laugardalnum hafi frá byrjun verið góð og sé að aukast. „Það var erfitt að flytja sig um set eins og við gerðum fyrir sjö árum, en aðsóknin hefur aukist jafnt og þétt. Við seljum um 100.000 bækur árlega sem er býsna gott og líklega fáum við einhvers staðar á bilinu 30-40 þúsund gesti á markaðinn hér á Laugardalsvelli. Rúmlega 40 prósent seldu bókanna eru barnabækur, 20 prósent skáldverk og ljóðabækur og tæplega 40 prósent handbækur og fræðibækur. Þessi skipting er ekki ólík því sem hún er á almennum markaði, en samt eru heldur fleiri barnabækur að seljast hér á kostnað skáldverka.“

Börnin vanda sig

Bryndís segir mikið um að foreldrar komi á markaðinn með börn sín. „Börnin fá oft að velja ákveðinn fjölda bóka og vanda sig mjög og taka tíma í að skoða enda er úrvalið gríðarlegt. Þau eiga góðar stundir hérna.“

Spurð hvort hún mæli með einhverjum sérstökum bókum segir Bryndís: „Eiginlega ekki, hér er svo margt. Ég get þó alveg nefnt Lifandilífslæk eftir Bergsvein Birgisson sem nýlega var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Ég fel þó hverjum og einum það frelsi að velja sína bók.“

Lesandi fyrirmyndir

Hún er spurð hvort breytingar hafi orðið á því hvers konar bækur njóti mestra vinsælda á markaðnum. „Við lifum á tímum óendanlegra breytinga,“ segir hún. „Stór breyting varð í kjölfar hrunsins þar sem matreiðslu- og hannyrðabækur seldust í gríðarlegu magni. Þær seljast áfram ágætlega en ekki jafn kröftuglega og þær gerðu þá. Það var mikil aukning í sölu þýddra skáldverka á markaðinum í fyrra en samdráttur í sölu íslenskra skáldverka. Það gæti allt eins snúist við í ár, enda útgáfa íslenskra skáldsagna fyrir jól óvenju-



„Okkur líður mjög vel hérna undir stúkunni við fótboltavöllinn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Á meðan barnabækur halda stöðu sinni sem mest seldi flokkurinn erum við í ágætum málum.

lega mikil og fjölbreytt. Ég vonast til að fólk noti tækifærið og kynni sér þau betur. Sala á sjálfshjálparbókum jókst líka mikið í fyrra, þær hafa reyndar verið að sækja mjög í sig veðrið, salan tvöfaldast frá árinu 2017. Sala ævisagna dróst hins vegar saman um 20 prósent í fyrra og ég á ekki von á því að hún rétti úr sér í ár. En á meðan barnabækur halda stöðu sinni sem mest seldi flokkurinn erum við í ágætum málum. Miðað við þessa skiptingu eru það börnin sem eru lesandi fyrirmyndir okkar fullorðna fólksins.“

kolbrunb@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 28. FEBRÚAR 1986

Forsætisráðherra Svíþjóðar myrtur

Þann 28. febrúar 1986 laumaðist óþekktur maður aftan að Olof Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar, og eigin konu hans Lisbet þar sem þau voru á leiðinni heim úr kvikmyndahúsi í Stokkhólmi. Maðurinn, sem var vopnaður skammbýssu, hleypti af skotum og fór eitt þeirra í gegnum bakið á Olof en annað í öxl Lisbet. Olof lést á leiðinni á spítala en Lisbet var ekki alvarlega særð.

Árið 1988 var Christer Pettersson

dæmdur fyrir morðið eftir að Lisbet bar kennsl á hann. Hann var síðar sýknaður af dómnum en málið er enn í dag óleyst.

Fyrir mánuðinum sagði saksóknari málsins, Krister Petersson, að hann væri bjartsýnn á að geta varpað ljósi á hver framdi morðið, en sagði ekkert um að sú manneskja yrði sótt til saka. Það kann að merkja að Peterson haldi að manneskjan sé nú þegar látin eða að rannsókninni muni ljúka.



Palme var myrtur þennan dag árið 1986.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkygningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

NÓA

NYTT

Gleðilegt

hlaupár

NÓA

Trítlar

Vegan

Viltt og tryllt
veganhlaup

Í tilefni af hlaupárinu!

Nýju vegan hlaup Trítlarnir frá Nóa Sírius eru ekki aðeins trítílgóðir, heldur eru þeir einnig vegan og henta því í nammiskál allrar fjölskyldunnar.

BONUS BONUS BONUS BONUS



400g

198 kr./stk.

Wewalka Pizzabotn
400 g



359 kr./stk.

Goodfella's Pepperoni Pizza, 340 g
Goodfella's Margherita Pizza, 345 g

**ALLTAF
NÝBAKAÐ**



198 kr./stk.

Bónus Tebolla
Með súkkulaði, Nýbökuð



1kg

279 kr./1 kg

Bónus Kornbrauð
1 kg

Handspritt



100stk.

698 kr./pk.

Abena Latexhanskar
100 stk. í pakka, M og L stærðir



70%

659 kr./600 ml

Dúx Handspritt 70%
600 ml



95 kr./stk.

105 Koffinvatn
330 ml, 2 stk.



Verð gildir til og með 1. mars eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Allt til að gera góða

Eurovisionveislu



2l

198 kr./2 l

Coca Cola Light og Zero
2 lítrar

**SAMA VERÐ
UM LAND ALLT**



98 kr./0,5 l

Coca Cola Light og Zero
500 ml



159 kr./stk.

Pringles Snakk
165 g, 2 teg.



179 kr./pk.

Salt Skum, 70 g
Surt Skum, 70 g



259 kr./pk.

OLW Cheez Cruncherz
225 g



198 kr./pk.

OLW Cheez Doodles, 160 g
OLW Cheez Balls, 160 g

BÓNUS

**EKKERT
BRUÐL**

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi og Skeifunni: Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík ☁ -1 9 °C ←	Ísafjörður ☁ -4 11 °C ←	Akureyri ☁ -4 3 °C ↑
Egilsstaðir ☁ -1 7 °C ←	Kirkjubæjarkl ☁ -2 17 °C ↙	Hveravellir ☁ -8 8 °C ↓

Austan 15-23 m/s, hvassast suðaustanlands og snjócoma eða slydda á austanverðu landinu, en dálítill el vestan til. Dregur heldur úr frosti.

Laugardagur

Reykjavík ☁ 0 7 °C ←	Ísafjörður ☁ -2 12 °C ↙	Akureyri ☁ -3 1 °C ↑
Egilsstaðir ☁ 1 2 °C ↙	Kirkjubæjarkl ☁ 2 5 °C ↘	Hveravellir ☁ -7 1 °C ↘

Sunnudagur

Reykjavík ☁ -2 1 °C ↘	Ísafjörður ☁ -1 2 °C ←	Akureyri ☁ -2 2 °C ↘
Egilsstaðir ☁ 1 5 °C ←	Kirkjubæjarkl ☁ 1 2 °C ↘	Hveravellir ☁ -4 6 °C ↘

LÉTT

6	1		2	5		
		2	5	9	8	1
				3		4
	6	8				2
	5	8	1	7		9
			6			
1	9	5		4		
			7			3
4	7	9		1	8	

MIDLUNGS

		3		1	9		
7	8				6		
	2	4	7		5		
	3		5				7
2		5			1		
1	9			8	2		
			6		7	9	5
4		8					1
5							8

PUNG

7			6		2	4	
	6	2	4			5	7
							8
		6	8	4	7		
					1		4
		5	2				7
				6	9		
	4			7		1	
6	1	7					3

Krossgáta

LÁRÉTT

- þynnu
- spreia
- sjúkdómur
- skeina
- tveir eins
- gyðja
- tel
- borgari
- tónlist
- gildra

LÓDRÉTT

- bær
- tiðka
- kk. nafn
- umfang
- malarsáld
- ásækja
- birningur
- stía
- tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. himnu, 5. úða, 6. m.s., 8. skrána, 10. sandía, 9. areita, 12. hunn, 14. pás, 16. r.
LÓDRÉTT: 1. húsavík, 2. iðka, 3. mar, 4. ummál, 7. ea, 11. rár, 12. heid, 13. íbúi, 15. kántrí, 17. snara.

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Hrejkik átti leik gegn Polvin í Vin árið 1954.

1...Dxh2+! 2. Kxh2 Rg4+ 3. Kh1 Hh3+! 4. gxh3 Hh2# 0-1.

Íslandsmót kvenna hófst í gær í Garðabæ. Hlaupármót Hróksins fer fram á morgun.

www.skak.is: Íslandsmót kvenna.



5	8	1	7	4	2	6	9	3
9	2	4	8	6	3	5	1	7
3	6	7	5	9	1	2	8	4
1	4	8	9	2	7	3	5	6
2	5	6	3	8	4	1	7	9
7	3	9	1	5	6	4	2	8
4	9	2	6	1	8	7	3	5
6	7	5	2	3	9	8	4	1
8	1	3	4	7	5	9	6	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Geljan



Barnalán



FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Flökkuforstjórinn

Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts og fyrrverandi trommari Dimmu, er langt frá því að vera hefðbundinn stjórnandi. Hann segir frá krefjandi starfi og af hverju hann hefur engan áhuga á að taka þátt í Eurovision.



Gat á tímabili ekki klárað plötuna Jófríður Ákadóttir lauk við upptöku sinnar annarrar sólóplötu fyrir um tveimur árum en segist hafa lent í eins konar frosti og ekki getað lagt lokahönd á hana fyrr en núna.

Eins og sálarspeglill

Það er ekkert sem ég hef fengist við sem hefur leitað jafn mikið á mig eða er jafn nálægt mér, segir **Kristinn Sigmundsson** um Vetrarferð Schuberts.



Stakir sokkar kveikjan að bókum Hjón skrifa um dularfull sokkahvörf.



Helgarblaðið Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

ILVA

TAX FREE

AF ÖLLUM VÖRUM*

28.FEB. - 2. MARS

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði.
Gildir á meðan birgðir endast.

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað ILVA

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

 netgíró
VALITOR

[FACEBOOK.COM/ILVAISLAND](https://www.facebook.com/ILVAISLAND)
 [INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND](https://www.instagram.com/ILVAISLAND)

MENNING



Brynhildur mun leikstýra Makbeð á Stóra sviði Borgarleikhússins.

Brynhildur leikstýrir Makbeð

Brynhildur Guðjónsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins, mun leikstýra einu þekktasta leikriti Shakespeares, Makbeð, sem áætlað er að frumsýna á Stóra sviði Borgarleikhússins haustið 2021. Brynhildur vann Grímuvörðlaunin sem leikstjóri ársins árið 2019 fyrir Shakespeare-leikritið Ríkharður III sem sló rækilega í gegn í Borgarleikhúsinu í fyrra.

„Ég er mjög spennt fyrir því að halda áfram á þeirri vegferð sem ég hef verið á sem leikstjóri, að vinna með texta og verk klassísku leikskáldanna,“ segir Brynhildur, sem síðast leikstýrði Vanja frænda eftir Anton Tsjekhov sem er enn í sýningu í Borgarleikhúsinu. „Við lögðum upp með að fara óhefðbundnar leiðir með Ríkharð III og hugmyndin er að gera slíkt hið sama með Makbeð.“

Skipan í hlutverk er í vinnslu.

**Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Föstudagur**

hvar@frettabladid.is

28. FEBRÚAR 2019

Hvað? Bingó og brandarar

Hvenær? 11.00-12.00

Hvar? Borgarbókasafnið. Menningarhús Kringlunni
Spilaðar verða nokkrar umferðir og mjög myndnir brandarar munu heyrast þess á milli. Spjaldíð kostar ekkert og flottir vinningar.

Hvað? Vasaljósagerð

Hvenær? 13.00-15.00

Hvar? Borgarbókasafnið Menningarhús, Grófinni
Allt hráefni á staðnum og allir velkomnir.



Gunnlaugur Guðmundsson

Hvenær? 20.00

Hvar? Lífspekifélagið, Ingólfsstræti 22.

Gunnlaugur Guðmundsson, stjórnumspekingur ræðir um heim á tímamótum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Hernaðarlist Meistara Sun er komin út í þýðingu Geirs Sigurðssonar, prófessors í kinnverskum fræðum við Háskóla Íslands. Þetta er fyrsta íslenska þýðingin úr fornkinnversku á verkinu og frumtextinn er birtur við hlið þýðingarinnar. Geir ritar einnig inngang og skýringar. Bókin er gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni.

Geir er fyrst spurður um muninn á fornkinnversku og nútímakinnversku. „Fornkinnverska er einungis ritmál, ekki talmál, og er töluvert frábrugðin nútímakinnversku og allt öðruvísi upp byggð,“ segir hann. „Táknin eru hin sömu í báðum málum og sá sem kann ekki kinnversku sér því ekki mun á fornkinnversku og nútímakinnversku. Táknin í fornkinnversku standa yfirleitt fyrir eitt orð en í nútímakinnversku eru tvö til þrjú tákn fyrir hvert orð. Setningafræði og málfræði er allt öðruvísi og það eru mun fleiri greinarmerki í nútímakinnversku. Í fornkinnversku er maður með mjög knappan texta sem þarf oft að túlka mjög mikið, auk þess sem ekkert í textanum segir til um þátið, fleirtölu og þess háttar nema þá samhengið. Þetta skapar áskoranir fyrir þýðendur á Vesturlöndum sem þurfa í þýðingu sinni að velja eina þýðingu á hugtaki og geta ekki viðhaldið margræðni frumtextans en í mörgum tilfellum væri við hæfi að viðhalda honum. Þetta gerir þýðinguna vandasama en skapar um leið ansi mikið svigrúm til að fylla inn í eyðurnar.“

Geir lærði fornkinnversku í Þýskalandi, var síðan í doktorsnámi við háskólann á Havái og bjó seinna í Kína. Sérsvið hans er fornkinnversk heimsspeki. Við þýðingu sína hafði hann til hliðsjónar áhuga-verðar nútímakinnverskar og vestrænar þýðingar á verkinu úr fornkinnversku. „Þar má aðallega nefna þýska þýðingu þar sem þýðandinn gengur óskaplega langt í því að bæta inn í textann og gera hann miklu lengri og fyllri,“ segir hann. „Það má segja að ég hafi valið milli leið. Ég reyndi að forðast að bæta of miklu við en stundum þurfti samt einmitt að bæta við til að gera textann skiljanlegan og læsilegan, til að íslenska hann. Annars myndi hann stundum vera nánast eins og upptalning.“

Af hverju vildi hann þýða hana á íslensku? „Hernaðarlistin er vinsæl og vel þekkt bók. Mér datt í hug að það væri gaman að þýða verk sem myndi höfða til almennings en ekki bara til fræðimanna. Ég hafði líka áhuga á að gera eitthvað annað en ég hafði verið að fást við, sem eru konfúsískir textar,“ segir hann.

Spurður hvað honum þyki heillandi við bókina segir hann:



Mér datt í hug að það væri gaman að þýða verk sem myndi höfða til almennings. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Bók um hernað en um leið bók um frið

Geir Sigurðsson, prófessors í kinnverskum fræðum, hefur þýtt Hernaðarlistina úr fornkinnversku. Vinsæl og vel þekkt bók sem hefur ætíð höfðað til almennings.

SEM HERNADARRIT SNÝST HÚN FYRST OG FREMST UM FRÍÐ OG HVERNIG HÆGT ER AÐ ÚTKLJÁ EINHVERS KONAR ÁTÖK ÞANNIG AÐ ALLIR KOMI SEM BEST ÚR ÚT ÞVI.

„Það sem mér finnst sérstaklega heillandi við hana er að hún fjallar ekki einungis um hernað heldur einnig um mannleg samskipti þar sem einhvers konar samkeppni eða átök eru í gangi. Hún fjallar um klækjabrógð, herkænsku og það hvernig maður á að bera sig að til

að sigrast á einhverju sem maður er að keppa við.

Sem hernaðarrit snýst hún fyrst og fremst um frið og hvernig hægt er að útkljá einhvers konar átök þannig að allir komi sem best úr út því. Þarna er talað um að besti herstjórnandinn sé sá sem knýr óvinaherinn til uppgjafar án þess að hejja bardaga við hann. Þannig á hann að grafa undan áformum og hugmyndum og bandalögum þannig að óvinurinn sér ekki annað í stöðunni en að gefast upp áður en haldið er í bardagann. Um leið verður hvorki mannfall né eyðilegging.

Það er líka hægt að heimfæra

þetta upp á kænaskubrógð í samskiptum okkar við aðra, þannig að um leið og við fáum okkar framgengt þá er um leið eftirsóknarvert að hinn aðilinn komi líka vel út úr því, að minnsta kosti með ákveðinni reisn. Í þessu felst ákveðin síðfræði sem ég held að okkur sé ekki tòm og er nokkuð nýstárleg.

Ég hef líka sérstakan áhuga á henni vegna þess að hún tengist daðisma. Í Hernaðarlistinni kallast ýmsir þættir mjög á við kafla í bókinni Ferlið og dyggðin, sem er þýðing Ragnars Baldurssonar á Bókinni um veginn. Þarna eru setningar og heilræði sem eru greinilega undir sterkum daðískum áhrifum. Mikil áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir þær hörmungar sem fylgja átökum. Þar er einnig mælt með að við snúum okkur frá því karllæga, harða og eyðileggjandi gildismati sem er áberandi í samfélaginu og byggist á því að knýja hluti fram með aflsminum. Þetta kenna Kinnverjar við „jang“. „Jin“ er svo það mjúka og kvenlæga sem gefur líf í stað þess að taka líf. Mjúkar, „jin“ aðferðir eru líklegri til árangurs fyrir heildina og því ættum við frekar að efla slíkt gildismat frekar á kostnað hins harða. Þótt Hernaðarlistin sé auðvitað bók um hernað er hún þannig um leið bók um frið og möguleikann á mannlegri velferð.“

Málþing til heiðurs Gísla Má Gíslasyni prófessor

Gíslí Már Gíslason, prófessor varð sjötugur í febrúar 2020 og lýkur störfum hjá Háskóla Íslands eftir farsælan starfsferil. Af því tilefni er efnt til málþings í dag, föstudag, um störf hans og rannsóknir. Málþingið verður í Öskju, stofu 132, klukkan 13.00-16.00.

Gíslí Már hefur rannsakað vistkerfi ferskvatna á Íslandi og víða erlendis og spanna rannsóknir hans dýrafræði, vistfræði og vatnalíffræði og nú á síðustu árum áhrif loftslagsbreytinga á vatnalíf. Hann



Málþing til heiðurs Gísla Má Gíslasyni verður haldið í dag.


hefur ætíð verið öflugur talsmaður náttúruverndar.

Sérfræðingar og samstarfsfólk Gísla munu á málþinginu fjalla um framlag hans á sviði vistfræði, vatnalíffræði, loftslagsvísinda og náttúruverndar.

Dagskráin hefst klukkan 13.00 með ávarpi Guðmundar I. Guðbrandssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra. Fundarstjóri verður Lisa A. Libungan. Bóðið verður upp á léttar veitingar á svölum 3. hæðar Öskju að málþingi loknu.

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI

HELGARTILBOÐ!



SHARP®

ANDROID SJÓNVÖRP

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR

Android 9.0 með Google Assistant raddstýringu

Meira en 5000 möguleg snjallforrit

harman kardon Bluetooth HDR 10+

40" Fullt verð 69.995 kr.
Helgartilboð
55.996 KR.

50" Fullt verð 79.995 kr.
Helgartilboð
63.996 KR.

55" Fullt verð 89.995 kr.
Helgartilboð
71.996 KR.

65" Fullt verð 129.995 kr.
Helgartilboð
103.996 KR.



20%
AFSLÁTTUR

SAMSUNG

HEIMILISTÆKI

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
SAMSUNG HEIMILISTÆKIUM

PHILIPS

ÖLL PHILIPS HEIMABÍÓ
VERÐ FRÁ 16.097 KR.

30%
AFSLÁTTUR



25%
AFSLÁTTUR

Fissler

POTTAR OG PÖNNUR
25% AFSLÁTTUR

MOTTUMARS



PHILIPS



1.000

KRÓNUR AF RAKVÉLUM,
SKEGGSNYRTUM OG HÁRKLIPPUM SELDUM Í

MARS

RENNA TIL KRABBAMEINSFÉLAGSINS

Gildir 28. febrúar - 2. mars

Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES

Dagskráin á Hringbraut



SUÐURNESJAMAGASÍN

Mannlífið á Suðurnesjum í máli og myndum. Páll Ketilsson er með puttann á púlsinum suður með sjó í vikulegum þætti á Hringbraut. Suðurnesjamagasín er á dagskrá alla fimmtudaga kl. 20:30

h

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



Fylgstu með!

DAGSKRÁ

Föstudagur

HRINGBRAUT

20.00 Skrefinu lengra (e) Frábærir þættir í umsjón Snædisar Snorradóttur þar sem fjallað er um alla flóru námskeiða og tómstunda sem í boði eru fyrir fólk á öllum aldri.

20.30 Fasteignir og heimili (e) Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.

21.00 Stóru málin Hress og skemmtilegur þjóðmálaþáttur þar sem stóru málin eru tekin fyrir.

21.30 Saga og samfélag (e) Nýr þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvislegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

12.35 Kastljós

12.50 Menningin

13.00 Gettu betur 1995 Versló - MK

13.55 Enn ein stöðin

14.20 Hyggjur og hugtök - Aldursfordómar

14.30 Poirot - Þríhyrningur á Ródos

15.25 Söngvaskáld Helgi Björns

16.05 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps

16.20 Orlofshús arkitekta

16.50 Hljómskálinn Hættuleg tónlist

17.20 Landinn

17.50 Táknafréttir

18.00 KrakkaRÚV

18.01 Hvergidrengir

18.26 Málið Málið - þáttur 3

18.38 DaDaDans Sísí

18.40 Krakkafréttir vikunnar

19.00 Fréttir

19.25 Íþróttir

19.35 Veður

19.45 Gettu betur Bein útsending frá spurningakeppni framhaldsskólanna sem einkennist af stemningu, spennu og virkri þátttöku allra í salnum. Spurningahöfundar og dómarmar eru Ingileif Friðriksdóttir, Vilhelm Anton Jónsson og Sævar Helgi Bragason. Spyrrill er Kristjana Arnarsdóttir. Stjórn útsendingar: Elin Sveinsdóttir.

20.55 Vikan með Gísla Marteini

21.40 Martin læknir Doc Martin

22.30 Gods of Egypt Guðir Egypta Ævintýramynd um mennsku hetjuna Bek sem sameinast guðinum Hórusi í baráttu gegn hinum illa guði Set í von um að losa Egyptaland undan harðstjórn hans. Leikstjóri: Alex Proyas. Aðalhlutverk: Brenton Thwaites, Nikolaj Coster-Waldau og Gerard Butler. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

00.30 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

06.30 European Tour Bein útsending frá Oman Open á Evrópumótariðinni.

08.30 Diamond Resorts Tournament of Champions Útsending frá Diamond Resorts Tournament of Champions.

10.30 European Tour Bein útsending frá Oman Open á Evrópumótariðinni.

13.35 PGA Tour 2016. Delivering a Decade of Champions

14.00 European Tour 2020

16.00 European Tour 2020

19.00 The Honda Classic Bein útsending frá The Honda Classic á PGA mótariðinni.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó

FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify

11.30 Dr. Phil

12.15 The Late Late Show

13.00 Everybody Loves Raymond

13.25 The King of Queens

13.45 How I Met Your Mother

14.10 Dr. Phil

14.55 Family Guy

15.20 A Million Little Things

16.15 Malcolm in the Middle

16.35 Everybody Loves Raymond

17.00 The King of Queens

17.20 How I Met Your Mother

17.45 Dr. Phil

18.30 The Late Late Show

19.15 Coming to America

21.15 The Bachelor The Bachelor hefst í janúar 2020. Hin sívinsæla þáttaröð The Bachelor hefst á nýju ári með nýjum piparsveini.

22.40 Love Island Bráðskemmtileg raunveruleikasæria þar sem eldheitir einstaklingar fá tækifæri til að finna ástina í fjórugum leik.

23.25 Love Island

00.10 The Late Late Show

03.30 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins

06.50 Morgunvaktin

07.00 Fréttir

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.00 Fréttir

09.05 Í ljósi sögunnar

09.45 Morgunleikfimi

10.00 Fréttir

10.03 Veðurfregnir

10.13 Óskastundin

11.00 Fréttir

11.03 Mannlegi þátturinn

12.00 Fréttir

12.02 Hádegisútlit

12.20 Hádegisfréttir

12.40 Veðurfregnir

12.50 Dánarfregnir

12.55 Samfélagið

14.00 Fréttir

14.03 Heimskviður (26 af 45)

15.00 Fréttir

15.03 Sögur af landi

16.00 Síðdegisfréttir

16.05 Glans

17.00 Fréttir

17.03 Lestarklefinn

18.00 Spegillinn

18.30 Brot úr Morgunvaktinni

18.50 Veðurfregnir

18.53 Dánarfregnir

19.00 Flugur Hollies á umbrotatímum

19.45 Lofthelgin

20.35 Mannlegi þátturinn

21.30 Kvöldsagan. Hjartastaður (28 af 31)

22.00 Fréttir

22.05 Veðurfregnir

22.10 Passíusálmur (16 af 50)

22.15 Samfélagið

23.05 Lestarklefinn

00.00 Fréttir

00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.45 Paterno

12.30 Ordinary World

13.55 The Big Sick

15.50 Paterno

17.35 Ordinary World

19.05 The Big Sick

21.00 The Favorite

23.00 The First Purge

00.35 Desierto

02.05 The Favorite

STÖÐ 2

08.00 Kevin Can Wait

08.25 Gilmore Girls

09.05 Bold and the Beautiful

09.25 Lego Masters

10.15 Puppy School

11.05 Jamie's Quick and Easy Food

11.30 Suður-ameríski draumurinn

12.05 Fósturbörn

12.35 Nágrannar

13.00 Fantastic Beasts. The Crimes of Grindelwald

15.10 The Muppets Take Manhattan

16.40 Gulli byggir. Einingahús og smáhýsi

17.15 Stelpurnar

17.40 Bold and the Beautiful

18.01 Nágrannar

18.26 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.51 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.

18.55 Sportpakkinn

19.10 Föstudagskvöld með Gumma Ben og Sóla

20.00 Steinda Con - Heimsins furðulegustu hátíðir

20.30 Housesitter

22.10 Madame

23.45 American Animals

01.40 Serialized

03.15 Fantastic Beasts. The Crimes of Grindelwald Mögnuð ævintýramynd frá 2018 með stórgóðum leikurum. Þegar galdramaðurinn og ógnvaldurinn Gellert Grindelwald sleppur úr haldi og byrjar að safna liði til að geta komið valdasjúkum áformum sínum í framkvæmd fær Albus Dumbledore Newt Scamander til að fara í málið ásamt vinum sínum því fyrirætlanir Gellerts verður að stöðva – hvað sem það kostar.

STÖÐ 3

19.05 The Big Bang Theory

19.30 Divorce

20.00 Friends

20.25 Seinfeld

20.50 The Simpsons

21.15 Crashing

21.45 Angie Tribeca

22.10 American Dad

22.35 Broadchurch

23.25 Broadchurch

00.15 Seinfeld

00.40 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

06.55 Seinni bylgjan

07.20 Seinni bylgjan

08.40 Chelsea - Bayern Munchen

10.20 Espanyol - Wolves

12.00 Dregið í 16 liða úrslit

13.05 Arsenal - Olympiacos

14.50 Manchester United - Club Brugge

16.35 NBA heimildarþáttur Heimildarmynd um NBA leikmanninn Julius Erving.

17.45 La Liga Report Upphitunarþáttur fyrir leikina í spænsku úrvalsdeildinni.

18.15 Evrópuedeildarmörkin

19.05 Breiðablik - ÍA Bein útsending frá leik í Lengjubikarnum.

21.15 Napoli - Barcelona Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

22.55 Meistaradeildarmörkin Mörkin og marktækifærin í Meistaradeild Evrópu gerð upp af sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.

23.25 Breiðablik - ÍA

STÖÐ 2 SPORT 2

16.50 Cagliari - Roma Bein útsending.

19.35 Juventus - Inter Bein útsending.

FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útlit Saga

FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

HLAUPÁRS - SPRENGJA

Aðeins í 2 daga - föstudag og laugardag

aðeins 10 stk í boði



SAMSUNG SJÓNVARP 65" + SOUNDBAR
Verð áður 549.800 KR
PAKKAVERÐ 449.900 KR

aðeins 20 stk í boði



SAMSUNG SJÓNVARP 55"
VERÐ 119.900

aðeins 20 stk í boði



SAMSUNG SJÓNVARP 43"
VERÐ 79.900

20% til 30% afsláttur á spennandi vörum

aðeins 20 stk í boði



SAMSUNG KÆLISKÁPUR
VERÐ 148.990 KR

aðeins 20 stk í boði



SAMSUNG KÆLISKÁPUR
VERÐ 79.990 KR



SAMSUNG KÆLISKÁPUR
VERÐ 74.990 KR

aðeins 20 stk í boði



SAMSUNG ÞVOTTAVÉL
VERÐ 59.990 KR

aðeins 20 stk í boði



SAMSUNG ÞURRKARI 8KG
VERÐ 89.990 KR

TAKMARKAÐ MAGN POTTAR OG KAFFIKÖNNUR Á
40% AFSLÆTTI



TEFAL POTTUR JO S-STEEL 24 CM 4,7L
VERÐ: 5.994 KR



TEFAL POTTUR JO S-STEEL 20 CM 3L
VERÐ: 5.394 KR



AEG KAFFIVÉL KF3300
VERÐ: 4.794 KR



AEG KAFFIVÉL KF7600 STÁL
VERÐ: 8.940 KR



ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á
eldhúsbörðinu þegar blaðið er
opnað!

93.000

Íslendingar lesa Fréttablaðið
daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í
síma 550 5050
eða sendu tölvupóst á
orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð
verð í prentun.



Stefanía, Hildur, Ragnheiður og Salóme koma allar fram á tónleikunum á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Góða veislu gjöra skal

Þjóðlög eru nimum Menntaskóla í tónlist hugleikin þessa dagana. Á sunnudaginn eru tónleikar þar sem nemendurnir flytja þjóðlög ásamt kennurum sínum, Ragnheiði Gröndal og Ásgeiri Ásgeirs.

Nemendur Menntaskóla í tónlist klæða íslensk þjóðlög í nýjan búning á þjóðlagatónleikum skólans, Heyri ég hljóm. Á tónleikunum munu gamlar þjóðlagaperlur hljóma í flutningi fjórtán söngvara og fimm manna hljómsveitar. Flytjendurnir eru allir í rytmísku námi en eru mislangt komnir, sumir munu útskrifast í vor en aðrir eru á fyrsta ári og allt þar á milli.

Gífurleg þekking

„Lögin eru valin af Ragnheiði Gröndal og Ásgeiri Ásgeirs en þau hafa bæði unnið mikið með þjóðlagatónlist á sínum ferli og verða nokkrar af útsetningum Ásgeirs, af plötunni Two sides of Europe sem kom út 2017, fluttar á tónleikunum,“ segir Salóme Magnúsdóttir söngkona.

Fólk getur átt von á að heyra þjóðlagaperlur á borð við Ljósið kemur langt og mjótt, Hættu að gráta hringaná og Góða veislu gjöra skal ásamt fleiri klassískum lögum.

„Það er brennandi áhugi meðal okkar nemenda á þjóðlögum og þekking þeirra Ásgeirs og Röggva á efninu drifur okkur áfram og veitir okkur innblástur. Í gegnum tónleikana fá nemendurnir að kynnst þessari hefð og arfleifð sem er svo mikilvæg og sterk í okkur,“ segir hún.

Fara aftur til fortíðar

Heiti tónleikanna er eins og áður kom fram Heyri ég hljóm, sem er þekkt þjóðlag. Lagið verður þó ekki flutt á tónleikunum.

„Við völdum nafnið vegna þess hve sterkur kveðskapur þess er og vegna þess að tónleikar og tónlist snúast í raun um að heyra hljóm. Þema tónleikanna sprettur í kringum forvitni og löngun til þess að halda tónlistararfleifð okkar á lofti í rytmísku söng- og hljóðfæranámi,“ segir Salóme.

Hún segir þjóðlöginn grunninn að íslensku tónlistarlífi á sinn hátt.

**ÞJÓÐLÖGIN ERU
OKKAR ALLRA OG
HVER OG EINN GETUR NÁLGAST
ÞAU Í GEGNUM SÍNA EIGIN RÖDD,
BÆÐI UNGIR SEM ALDNIR.**

„Fólk var að yrkja vísur og syngja í fimmundum löngu áður en fyrsta orgelið kom til landsins. Það er því mikilvægt að fara aftur til fortíðar og læra um það hvernig þetta byrjaði allt saman. Þjóðlöginn okkar eiga upptök sín í röddinni, þar vaknaði lagasmíðin.“

Finna sína rödd

Á þessum tónleikum, segir Salóme, var því ákveðið að leggja áherslu á að láta röddina leiða úrvinnslu margra laga. Með röddunum hljóma víola, fiðla, bassi, slagverk, gítar og píanó auk þess sem áheyrndur geta búist við sellói í einu lagi.

„Í rytmísku námi er athygli nemenda oft beint út fyrir landsteinana þar sem fyrirmyndirnar eru söngvarar á borð við Ellu Fitzgerald, Sarah Vaughn og Kurt Elling. Með þeim kemur ákveðinn rammi fyrir röddina sem við erum að stiga út fyrir á þessum tónleikum. Við reyndum að gera rými fyrir söngvarana til þess að finna sína eigin rödd í gegnum þjóðlöginn en það er mjög verðmætt að nemendur í rytmísku námi kynnist þjóðlögum og þjóðlagahéð,“ segir Salóme.

Í æfingaferlinu voru nemendur hvattir til að nálgast lögin út frá eigin tilfinningum, því þannig sé eðli þjóðlaga.

„Þau eru okkar allra og hver og einn getur nálgast þau í gegnum sína eigin rödd, bæði ungir sem aldnir. Ásamt því að syngja og spila á hljóðfæri koma allir að sýningunni á mismunandi vegu, til að mynda með því að sjá um umgjörð sýningarinnar, sviðsmynd, hljóðheim og fleira,“ segir hún.

Tónleikarnir eru ekki einungis til að gleðja eyru því þeim er einnig ætlað að koma áheyrndum í tengsl við liðna tíma og menningu í gegnum bæði hljóð og mynd. Þeir fara fram á sunnudaginn klukkan 17.00 í hátíðarsal FÍH að Raudagerði 27. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og miðasalan við innganginn og Salóme segir alla velkomna á meðan húsrúm leyfir.
steingerdur@frettabladid.is




**Söng-
konan
Salóme Katrín er
nemandi í MÍT og
kemur fram á tón-
leikunum. MYND/
KATA JÓHANN-
ESS**



1290.-



1990.- pakkinn



2999.-



BÓKA

MARKAÐURINN


Laugardalsvelli

ÓTRÚLEGT ÚRVAL · ÞÚSUNDIR TITLA




OPÍÐ
KL. 10 - 21
ÖLL KVÖLD

27. FEBRÚAR - 15. MARS



990.-



990.-




1499.-




1999.-




2490.-



1999.-



990.-



2299.-



BAKÞANKAR

Þórarins
Þórarinssonar



Smit

Allt sem ég veit um lífið og tilveruna hef ég úr kvikmyndum og leita frekar í þann viskubrunn heldur en röklausar skyndilausnir pólitíkusa þegar þessi árans smitvá býr í lofti og ferðast hratt milli landa.

Sennilega þess vegna hefur atriði úr Tucker: The Man and His Dream eftir Francis Ford Coppola sótt á mig síðustu daga. Þar segir frá Preston Tucker, stórhuga uppfinningamanni, sem reyndi skömmu eftir seinna stríð að markaðssetja snilldarhugmynd sína um krúttlegan þriggja hjóla bíl.

Hann fór lóðbeint á hausinn með Tuckerinn sinn. Aldraður endurskodandi Tuckers deildi vonbrigðunum með honum og reyndi að sleikja sárin með uppriðjun á gömlum varnaðarorðum mömmu sinnar. Hún hafði bannað honum að fara of nálægt fólki vegna þess að hann gæti fengið af því sýkla. Misheyrn þar sem enska orðið „germs“ varð „dreams“ varð til þess að upp frá því forðaðist hann fólk sem gæti smitað hann af draumum sínum. Ekki algalið þar sem draumar, hugmyndir, langanir og jafnvel hættulegar stjórnmálaskoðanir eru jafn bráðsmitandi og kvef, ælupestir og kórónaveikin.

Hugmyndir um að loka landinu og breyta Egilshöll í smitfangabúðir með bíosal og keilubrautum eru því vitaskuld þvættingur sem gerir ekkert annað en magna upp ótta sem skilar sér mögulega í prósentubrotum þeirra allra hræddustu í skoðanakönnunum.

Lífið sjálf er smitsjúkdómur sem virðir engin landamæri, hvorki náttúruleg né manngerð. Ég meina, fólk mun meira að segja halda áfram að kyssast, fæðmast, ríða og haldast í hendur þótt varað sé við því og mælt með sprittun.

Þetta er það sem það er og kemur hvort sem okkur líkar betur eða verr og í hversu sturlaða vörn við pökkum.

Höldum ró okkar og höldum áfram.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk

ON THE GO

NOCCO

330 ML

299

KR/STK



Kvikk

ON THE GO



ORKAN



5 STAR COLLECTION

SERTA ER OPINBER SAMSTARFSADILI
HILTON WORLDWIDE HÓTELKEDJUNNAR



FEBRÚAR – MÁNUÐUR ELSKENDA

CLASSICO



YORK



LIGNE



MAGNIFIQUE



FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTEL RÚM – HEIM TIL ÞÍN –

Fimm stjörnu Hótel – rúmalínan frá Serta er nú á kynningarverði í Beta Baki auk þess að nótt á Reykjavík Nordica ásamt morgunverði fyrir tvo og aðgangi að Hilton Reykjavík Spa fylgir kaupum á Serta fimm stjörnu hótelrúmi í febrúar – mánuði elskenda.

5 STJÖRNU HÓTEL RÚMIN frá Serta eru framleidd til að fullnægja ytrustu kröfum. Fjadrandi botn gefur 5 svæða heilsudýnni óviðjafnanlega fjöðrun og stuðning, lúxus yfirdýnan lagast að þér og þér líður eins og þú svífir. Velkomin í þitt 5 stjörnu heilsurúm, heima hjá þér – allar nætur – alltaf.

CLASSICO, YORK OG LIGNE eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta. Hún er fimm svæðaskipt pokagormadýna með góðum stuðningi við bak en mýkra gormakerfi á axla- og mjaðmasvæði. Hægt er að velja um tvo stífleika á dýnni eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistíf, úr kaldpressuðum svampi og vinnur vel á móti fjöðruninni í botni og dýnu.

MAGNIFIQUE rúmið er með Serta Royalty Superior heilsudýnu sem sker sig frá Splendid Royal m.a. með því að vera með tvískiptu gormakerfi og aukinni kantstyrkingu.

Áklæðið á rúmunum er slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar einstaklega vel. Það er fánlegt í nokkrum litum sem eru mismunandi eftir rúmgerðum. Hægt er að velja mismunandi fætur og einnig eru fánleg náttborð í stíl.

Verð frá: Classico 160 x 200 cm (botn, fætur, dýna, yfirdýna og gafl)

Kynningarverð: 296.650 kr

Fullt verð: 349.000 kr. (með Hilton Reykjavík Nordica kaupauka 385.000 kr.)



Í FEBRÚAR

fylgir nótt fyrir tvo á Hilton Reykjavík Nordica, ásamt morgunverði og aðgangi að Hilton Reykjavík Spa, kaupum á Serta fimm stjörnu hótelrúmi.

Verðmæti: 36.000 kr.



Hilton
REYKJAVÍK NORDICA

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra
BAK